B

Nr. XXXII Lagt fram í Sakadómi
Reykjavíkur 12/12 1977

G.Br.



GEIRFINNSMÁL

SIGURÐUR ÓTTAR

B

Nr. XXXII Lagt fram í Sakadómi

Reykjavíkur 12/12 1977

G.Br.

GEIRFINNSMÁL

SIGURÐUR ÓTTAR

RANNSÓKNARLÖGREGLA RÍKISINS

13. Nr. XXXII Lagt fram í sakadómi Reykjavíkur 13/12 '77

Mál nr. 3940/77

8776. 1

SKJALASKRÁ

Kærður/Kærðir:

Sigurður Ottar Hreinsson, nemi,
f. 25. marz 1956 í Reykjavík,
nafnnúmer 7871-7602,
Asparteigi 2, Mosfellssveit.

Kæruefni: Rangur framburður.

1.	Kæra saksóknara dagsett 12. 10. 1977.
2.	Skýrsla RLR af Sig. Ó. Hreinssyni dagsett 12. 10. 1977.
3.	Skýrsla RLR af Róberti Árna Hreiðarssyni dags. 12. 10. 1977.
4.	Skýrsla RLR um samprófun Sigurðar Ottars Hreinssonar og Róberts Árna Hreiðarssonar dagsett 12. 10. 1977.
5.	Skýrsla RLR af Joni E. Ragnarssyni hrl. dags. 12. 10. 1977.
6.	Skýrslur RLR af Sig. Ó. Hreinssyni dags. 17. 10. '77 og áfram.
7.	Vottorð Jóns Guðgeirssonar læknis.
8.	Bréf B.S.Í. um gasolíusölu á Umferðarmiðstöðinni.
9.	Úrklippa úr Tímanum þann 6. 10. 1977.
10.	Úrklippa úr Tímanum þann 12. 2. 1977.
11.	Staðfest ljósrit af yfirvinnukorti Ivars Hannessonar.
12.	Staðfest ljósrit af yfirvinnukorti Eggerts N. Bjarnasonar.
13.	Staðfest ljósrit af yfirvinnukorti Sigurb. V. Eggertssonar.
14.	Ljósrit úr dagbók Sigurbjarnar Víðis Eggertssonar.
15.	Ákvörðun RLR um fangelsun.
16.	Endurrit úr Sakadómsbók Reykjavíkur.

17.	Endurrit úr Sakadómsbók Reykjavíkur.
18.	Ákvörðun Sakadóms Reykjavíkur um veru Sigurðar Óttars í fangelsi.
19.	Endurrit af dómi Hæstaréttar um gæsluvarðhald.
20.	Endurrit af dómi Hæstaréttar um úrskurð Sakadóms Reykjavíkur um lögreglurannsókn.

RANNSÓKNARLÖGREGLA RÍKISINS

Efnisyfirlit. 3

	Skjal nr.	Bls. nr.
Kæra ríkissaksóknara	1	1-2
Sigurður Óttar Hreinsson	2	1-5
Róbert Árni Hreiðarsson	3	1-4
Samprófun Róberts Árna og Sigurðar Óttars	4	1-4
Jón E. Ragnarsson	5	1-3
Sigurður Óttar Hreinsson	6	1-8
Rannsókn á lengd skýrslutöku	6	9
Tímasetningar úr dagbók fangelsis	6	10
Hrefna Sigurðardóttir	6	11-12
Laufey Hrefna Einarsdóttir	6	13-14
Erla Eyjólfsdóttir	6	15
Ásgerður Ósk Júlíusdóttir	6	16
Anna Jóna Einarsdóttir	6	17
Sigurbjörn Víðir Eggertsson	6	18-19
Ágúst Jakobsson	6	20-21
Athugun vegna hugsanl. fjarvistarsönnunar S.O.H.	6	22
Haraldur Árnason	6	23
Jón Sigurðsson	6	24
Smári L. Einarsson	6	25
Pétur Guðmundsson	6	26-27
Ingibjörg J. Erlendsdóttir	6	28
Sigurður Óttar Hreinsson	6	29-33
Jóhann Sigurðsson	6	34-35
Jón P. Waltersson	6	36-37
Kristinn Ó. Kristinsson	6	38-39
Jón Otti Jónsson	6	40

Gutenberg 137

RANNSÓKNARLÖGREGLA RÍKISINS

Efnisyfirlit.

4

	Skjal nr.	Bls. nr.
Ingibjörg Þorsteinsdóttir	6	41
Páll Arnór Pálsson	6	42-46
Jón Oddsson	6	47-51
Róbert Árni Hreiðarsson	6	52-61
Auður Gestsdóttir	6	62-64
Guðmundur Valdimarsson	6	65-67
Pétur Eggerz	6	68-69
Sigurður Óttar Hreinsson	6	70-73
Þórður K. Skúlason	6	74
Jón Þ. Haraldsson	6	75-76
Sigurbjörn Vídir Eggertsson	6	77-79
Ívar Hannesson	6	80-81
Eggert H. Bjarnason	6	82
Sigurður Óttar Hreinsson	6	83-87
Sigurður Óttar Hreinsson	6	88-93
Upplýsingaskýrsla um vitni	6	94
Vottorð Jóns Guðgeirssonar, læknis	7	1
Bréf B.S.Í.	8	1-3
Úrklippa úr Tímanum 6. 10. 1977	9	1
Úrklippa úr Tímanum 12. 2. 1977	10	1
Staðfest ljósrit af yfirvinnukorti Ívars Hannessonar .	11	1
Staðfest ljósrit af yfirvinnuk. Eggerts H. Bjarnasonar	12	1
Staðfest ljósrit af yfirvinnuk. Sigurb. V. Eggertssonar	13	1
Ljósrit úr dagbók Sigurbjarnar Vídis Eggertssonar	14	1-2

Gutenberg 137

Efnisyfirlit.

	Skjal nr.	Bls. nr.
Ákvörðun RLR um fangelsun	15	1
Endurrit úr Sakadómsbók Reykjavíkur	16	1-7
Endurrit úr Sakadómsbók Reykjavíkur,(gæsluvarðhald)..	17	1-8
Ákvörðun Sakadóms Reykjavíkur um vern Sigurðar Óttars í fangelsi	18	1-2
Endurrit af dómi Hæstaréttar um gæsluvarðhald	19	1-2
Endurrit af dómi Hæstaréttar um úrskurð Sakadóms Reykjavíkur um lögreglurannsókn	20	1-3

Gutenberg 137

RANNSÓKNARLÖGREGLA RÍKISINS	KÆRA	RLR nr. 594[illegible]/77	Skjal nr.	Bls. nr.
		RKS nr.	1	1.

Mótt. (staður og tími)
Rvík, miðvikud. 12. okt. '77, kl. 13oo

Nr. ..... lagt fram í sakadómi **6**

af (staða, fullt nafn)
Hallvarði Einvarðssyni
rannsóknarlögreglustjóra ríkisins

Nafn kæranda, aldur, heimilisfang, sími

Ríkissaksóknari

Kærður/grunaður, nafn, fæðingardagur og ár, atvinna, vinnustaður, heimilisfang, sími o.fl.

Sigurður Óttar Hreinsson, nemi,
f. 25. marz 1956 í Reykjavík
nafnnúmer 7871 - 76o2
Asparteigi 2, Mosfellssveit.

Efni:

Rangur framburður.

Brot framið: (Dagur, dagsetning, tími)

Vettvangur:

Nánar um kæruefnið, grunaðan/kærðan, vettvang, aðferð, sönnunargögn, verðmæti, tryggingar, vitni, kröfugerð (refsi- og / eða bótakrafa)

Kl. 13.oo kemur Bragi Steinarsson, vararíkissaksóknari til skýrslugjafar hjá RLR og skýrir frá eftirfarandi:

" Kl. 11.15 í morgun hringdi dómsforseti Gunnlaugur Briem til hans og skýrði honum frá því, að kl. lo.3o í morgun hafi komið á skrifstofu sína Jón Oddsson, hrl., og greint þá frá eftirfarandi: " Jón Oddsson og Páll A. Pálsson, hdl., voru s.l. mánudag þ. lo. þ.m. kvaddir á lögfræðiskrifstofu Róberts Árna Hreiðarssonar og þar var þá staddur Sigurður Óttar Hreinsson. Þeir hefðu þar rætt við Sigurð Óttar í u.þ.b. 2 klst., frá því um kl. 17 - 19 og ræddu um þátt hans í Geirfinnsmáli. Sigurður Óttar hafi í þessu samtali sagt, að hann hafi aldrei farið til Keflavíkur umrætt sinn. Framburð sinn hafi hann gefið vegna hótana um gæzluvarðhald og annara ógnana, m.a. hefði Örn Höskuldsson verið með herðatré á lofti fyrir framan sig.

7706 5000x4 Gutenberg

7

Það hafi einnig komið fram, að Sigurður Óttar hefði þegar í desember s.l. verið búinn að segja Róbert Hreiðari frá þessu. Afturköllun Sigurðar Óttars á framburðinum hafi í gær legið fyrir í bréfi á skrifstofu Róberts Árna, en þegar til kom, hafði Sigurður Óttar, að sögn Róberts Árna, neitað að skrifa undir þetta og borið því við, að kærasta sín hefði bannað sér að gera það."

Komið hafi í ljós, að Jón Oddsson hafi í gærkveldi hringt í Harald Henrysson og greint honum frá sömu sögu. Ennfremur sé þess að geta, að Benedikt Blöndal, hrl., hafi í gær spurt sig um, hvort komið væri bréf frá Jóni Oddssyni e-ð þetta varðandi og þá talið, að það mundi vera væntanlegt.

Að höfðu samráði dómaranna þriggja í morgun, hafi verið ákveðið, að dómsformaður skýrði sækjand málsins frá því er fram hefði komið og að framan greinir.

Upplesið, staðfest.

Bragi Steinarsson

Hallvarður Einvarðsson,
rannsóknarlögreglustjóri ríkisins

Vottur:

Gutenberg 137

RANNSÓKNARLÖGREGLA RÍKISINS	SKÝRSLA	RLR nr. [illegible]/77	Skjal nr.	Bls. nr.
		RKS nr.	2	1

Staður og stund: Reykjavík 12.10.1977 kl.14,15.

Gerð af: Ívari Hannessyni lögreglufulltr.

Nr. lagt fram í sakadómi 8

Grunaður.

Miðvikudaginn 12.10.1977,kl.14,15 er mættur á skrifstofu RLR,Sigurður Óttar Hreinsson nemi í bílasmíði f.25.3.1956 í Reykjavík, tilh.Asparteigi 2 Mosfellssveit sími 66416 vinnur í Bílasmiðjunni Kyndli sími 35051. Mætta er birt tilefni skýrslutökunnar og vísast til skýrslu Braga Steinarssonar vararíkissaksóknara,dags.í dag.
Mætti skýrir svo frá,áminntur um sannsögli:

"Ég vil byrja skýrslu mína á því,að greina hér frá því,að í vetur er ég var fyrst yfirheyrður vegna hvarfs Geirfinns Einarssonar þá var ég þvingaður af rannsóknarmönnum til að greina frá aðild í því máli,þrátt fyrir að svo hafi þó ekki verið. Fyrsta skýrsla mín dags.13.des.1976 er sú rétta í málinu,en aðrar skýrslur bæði hjá rannsóknarmönnum og eins fyrir dómi,eru rangar."

Þegar hér var komið í skýrslutöku þótti rétt að vekja athygli Sigurðar Óttars Hreinssonar á 1.mgr.40.gr.laga um meðferð opinberra mála og í framhaldi af því er mætti alvarlega áminntur um sannsögli:

"Það sem ég hér sagði í ofanskráðu er rétt. Ég greindi rétt frá í fyrstu skýrslu minni,en í öðrum skýrslum og fyrir dómi er rangt eftir mér haft. Ég hafi verið lengi í yfirheyrslu hjá rannsóknarmönnum er ég fyrst var tekinn og var í geymslu eina nótt og eftir það er síðari skýrslur voru skráðar eftir mér,þá var mér hótað gæzluvarðhaldi,ef ekki kæmi réttur framburður frá mér. Rannsóknarmenn voru þá búnir að leiða mig inn í málið og ég skáldaði,eða glósaði í eyðurnar.
Er ég ætlaði að halda mig við fyrstu skýrslu mína,var mér ávalt borið á brýn,að ég segði ósatt og af ótta við lögreglumennina og við gæsluvarðhald,þá tók ég til þess ráðs,að skálda

7706 5000x3 Gutenberg

í eyðurnar. Ég vil því greina hér frá því,að ég hefi aldrei ekið sendiferðabifreið til Keflavíkur,hvorki þann 19.nóv.1974, né nokkru sinni áður eða eftir þann tíma.

Ég þekki Kristján Viðar Viðarsson frá barnæsku,en við erum systra synir. Sævar Marinó Ciesielski þekkti ég í gegn um Kristján og eins Erlu Bolladóttur.

Ég greindi frá því á sínum tíma,að sendiferðabifreiðina,sem um getur,gat ég fengið að láni,ef bifreiðin var ekki í notkun og einnig vil ég geta þess,að ég ná um viðgerðir á bifreiðinni og stend ég við þann framburð minn enn þann dag í dag.

Ég er viss um að hvorki Kristján,né nokkur annað,bað mig að útvega bifreið til Keflavíkurferðar og ég kom aldrei á Vatnsstíg hér í Reykjavík að kvöldi 19.nóv.1974 til þess að fara þaðan til Keflavíkur. Ég vil geta þess hér,að á þeim tíma vissi ég ekki hvar Vatnsstígur var.

Ég vissi hinsvegar hvar Laugavegur 32 var og hafði komið þangað líklega tvívegis. Ég kom þar aldrei að kvöldi til og aðspurður um það hvort ég hafi komið á Laugaveg 32 þann 19. nóv.1974,get ég ekkert fullyrt um,en þykir það þó ólíklegt.

Mér var sleppt úr Síðumúlafangelsi um miðnætti þann 14.des. 1976 og morguninn eftir fór ég á fund Róberts Árna Hreiðarssonar lögfræðings,sem þá var með aðsetur í Túngötu 5,hér í borg.

Ég greindi honum þá frá því,að"ég hafi verið látinn játa þessa ferð til Keflavíkur þann 19.nóv.1974,sem ég hefði aldrei farið". Ég leitaði ráða hjá Róbert í þessu sambandi og lét hann vita af því hverskonar meðferð ég hefði fengið.

Hans ráð voru,að ég leiðrétti þetta þegar í stað,en ég vildi ekki að svo yrði gert strax,bæði vegna þess efa,sem ég var í,hvort ég kynni að hafa farið ferðina og eins vegna ótta við lögregluna.

Það var svo í febrúar í vetur,að fjölmiðlar greindu frá nafni mínu í sambandi við mál þetta. Þá fór ég til Róberts Árna að nýju og bað hann um að taka málið upp fyrir mig og í framhandi af því,þá skrifaði hann dagblöðunum leiðréttingargrein,sem birt var í öllum dagblöðum. Þá endurtók ég við Róbert Árna,að ég hefði aldrei farið ferðina til Keflavíkur,né vissi nokkuð um málið. Ég bað hann ekki um að leiðrétta,það atriði í skýrslum mínum,að ég hefði ekki farið til Keflavíkur,

heldur það að ég væri ekkert viðriðinn þetta fólk,sem greint var frá í sambandi við málið.

Ég hafði síðan ekki samband við Róbert Árna vegna máls þessa,en einhverntíma tvívegis gerði ég við bifreið hans og var það annaðhvort eftir,eða áður,en ég gaf skýrslu fyrir dómi þann 25.maí s.l. Vegna þess þinghalds hafði ég ekkert samband við Róbert Árna,hvorki í sambandi við boðun til þess, né eftir að þinghaldið fór fram.

Í þinghaldinu þá,þá staðfesti ég skýrslur mínar fyrir dóminum og rengdi þar ekkert. Ég var ekki beittur neinum þvingunum í dóminum. Ég var spurður þar spurninga varðandi skýrslurnar og síðan voru skýrslurnar lesnar í leild á eftir og ég staðfesti spurningarnar,sem fyrir mig höfðu verið lagðar og skýrslurnar síðan í heild.

Ég var þá í sama efanum og hjá Róberti Árna,að ég taldi mig ekki vissan um,að hafa farið ferðina og þorði ekki að leiðrétta vegna hræðslu við lögregluna.

Ég fann þá,að ég var ekki nægjamlega ákveðinn til að segja það rétta í málinu. Mér hafði fyrir þinghaldið,verið gerð ljós skylda mín og refsiábyrgð.

Eftir þinghaldið og síðan,hefi ég haft af þessu mikla eftirþanka. Ég ræddi þetta við mína nánustu og eins við vinnuveitanda minn Kristinn Ó Kristinsson og eins við vinnufélagana og ég hefi ávalt haldið því fram við fólk mitt og við vinnufélagana,að ég hefði aldrei farið Keflavíkurferðina.

Það var svo í s.l.viku,eftir að munnlegur málflutningur hófst í Guðmundar og Geirfinnsmálum og fjölmiðlar byrjuðu að skrifa og greina frá málinu,að ég fór til Róberts Árna.

Ég ræddi þá við hann aftur og óskaði þá eftir því,að hann hefði samband við fjölmiðla og leitaðist til um,að nafn mitt yrði ekki birt í sambandi við frásagnir af málinu og einnig að ég vildi afturkalla fyrri framburði mína,bæði hjá rannsóknarmönnum og eins vitnisburð minn fyrir dómi. Ég óskaði eftir því,að hann skrifaði fyrir mig bréf og fór ég til hans eftir vinnu í gær,eða um kl.18,30. Þá var hann ekki búinn að skrifa fyrir mig bréfið,en áður hafði ég óskað eftir því,að hann gerði þetta fyrir mig. Ég hafði áður hitt hann síðdegis á mánudeginum s.l. vegna sama erindis.

Gutenberg 137

11

Hann hafði hringt í mig í vinnuna þann dag og spurði þá hvort ég hefði lesið greinina,sem hann hefði skrifað í Tímann í s.l.viku,en ég svaraði því neitandi og sagði hann mér þá að koma um kl.16,00,sem ég síðan gerði.

Þegar þangað kom,ræddum við efni málsins og ég greindi honum þá frá því,"að ég væri að því kominn að ég vildi"leiðrétta framburði mína í sambandi við Geirfinnsmálið.

Við ræddum þetta eitthvað frekar og töluðum um málið og Róbert Árni hafði samband við Pál A.Pálsson lögfræðing og Jón Oddsson lögfræðing. Hann hringdi eitt símtal og talaði um að þeir kæmu eftir 15 mínútur og mér fannst á samtalinu, að hinir lögmennirnir væru báðir á sama stað.

Hann bað þá um að koma til okkar á skrifstofuna,sem þeir síðan gerðu eftir um 30 mínútur.

Þeir Páll og Jón spurðu mig síðan um málið og ég greindi þeim frá öllu,eins og ég hér hefi skýrt frá.

Ég endurtók hjá þeim,að ég hefði ekki farið Keflavíkurferðina og endurtók að ég hefði verið beittur þvingunum af rannsóknarmönnunum.

Þeir Páll og Jón fóru við svo búið og þökkuðu mér fyrir samræðurnar. Eftir það var ég nokkurn tíma hjá Róbert og bréfið var þá óskrifað og það var svo ekki fyrr en í gær,sem ég varð ákveðinn og bað um að bréfið yrði skrifað.

Þegar ég kom til Róberts í gær þá var eiginkona mín Hrefna Sigurðardóttir með mér og heyrði samtal okkar og Róbert greindi henni frá málavöxtum. Afstaða hennar í málinu var sú,að það rétta ætti að koma fram og hún var mér vitanlega ekki mótfallin því,að ég gerði upp sakir mínar í málinu.

Síðan hefi ég ekki hitt Róbert Árna,en í morgum þá hringdi hann í mig á vinnustað og sagði,að hann væri ekki búinn að skrifa bréfið,en það yrði væntanlega gert í dag,eða þá á morgun."

Er skýrslutaka hófst þá neitaði Sigurður Ótttar að tjá sig nokkuð,nema að viðstöddum Róbert Árna Hreiðarssyni lögmanni sínum og er ekki var hægt að koma því við,að Róbert yrði viðstaddur,var haft samband við Sigurð Georgsson hdl.og var það að ósk Sigurðar Ótttars.

Sigurður Georgsson hdl.var síðan viðstaddur yfirheyrsluna,

712

ásamt Braga Steinarssyni vara ríkissaksóknara.

Þá voru og viðstaddir Hallvarður Einvarðsson rannsóknarlögreglustjóri og Halldór Sigurðsson rannsóknarlögreglum.

Að ósk Sigurðar Georgssonar hdl.var mættum bent á 91.gr. laga um meðferð opinberra mála og sagist mætti vita efni þeirrar greinar og gera sér hana ljósa.

Skýrslutöku lauk kl.17,00.

Vottar:

Halldór Sigurðsson
rannsóknarlögreglum.

Hallvarður Einvarðsson
rannsóknarlögreglustj.

Upplesið staðfest,

Sigurður Óttar Hreinsson.

Sigurður Georgsson hdl.

Ívar Hannesson
lögreglufulltr.

RANNSÓKNARLÖGREGLA RÍKISINS	SKÝRSLA	RLR nr. 211-77	Skjal nr.	Bls. nr.
		RKS nr.	3	1.

Staður og stund: Borgartún 7-12-1o-1977.

Gerð af: Niröi Snæhólm.

Nr. lagt fram í sakadómi 13

Vitni.

Mættur er í skrifstofu rannsóknarlögreglunnar sem vitni, Róbert Árni Hreiðarsson, cand. juris, tilh. Rjúpufelli 22, sími 73962, f. 16-5-1946. Hallvarður Einvarðsson, rannsóknarlögreglustjóri ríkisins, hefur kynnt mætta tilefni yfirheyrslunnar.

Mætti skýrir í þessu sambandi svo frá áminntur um sannsögli:

Sigurður Óttar Hreinsson, hefur stundum leitað lögfræðiaðstoðar hjá mér í sambandi við að hann blandaðist inn í svokallað Geirfinnsmál.

Í desember á sl. ári, eftir yfirheyrslur hjá rannsóknarlögreglunni, kom Sigurður að máli við mig og sagði mér frá yfirheyrslunum og óskaði leiðbeininga í því sambandi. Síðan fyrir nokkrum dögum, kom Sigurður til mín aftur og bað mig þá um að kanna réttarstöðu sína í þessu máli, þar sem farnar væru að renna á hann tvær grímur, varðandi atvikalýsingu þá er fram kom hjá honum fyrir dómi, á s.l. vori. Eg vissi ekki þá að Sigurður hafði unnið eið að framburði sínum fyrir dómi. Þar sem eg hafði engin málskjöl í höndum og vissi ekki annað um málið en það sem eg hafði lesið í blöðum, hafði eg samband við Pál Arnór Pálsson, um frekari upplýsingar varðandi málið. Hann hafði síðan samband við Jón Oddsson, og svo komu þeir til viðræls við mig á skrifstofu mína, en það var í fyrradag, og þá fór eg að afla mér upplýsinga hjá þeim um þetta mál.

Sigurður Óttar mætti einnig þarna og við

7706 5000-3 Gutenberg

ræddum þá um málið og meðferð þess á frumstigi rannsóknar, og þá fékk eg að vita að Sigurður hafði unnið eið að framburði sínum fyrir dómi.

Þetta átti bara að vera könnun á því hvort eitthvað væri hægt að gera fyrir Sigurð í máli þessu. Sigurður sagði ekkert um það að hann hefði gefið rangan framburð fyrir dómi. Hann sagði bara að það væru runnar á sig tvær grímur og að þetta væri bara eins og draumur fyrir sér, og því bað hann mig um að kanna sína réttarstöðu í máli þessu. Sigurður var ekki búinn að gefa mér neina skýrslu í þessu sambandi og því ekkert búið að skrifa í sambandi við það.

Þessi upplýsinga öflun átti að vera algert trúnaðarmál milli lögmannanna, mín og Sigurðar, þar sem þarna var aðeins um könnun að ræða.

Svo skeði það að í gær hringdi til mín fréttaritari frá Morgunblaðinu og fór að spyrja mig um hvort eitthvert skjal væri á leiðinni til dómsins um þetta mál, en eg harðneitaði því og mér kom það mjög á óvart að þetta skyldi hafa lekið út til fréttamanns. Einnig neitaði eg því að eitthvað væri væntanlegt í þessu sambandi, enda engin ákvörðun tekin af Sigurði Óttari í þessu efni.

Í sambandi við spurningar frá Braga Steinarssyni, vara ríkissaksóknara, skýrir Róbert frá því, að Sigurður Óttar hafi sagt við sig, að hann, þ.e. Sigurður, tryði því ekki að hann hefði farið umrædda ferð í Dráttarbrautina í Keflavík .

Róbert harðneitar því að nokkuð skrásett hafi legið fyrir á fundinum í fyrradag, þ.e. viðræðunum með Jóni Oddssyni og Páli A. Pálssyni, ásamt Sigurði Óttari.

Róbert er nú bent á, að Jón Oddsson, hrl. hafi tjáð

15

tveimur dómurum málsins,að á skrifstofu hans,hafi legið frammi s.l. mánudag, skrifleg afturköllun Sigurðar Óttars Hreinssonar,í óundirrituðu bréfi,um það að Sigurður Óttar hafi aldrei farið ferðina til Keflavíkur.

Róbert Árni lýsir því yfir að þetta sé ósatt og að slíkt bréf hafi aldrei verið skrifað.

Honum er ennþá bent á þá staðhæfingu Jóns Oddssonar við tvo dómara málsins,að Róbert Árni hafi sagt í gær, að Sigurður Óttar neiti að skrifa undir bréfið,og beri því við að kærasta sín,hafi bannað sér að gera það.

Róbert Árni ýsir því yfir að þetta sé alger staðleysa,og að hann hafi ekki rætt við Jón Oddsson í gær. Rónert er á það bent að þessi staðhæfing hafi tilkomið í gær, að Sigurður hafi neitað að skrifa undir bréfið,vegna þess að kærasta hans neiti honum um að gera það.

Róbert tekur fram í þessu sambandi og ítrekar það, að eingöngu hafi verio um að ræða,könnun á málinu,þ.e. á réttarstöðu Sigurðar í málinu, Hann tekur það fram,að þeð sé ósk eiginkonu Sigurðar,að hið sanna komi fram í málinu og að hún hafi sér vitandi,ekki neitað Sigurði um að undirskrifa eitt eða neitt í þessu sambandi.

Aðspurður hvenær ætlunin hafi verið af hans hálfu, að ganga frá bréfi fyrir Sigurð Óttar,varðandi þetta, segir Róbert. Ákveðrum í málinu lá alls ekki fyrir,þar sem málið var á könnunarstigi af minni hálfu.

Þá er Róbert Árni spurður um það,hvort og þá hverju hann hafi lofaði Sigurði Óttari Hreinssyni,um frágang á því bréfi. Róbert segir að hugmyndin um bréf [illegible] til dómsins,um þann vafa á fyrrii framburði,sem fram kom hjá.

16

Sigurði Óttari í viðræðum á x hafi komið frá Jóni Oddssyni, og hafi Jón Oddsson, beint þeim tilmælum til sín, að hann ritaði dóminum um þetta mál, þar sem ég hafði ekki tekið ákvörðun í þessu máli, hvað Sigurð Óttar varðar, enda málið á könnunar og viðræðustigi, taldi eg mig ekki reiðubúinn að senda slíkt bréf, enda óvíst hvort eitthvað frekar yrði aðhafst í málinu.

Eg vil lýsa því yfir að Sigurður Óttar Hreinsson, faldi mér ákvörðunarvald í þessu máli, og það að kanna hvort hann gæti komið að efasemdum sínum til dómsins.

Í morgun hafði eg samband við Jón E. Ragnarsson, hrl. sem eg vinn hjá sem fulltrúi, og bar undir hann þau efnisatriði sem áður eru framkomin varðandi Sigurð Óttar, og töldum við þar sem mál þetta er viðkvæmt og vand með farið, að hyggja yrði vel að því sem gert yrði. Jón E. Ragnarsson, var ekki viðstaddur umræður s.l. mánudag, en um þetta er hann spurður af vara ríkissaksóknara.

Viðræðurnar fóru fram á Laugavegi 33, þar sem eg er með fasteignaskrifstofu og það var um kl. 1800, eða viðræðurnar milli Páls, Jóns, Sigurðar og mín. Viðræður okkar Jóns fóru fram á heimili hans í morgun, og hugðist hann kynna sér málið.

Mætti hefur sjálfur lesið skýrslu þessa og játar hana rétta.

Róbert Árni Hreiðarsson.

N. Snæhólm.

17

Samprófun.

Þá mætir Sigurður Óttar Hreinsson, kl. 18o2, en fyrir er Róbert Árni Hreiðarsson, cand. juris. Rætt er nú við þá í sameiningu.

Róbert Árna er kynnt það úr framburði Sigurðar Óttars, þar sem Sigurður Óttar skýrir frá því að hann hafi hinn 15. desember, morgunin eftir að hann losnaði úr Síðumúlafangelsinu, farið á skrifstofu Róberts Árna, og greint honum frá að" hann hafi verið látinn játa þessa ferð til Keflavíkur þann 19. nóvember 1974, sem hann hefði aldrei farið". og leitað ráða hjá Róbert í því sambandi, svo og um það hverskonar meðferð hann hefði fengið.

Róbert segir að sér sé mjög minnistætt, þegar Sigurður Óttar kom til hans á skrifstofuna umræddan dag, þar sem Sigurður Óttar, var í miklum hugaræsingi og uppnámi, vegna þeirra yfirheyrslna, er hann hafði verið látinn undirgangast af hálfu rannsóknarlögreglunnar. Lýsti Óttar fyrir honum ~~strfx~~ skýrt, að hann hefði, er hann var færður til yfirheyrslu, án vitundar í upphafi, hvers eðlis og hversvegna hann væri kallaður fyrir lögreglu. Óttar sagðist hafa gefið þrjár skýrslur fyrir lögreglu og sagðist hann hafa gefið fyrstu skýrsluna, samkvæmt beztu samvisku. Morgunin eftir og allan næsta dag fram á kvöld, var Óttar að sögn, í stöðugum yfirheyrslum og þar hafi honum m.a. verið kynnt efnisatriði úr skýrslum vitna og sakborninga um atriði, sem hann varðaði. Sagðist Óttar að lokum, vera farinn að efast um trúverðugleika, sinnar fyrstu skýrslu og byrjað að trúa þeirri atvikalýsingu, sem honum var kynnt og hann látinn fallast á. Minnist eg þess að Óttar hafi sagt, að ef hann kannaðist ekki við þetta atvikalýsingu strax, þá yrði hann úrskurðaður í allt að 3o daga varðh.

Sigurður Óttar Hreinsson
Lig. Leiðrétt

Gutenberg 137

18

Spurði eg Óttar gagngert,hvort hann hafi farið umrædda ferð til Keflavíkur,og man eg orðrétt svar hans."Hann sagðist ekki gera sér grein fyrir því,eftir yfirheyrslunaar, hvað væri raunveruleiki og hvað ekki og sagði hann að þetta væri allt sem vondur draumur. Gæti hann ekki gert sér ljósa grein fyrir atburðarásinni og þætti sínum í henni".

Spurði eg Óttar hvort hann vildi að eg hlutaðist til um að skýrslur þessar yrðu afturkallaðar,en hann hvað nei við,þar sem hann væri það ruglaður í málinu,að hann gerði sér ekki grein fyrir stöðunni.

~~Sigurður~~ Þá er Róbert Árna kynnt það úr framburði Sigurðar ~~Róberts~~ Óttars,að hann hafði í febrúar s.l. "endurtekið við hann,þ.e. Róbert, að sjálfur hefði hann ~~sjálfur~~ aldrei farið ferðina til Keflavíkur,né vissi nokkuð um málið".

Róbert svarar þessu. Í febrúar óskaði Sigurður Óttar eftir því,að leiðréttar yrðu villandi og í ýmsum tilvikum rangar fréttir í fjölmiðlum,um tengsl hans "og hlutdeild í Geirfinnsmálinu". Kom eg leiðréttingum þessum til fjölmiðla, og áréttaði jafnframt ábyrgð þeirra í fréttaflutningi í málum, sem þessum,og þá meðal annars í tilliti til nafnbirtingar.

~~EXXXXX~~ Aðspurður um það en,hvort Sigurður Óttar hafi verið með í þessarri för og um önnur tengsl hans við málið,svaraði Sigurður því til,og man eg það glöggt,að fyrir honum væri þetta allt sem vondur draumur,og ætti hann erfitt með að trúa, að hann hefði nokkru sinni farið í þessa ferð. Vitnaði hann m.a. í það,sem hann sagði mér í desember,að fyrir þær yfirheyrslur hefði hann aldrei ætlað sig,tengdan málinu,né haft

19

hugmynd um það.

Í þriðja lagi er Róbert Árna, tilkynnt~~ur~~ það úr framburði Sigurðar ~~Ó~~ttars, að hann, þ.e. Sigurður Óttar" hafi endurtekið hjá þeim, (á fundinum á mánudag) að hann hefði ekki farið Keflavíkurferðina, og endurtekið að hann hefði verið beittur þvingunum af rannsóknarmönnunum.

Svar:

Sigurður Óttar lýsti þá sem áður, þeim aðferðum sem hafðar voru við rannsóknina, m.a. um leiðandi spurningar og tilvitnanir í gögn, sem leiddu til þess, að hann trúði ekki lengur eigin dómgreind, og játaði þá atvikalýsingu, sem ætlast var til, enda honum tjáð að ef hann kannaðist ekki við atvikalýsingu nú, yrði hann úrskurðaður í 3o daga varðhald og hann fenginn til að kannast við fyrirlagða atburðarás, fyrr eða seinna.

Sigurður Óttar ítrekaði, að hann tryði því ekki að hann hefði nokkrusinni farið þessa ferð.

Aðspurður segir Róbert Árni, að Sigurður Óttar, hafi ekki haf~~ð~~ samráð við sig, er Sigurður gaf skýrslu fyrir dómi í maí s.l. Aðspurður sagðist Sigurður Óttar, ekki hafa gert sér grein fyrir því, er hann var kallaður fyrir í mai, að hann væri fyrir dómi. Að þessu spurði eg Sigurð í s.l. viku.

Sigurður Óttar, segir aðspurður, að hann hafi gert sér fulla grein fyrir því, er hann var hvaddur til skýrslugjafar þann 25.maí s.l. að þá hafi það verið fyrir Sakadómi Reykjavíkur Hann segir aðspurður, að hann geri sér litla grein fyrir mismun á yfirheyrslum fyrir lögreglu og dómi.

Sigurður segir aðspurður, í sambandi við fundinn hjá Róbert Árna, ~~að það hafi verið ákveðið að þe~~

Sigurður Ottar Ingimarsson
Sig. Georgsson.

20

ákveðið
hafi verið/í gærkvöldi milli hans og Róberts, að Róbert skrifaði dóminum bréf, sem yrði komið á framfæri við Sakadóm Reykjavíkur í dag, til að leiðrétta mál sitt.

Róbert, segir að hugmyndin um bréf sent dominum, um þann vafa sem ríkti í huga Sigurðar um fyrri skýrslugerðir, hafi verið komin frá Jóni Oddssyni. Sigurður Óttar hafði lagt í mitt vald að ákveða, um hvað aðhafst yrði í málinu og óskað ráðleggginga af minni hálfu. Hann hafi tekið hugmyndina um að skrifa bréf, til íhugunar og sagst myndi kanna málið til hlýtar, hvernig bezt væri að haga til þessum málum, því bezt væri að vanda sem bezt til þessarra hluta, og yrði ákvörðun af minni hálfu um þetta atriði, tekin síðar og þá í framhaldi af því ráðleggingarnar og hvernig hægt væri að nálgast dóminn, ef ~~ákxx~~ Sigurður vildi koma einhverjum leiðréttingum til dómsins. Róbert segir, að ef rita ætti dóminum bréf, þá yrði það lagt fyrir Sigurð fyrst, til samþykkis.

~~Xfixhaxyrsixxlaxkxkixix93xx~~.

Vara ríkissaksóknari getur þess að hann hafi ekki verið viðstaddur skýrslutöku af Róbert Árna í upphafi, og viti því ekki hvort hann hafi verið tekinn fyrir sem kærður, eða vitni, en Roðert Árni hveður Hallvarð Einvarðsson, svarað spurningu sinni um þetta efni, að hann væri yfirheyrður, sem vitni.

~~Róbxrx~~ Sigurður Georgsson, hdl. var viðstaddur yfirheyrslur.

Aðaspurður af Róbert Árna Hreiðarssyni, tekur Sigurður Óttar fra, að hann óski eftir að Cand. juris, Róbert Árni Hreiðarsson, fari með mál hans, sem ftr. Jóns R. Ragnarssonar.

Upplesið, játað rétt kl. 1945.

Sigurður Georgsson

RANNSÓKNARLÖGREGLA RÍKISINS	SKÝRSLA	RLR nr. 314 /77	Skjal nr.	Bls. nr.
		RKS nr.	5	1
Staður og stund: Reykjavík, 12.10.77 kl. 23.30		Nr. ..... lagt fram í sakadómi	21	
Gerð af: Helga Daníelssyni, lögreglufulltr.				

Vitni.

Þá er mættur í máli þessu í skrifstofu RLR, Jón E. Ragnarsson, hæstaréttarlögmaður, f. 24þ12.36 í Reykjavík til heimilis að Kvisthaga 11 hér í borg.
Mætta hefur verið kynnt tilefni yfirheyrslunnar og hann áminntur um sannsögli:

Mættur er beðinn, að gera grein fyrir afskiptum sínum af máli Sigurðar Óttars Hreimssonar:

"Ég hef ekki heyrst af neinu slíku máli fyrr en í morgun tæplega kl. 11.00 á heimili mínu, þegar Róbert Árni Hreiðarsson kom þangað, en hafði áður boðað að hann þyrfti að koma skömmu áður til þess að bera undir mig "erfitt mál" án frekari skýringa, en hann hafði sótt þing í bæjarþingi Reykjavíkur í máli, sem ég fer með hjá Guðmundi Jónssyni borgardómara, "Málið Jóhannes Ólafsson gegn Jörundi Bjarnasyni" en það mun hafa verið tekið fyrir kl. 09.30. Um þetta leiti hringdi í mig á heimili mínu, Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrlr., vegna samninga, sem við áttum í um deilumál Vængja hf. og félags ísl. atvinnuflugmanna. Var það vegna breytinga á samningi, sem gerður var síðar um hádegisbilið. Engar frekari viðræður voru á milli okkar, nema um þetta mál og venjulegar kunningjakveðjur, enda mér þá mál þetta ókunnugt. Um það bil 10. mín. síðar kemur svo Róbert Árni og færir mér tvær mála möppur, sem ég afhendi hér og hann kveður fengnar hjá Páli A. Pálssyni hdl. Kvaðst hann vilja ráðfæra sig við mig um mjög erfitt mál, sem væri varðandi mann, sem komið hefði fyrir dóm í svokölluðu Geirfinnsmáli. Hefði maður þessi fyrst haft samband við sig í des. s.l. og teldi hann nú, að maður þessi væri mjög miður sín vegna framburðar síns í málinu.

Bað hann mig um að lesa þessi skjöl í gegn með hliðsjón af réttarstöðu mannsins t.d. hvað varðaði ábyrgð hans að lögum um rangan framburð. Tók ég við möppunum, las þær mjög snögglega yfir, ánn þess að gera mér neina heildarmynd af stöðunni, en ég tek fram, að ég hef aldrei heyrt á þennan mann minnst áður né framburð hans og minnist ekki einu sinni nafns hans af lestri blaðaskrifa um Geirfinnsmálið.

RER

22

Það var hugmynd mín, að lesa þessi skjöl niður í kjölinn og áður en xxx ég léti uppi nokkurt álit, að tala við mann þennan einslega til þess að gera mér grein fyrir persónugerð hans og trúverðugleika á því, sem hann segði.

Ég hef síðan verið mjög önnum kafinn í allan dag og ekki mótað mér neinar skoðanir á þessu máli og ekki ákveðið neitt sérstakt framhald á því, hvað tímasetningar varðar.

Það næsta sem ég heyri af þessu máli, er það að Róbert Árni hringir til mín á heimili mínu c.a. kl. 20.30 og segir mér frá yfirheyrslum, sem yfir honum hafi verið haldnar í dag.

Það var ákveðið að hann kæmi heim til mín til að gera mér frekari grein fyrir þessu máli. Í millitíðinni hAfði ég símasamband við Gunnlaug Briem sakadómara, Hallvarð Einarsson rannsóknarlögreglustjóra, Pál Arnór Pálsson hdl. og Sigurð Georgsson hdl. til þess að afla mér upplýsinga um það hvað væri að ske og kom lítið fram í þeim samtölum. Það sem ég spurði Sigurð Georgsson um sérstaklega, var það hvort hann væri skipaður réttargæslumaður Sigurðar Óttars Hreinssonar, en Róbert Árni, sem þá var kominn heim til mín taldi sig vera skipaðan réttargæslumann hans fyrir mína hönd.

Páll Arnór kom skömmu síðar til þess að xxxxxxxx sækja möppur þær tvær, sem ég hafði undir höndum og var það að ósk minni. En á meðam hringdi Þórir Oddsson og kvaddi mig til skýrslugjafar hér og taldi ég þá rétt að hafa möppurnar með mér til þess að afhenda Þóri Oddssyni, sem ég geri hér með.

Í möppur þessar er ritað á nokkrum stöðum með blýanti, sem var hugsað mér til fróðleiks meðan ég las skjölin og er það gert af mér.

Þegar við Róbert Árni fórum stuttlega yfir skjöl þessi í morgun "ritaði ég þetta"½

Í rannsóknarskjölum bls. 926 til 1306 hef ég skrifað á bls. 962: skýrsla 1., bls. 964: skýrsla 2., bls. 971, skýrsla 3.

Í dómskýrslueintakinu hef ég skrifað á forsíðu með blýanti á sama hátt, bls. 57 til 64. Annað get ég ekki upplýst í máli þessu.

Ég tek sérstaklega fram, að ég hef aldrei tekið þátt í

neinum fundum neinna aðila um mál þetta og get varla sagt, að ég þekki málavöxtu, nema af blaðaskrifum, umfram það sem ég las í gögnum þeim, sem ég skila hér.

Ég tek sérstaklega fram, að í samtali mínu við Gunnlaug Briem sakadómara áður í kvöld komst ég þannig að orði, að ég hefði hugsað mér " að yfirheyra " Sigurð Óttar áður en ég gæti myndað mér skoðun á málinu. Spurði Gunnlaugur þá strax hvort ég hefði leyfi til að yfirheyra vitni, eða eitthvað á þá leið. Ég leiðrétti þá þetta þá þegar við Gunnlaug, í símtalinu, að það sem ég ætti við væri það, að hitta Sigurð Óttar einan að máli= og spyrja hann útúr og reyna að gera mér grein fyrir persónuleika hans og framburði hans sjálfstætt áður en ég léti uppi lögfræðilegt álit um það hvað honum bæri að gera í þessu máli.

Ég tek það fram, að ég hef ekkert samabnd haft við Sigurð Óttar og ekki ennþá myndað mér neina skoðun á því í hverju mínar lögfræðilegur ráðleggingar yrðu fólgnar.

Aðspurður vil ég svara því til, að mér er ekki áður eða nú, kunnugt um neinskonar fundi eða bréf varðandi mál þetta og ítreka aðspurður, að það fyrsta sem ég heyri um mál þetta var í morgun á áðurgreindum tíma."

Upplesið-Staðfest

Jón E. Ragnarsson

Helgi Daníelsson,
lögregluf[illegible]r.

Viðstaddir yfirheyrsluna voru: Þórir Oddsson, deildarstjóri RLR, Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari og Róbert Árni Hreiðarsson cand jur.

RANNSÓKNARLÖGREGLA RÍKISINS	SKÝRSLA	RLR nr. /77	Skjal nr.	Bls. nr.
		RKS nr.	6	1

Staður og stund:
Reykjavík 17. 10. 1977 kl. 13:10

Nr. ..... lagt fram í sakadómi 24

Gerð af:
Grétari Sæmundssyni, lögreglumanni.

Grunaður.

Þá er komið með á skrifstofu RLR úr Fangelsinu í Síðumúla Sigurð Óttar Hreinsson, núverandi gæslufanga, til heimilis að Asparteigi 2, Mosfellssveit, fæddan 25. 3. 1956 í Reykjavík, nnr. 7871-7602.

Honum er kunnugt tilefni yfirheyrslunnar, en hann er grunaður um að hafa lagt eið að röngum framburði fyrir dómi.

Gætt er ákvæða 1. mgr. 4o. gr. laga um meðferð opinberra mála. Áminntur um sannsögli er mætti spurður spurninga og svarar þeim á eftirfarandi hátt:

1. Nú liggur fyrir, að mætti telur sig ekki hafa ekið sendibifreið til Keflavíkur að kvöldi þess 19. 11. 1974. Getur mætti skýrt frá hvar hann var staddur umrætt kvöld og þá jafnframt bent á einhvern, sem gæti staðfest það?

Svar: "Ég get ekki fullyrt þetta atriði. Ég man ekki fyrir víst hvar ég var staddur þetta kvöld, en ég tel að hugsanlega geti ég hafa verið hjá stúlku sem heitir Inga og bjó í bakhúsi við Grettisgötu í svokölluðu Hansaporti, eða þá að ég hafi verið heima hjá Guðmundi Magnússyni, sem þá var starfsmaður bílaleigunnar Geysis. Á þessum tíma umgekkst ég hann mikið og kom oft til hans. Ennfremur getur verið að ég hafi verið með manni sem heitir Jón Sigurðsson, til heimilis að Grundarlandi 6, hér í borg. Get ég þess, að á þessum tíma hjálpaði ég nefndum Jóni við að setja gorma undir bifreið hans. Einnig hjálpaði ég honum við standsetningu í verslun föður hans. Þá vil ég í þessu sambandi nefna nokkra aðila, sem hugsanlega gætu veitt einhverjar upplýsingar um hvar ég var umrætt kvöld, en það eru: Ágúst Jakobsson, Grundarstíg 11, Reykjavík, Jóhann Sigurðsson, Rjúpufelli 31 eða 33 og Ívar Erlendsson, þá til heimilis á

7706 5000x3 Gutenberg

Hraunteigi 12, Reykjavík, en nú á Akureyri, en þessir þrír voru skólafélagar mínir. Þá vil ég geta um stúlku sem heitir Inga og/~~xxxkyx~~ á Látraströnd 3ja húsi frá til hægri, þegar ekið er inn í götuna í vestur átt. Þá get ég um Diddó, sem var vinur Ingu i Hansaporti, Láru Sveinbergsdóttur, Sólheimum 23, Reykjavík, en hún var fyrrverandi kærasta mín. Einnig vil ég í þessu sambandi geta um þáverandi vinkonu Jóns Walterssonar, Önnu Jónu að nafni og vinkonu hennar, sem Ásgerður heitir. Fleiri man ég nú ekki að nefna í þessu sambandi."

2. Mætti hefur sagt, að hann hafi áður borið rangt í þessu máli vegna ótta við lögreglu og gæsluvarðhald. Hvenær vaknaði þessi ótti?

Svar: "Eftir að ég hafði verið settur í fangelsið."

3. Getur mætti útskýrt hvers eðlis þessi ótti var?

Svar: "Ég var hræddur við innilokun og sífelldar aðþrengingar af lögreglunni, sem sagði alltaf að ég væri að ljúga, ef ég sagði ekki það sem þeir vildu, og ég yrði þá settur inn í 3o daga gæsluvarðhald."

4. Óttaðist mætti einhverja sérstaka lögreglumenn og þá hverja?

Svar: "Engan sérstakan, en alla þá er komu við sögu."

5. Getur mætti skýrt frá hvenær og hvaða lögreglumaður hótaði honum gæsluvarðhaldi?

Svar: "Þegar ég var búinn að gefa mína fyrstu skýrslu þá hringdi Eggert Bjarnason í Örn Höskuldsson og á því sem ég þá heyrði skildi ég, að ég ætti von á 3o daga gæsluvarðhaldi, ef ég segði ekki það sem þeir vildu. Þá spurði ég lögreglumennina hvort ég yrði settur í gæsluvarðhald. Lögreglumennirnir svöruðu mér þá, að ef ég segði ekki satt þá yrði ég settur í gæsluvarð-

Gutenberg 137

26

hald. Í þessu sambandi man ég sérstaklega eftir að Sigurbjörn Víðir Eggertsson sagði þetta."

6. Mætti hefur nú s.l. fimmtudag á dómþingi, sagt að einungis fyrsta lögregluskýrsla hans í málinu sé rétt, en hún var tekin þann 13. 12. 1976 milli kl. 17:20 og 22:30. Var mætta hótað gæsluvarðhaldi við þá skýrslutöku?

Svar: "Ekki fyrr en ég var búinn að gefa hana."

7. Þann 14. 12. 1976 kl. 11:oo var mætti aftur kominn til skýrslutöku hjá rannsóknarlögreglunni, eftir að hafa verið geymdur í Fangelsinu í Síðumúla undangengna nótt. Hve lengi stóð sú yfirheyrsla og var hún án hlés?

Svar: "Hún stóð framundir það að ég var settur inn aftur. Mér var færður matur í hádeginu og kaffi í kaffitímanum og neytti ég þess á skrifstofu lögreglunnar og var gert smá hlé á meðan."

8. Man mætti að skýra frá hvernig þessi yfirheyrsla gekk fyrir sig?

Svar: "Mig minnir að Eggert Bjarnason, Ívar Hannesson og Sigurbjörn Víðir Eggertsson hafi byrjað yfirheyrsluna, en undir hádegið kom Karl Schütz og tók þátt í yfirheyrslunni fram eftir degi. Ég held að allt að því 10 menn hafi tekið þátt í þessari yfirheyrslu. Ekki þó allir í senn heldur skiptust þeir á, en voru þó stundum margir inni í einu. Menn þessir spurðu og spurðu. Þeir komu með einhver plögg og lásu upp úr þeim þannig að þeir sannfærðu mig fyrir rest um að ég hefði farið þessa ferð. Í þessu sambandi vil ég geta þess að Örn Höskuldsson kom inn í herbergið og var með herðatré í höndum og sló hann því í lófa sér og á lær. Hann gekk að mér og spurði mig um málið og fannst mér hann vera ógnandi. Einnig man ég að Karl Schütz var með bendipinna sem hann sló í lófa sér meðan hann yfirheyrði mig."

Gutenberg 137

27

9. Mætta er sýnt ljóstit af bréfi merktu 966 B. Kannast mætti við að hafa skrifað bréfið og ef svo er þá hvenær og af hvaða hvötum?

Svar: "Ég kannast við skrift mína á þessu bréfi. Ég skrifaði bréfið eftir að mér hafði verið stungið í fangelsið í annað sinn það er eftir fyrri yfirheyrsluna þann 14. 12. 1976. Lögreglumennirnir létu mig hafa skriffæri og vildu fá nánari skýringu á því, sem ég hafði verið að skýra frá við yfirheyrsluna þannan dag. Ég samdi þetta bréf í framhaldi af því, sem fram hafði komið við yfirheyrslurnar."

Er hér var komið skýrslutöku var gert kaffihlé kl. 14:55.

Kl. 15:13 er aftur tekið til við yfirheyrslu.

10. Mætti hefur sagt, að þann 15. 12. 1976 að morgni hafi hann talað við lögmann sinn, Róbert Árna Hreiðarsson, og sagt honum, að hann hafi hjá rannsóknarlögreglu verið látinn játa ferð, sem hann hafi aldrei farið. Getur mætti skýrt nákvæmlega frá því, sem hann sagði Róbert Árna þetta sinn?

Svar: "Ég sagði Róbert Árna, að ég hefi hjá rannsóknarlögreglunni verið látinn játa ferð, sem ég hélt, að ég hefi ekki farið. Róbert Árni vildi gangast í málið eins og skot og leiðrétta þetta strax, en ég var ekki tilbúinn til þess og bað ég hann að gera ekkert í málinu strax."

11. Hver var ástæðan fyrir, að mætti vildi þá þegar ekki aðhafast í málinu?

Svar: "Sá efi sem ég var kominn í og ótti við að lögreglan lokaði mig inni."

12: Getur mætti skýrt nánar ástæðuna fyrir þeim efa, sem hann var þá í?

Gutenberg 137

28

Svar: "Þessi efi lá í því, að ég vissi ekki hvað ég hafði gert umræddan dag og ég var búinn að játa að hafa gert hluti, sem ég var ekki viss um að ég hefði gert."

13. Var mætti óslitið haldinn ótta við lögregluna frá þeim tíma sem hann var látinn laus úr fangelsi þann 14. 12. 1976 og þar til hann breytti framburði sínum fyrir dómi?

Svar: "Óttinn er í raun og veru sá sami enn, en ég hef nú fengið kjark til að segja sannleikann."

14. Í þinghaldi þann 13. þ. m. segir mætti undir eiði, að hann hafi ekkert samband haft við lögregluna eftir 14. 12. 1976. Samt liggur fyrir, að mætti tók þátt í sviðsetningu atburða í Dráttarbraut Keflavíkur þann 23. 1. 1977 og einnig var tekin skýrsla af mætta hjá rannsóknarlögreglu þann 24. 1. 1977. Hvernig stendur á þessu misræmi?

Svar: "Ég mundi eftir sviðsetningunni, þegar ég var fyrir dóminum umrætt sinn, en ég mundi þá ekki eftir skýrslutökunni. Í þinghaldinu svaraði ég spurningu um sviðsetninguna. Að öðru leyti get ég ekki útskýrt þetta misræmi nánar."

15. Í lögregluskýrslunni, sem mætti gaf hjá rannsóknarlögreglunni þann 24. 1. 1977 lýsir mætti för sinni til Keflavíkur svo sem hann hafði gert í skýrslunni frá 14. 12. 1976. Hver var ástæðan fyrir, að mætti breytti þá ekki framburði sínum?

Svar: "Það var sama ástæða og áður, ótti við innilokun lögreglunnar.

16. Hafði mætti samband við lögmann sinn áður en hann mætti hjá rannsóknarlögreglunni dagana 23. 1. 1977 og 24. 1. 1977?

Svar: "Hringt var til mín frá rannsóknarlögreglunni að kvöldi þess 22. 1. 1977 og mér sagt, að ég ætti að fara með rannsóknar-

Gutenberg 137

lögreglunni til Keflavíkur daginn eftir. Ég man fyrir víst að ég reyndi að ná sambandi við Róbert Árna kvöldið sem ég var boðaður eða morguninn eftir, en ég get ekki munað hvort ég náði sambandi við hann."

17. Hvert var erindið, sem mætti ætlaði að ræða við Róbert Árna?

Svar: "Ég ætlaði, að láta hann vita um að ég ætti að mæta aftur, en Róbert Árni var búinn að segja mér, að ég ætti að láta sig vita, ef ég yrði boðaður til rannsóknarlögreglunnar, svo hann gæti mætt með mér. Ég man nú fyrir víst, að ég náði ekki sambandi við hann."

18. Óttaðist mætti í tvö framangreind sinn að lögreglan setti hann í fangelsi?

Svar: "Já "

19. Mætti hefur sagt, að hann hafi við yfirheyrslur verið leiddur af rannsóknarlögreglumönnum. Í því sambandi er honum bent á, að þegar sviðsetning atburða fór fram í Dráttarbraut Keflavíkur þann 23. 1. 1977 þá staðsetti mætti þar sendibifreiðina sjálfstætt. Er hann hafði lokið því var honum bent á, að aðrir málsaðilar hefðu staðsett bifreiðina a.m.k. 30 m austar. Þrátt fyrir þessa ábendingu hélt mætti við sína staðsetningu. Hver var ástæðan fyrir því?

Svar: "Ég lét bifreiðina þar sem ég hélt að hún hefði átt að vera."

20. Hvers vegna hélt mætti, að sendibifreiðin ætti að vera staðsett þar sem hann sagði, enda þótt honum hefði verið gert ljóst að aðrir héldu öðru fram?

Svar: "Ég get ekkert svar gefið við þessu annað en það, að mér fannst bifreiðin hafa átt að vera þarna."

Gutenberg 137

30

21. Er mætti með síðasta svari að gefa í skyn, að á þessum tíma hafi hann rekið minni til, að hann hafi lagt bifreiðinni í Dráttarbraut Keflavíkur áður en sviðsetningin fór fram?

Svar: "Mér fannst þetta líklegasti staðurinn af öllum, ef eitthvað hefði átt að ske þarna."

22. Mætta er bent á, að í þinghaldi þann 25. 5. 1977, þá auki hann við framburð sinn varðandi það sem hann segist hafa heyrt í Dráttarbraut Keflavíkur þann 19. 11. 1974, frá því sem hann hafði sagt í lögregluskýrslum. Hver var ástæðan til þessa?

Svar: "Ástæðan var ímyndum í mér."

23. Getur mætti tilgreint hvenær hann talaði við lögmann sinn um þetta mál frá 15. 12. 1976?

Svar: "Ég man ekki að segja nákvæmlega til um þetta, en ég giska á að ég hafi hitt hann í 10-12 skipti. Ég man ekki að tilgreina nánar hvenær ég hitti hann."

24. Hvenær sagði mætti lögmanni sínum frá, að hann hefði mætt fyrir dómi vegna þessa máls, það er í vor?

Svar: "S.l. mánudag 1o. þ.m. Þá sagði hann við mig eitthvað á þá leið, að ég hefði ekki sagt honum frá því, að ég hefði mætt fyrir dómi."

25. Hafði mætti samband við lögmann sinn áður en hann mætti fyrir sakadómi 25. 5. 1977?

Svar: "Ég hafði ekki samband við lögmann minn áður en ég mætti fyrir dóminum, en ég man ekki hvort ég reyndi að hafa samband við hann."

26. Hefur mætti sagt einhverjum öðrum en lögreglumönnum, lögmönnum og dómurum frá, að hann hafi ekki farið umrædda ferð

Gutenberg 137

31

til Keflavíkur þann 19. 11. 1974 og ef svo er þá hverjum og hvenær?

Svar: "Ég sagði unnustu minni frá þessu strax og ég var látinn laus þann 14. 12. 1976. Svo sem fram er komið þá sagði ég Róbert árna frá þessu daginn eftir. Þann sama dag sagði ég vinnuveitanda mínum Kristni Ó. Kristinssyni, forstjóra bílasmiðjunnar Kyndils, frá þessu. Daginn þar á eftir fór ég til vinnu og sagði vinnufélögum frá þessu. Ég hef einnig sagt fjölskyldu minni frá þessu. Strax upp úr áramótum bauð ég hóp af félögum mínum heim og sagði þeim frá þessu sama."

27. Sagði mætti þessu fólki frá, að hann hefði gefið rangar skýrslur hjá rannsóknarlögreglunni og að hann hefði ekki farið umrædda ferð?

Svar: "Já".

Yfirheyrslu lauk kl. 16:45.

Lögmaður mætta Sigurður Georgsson hefur verið viðstaddur yfirheyrsluna.

Upplesið staðfest rétt bókað,

Sigurður Óttar Hreinsson
Sigurður Óttar Hreinsson

Vottur:

Jónas Bjarnason.
Jónas Bjarnason

Sigurður Georgsson
Sigurður Georgsson

Grétar Sæmundsson lögreglum.
Grétar Sæmundsson lögreglum.

Gutenberg 137

32

Rannsókn á lengd skýrslutöku.

Þriðjudaginn 18. 10. 1977.
Í dag var ákveðið að kanna ítarlega hve lengi stóð sú yfirheyrsla yfir Sigurði Óttari Hreinssyni, sem hófst hjá rannsóknarlögreglunni þann 14. 12. 1976 kl. 11:oo.

Í því sambandi kom í ljós, að tveir lögreglumenn, þeir Haraldur Árnason og Sigurbjörn Víðir Eggertsson mundu eftir, að þeir hefðu ekið nefndum Sigurði Óttari heim til sín, þar sem hann sótti lyf, og síðan ekið honum í Domus Medica, þar sem hann var sprautaður.

Aflað verður staðfestingar á þessu atriði, ef hægt er, og einnig skýrslna, af aðilum.

Grétar Sæmundsson
lögreglum.

Gutenberg 137

33

Tímasetningar úr dagbók Síðumúlafangelsis.

Í dag þriðjudaginn 18. 10. 1977 kannaði ég tímasetningar, varðandi Sigurð Óttar Hreinsson, í dagbók fangelsisins í Síðumúla og kom eftirfarandi í ljós:

13. 12. 1976 kl. 22:40 hringdi í fangelsið Eggert N. Bjarnason og bað um geymslu fyrir einn mann. Það athugist, að ekki er tilgreint hvaða mann, en vitað er, að Eggert N. Bjarnason hafði 10 mín. áður lokið fyrstu skýrslutöku af Sigurði Óttari Hreinssyni og má því ætla, að hann hafi verið að biðja um geymslu á honum.

13. 12. 1976 kl. 22:55 komu lögreglumennirnir Eggert N. Bjarnason og Ívar Hannesson með Sigurð Óttar Hreinsson í fangelsið.

13. 12. 1976 kl. 23:05 fóru Eggert N. Bjarnason og Ívar Hannesson úr fangelsinu.

14. 12. 1976 kl. 10:30 koma lögreglumennirnir Ívar Hannesson og Sigurbjörn Víðir Eggertsson og sækja Sigurð Óttar Hreinsson í fangelsið og flytja í Sakadóm.

14. 12. 1976 kl. 20:04 kemur Ívar Hannesson með Sigurð Óttar í fangelsið og hefur Sigurður ekki verið úrskurðaður og mun það bíða vegna nánari athugunar á málum hans. Dómara er kunnugt um þetta.

14. 12. 1976 kl. 22:30 kemur Ívar Hannesson.

14. 12. 1976 kl. 22:30 kemur Eggert N. Bjarnason.

14. 12. 1976 kl. 22:50 tala þeir við Sigurð Óttar Hreinsson

14. 12. 1976 kl. 23:40 er Sigurði Óttari Hreinssyni sleppt.

Gretar Sæmundsson

Gretar Sæmundsson lögreglum.

Gutenberg 137

34

Vitni.

Miðvikudaginn 19. 10. 1977 kl. 10.20 er mætt á skrifstofu RLR, Sem vitni í málinu, Hrefna Sigurðardóttir, verkakona, til heimilis að Efstalundi 1, Garðabæ, fædd 16. 6. 1959 í Reykjavík, nnr. 4346-9o45.

Henni er kunnugt tilefni yfirheyrslunnar, sem er að spyrja hana um fund hennar og unnusta hennar, Sigurðar Óttars Hreinssonar, með þáverandi lögfræðingi Sigurðar.

Mættu er kynnt ákvæði 89. gr. laga um meðferð opinberra mála. Eftir það skýrir hún svo frá áminnt um sannsögli:

"Þriðjudaginn 11. þ.m. fór ég ásamt unnusta mínum Sigurði Óttari á fund lögfræðings hans Róberts Árna Hreiðarssonar. Sigurður Óttar hafði daginn áður verið á fundi með lögfræðingnum, og vildi lögfræðingurinn, að ég kæmi einnig á hans fund til að vera með í ráðum. Þessi fundur mun hafa staðið í um 30 mín. milli kl. 19:3o og 20:oo og vorum við aðeins þrjú. Rætt var um að Sigurður Óttar tæki til baka fyrri framburð hjá lögreglunni. Róbert Árni útskýrði fyrir mér, að Sigurður Óttar væri viss um, að hann hefði aldrei farið umrædda ferð til Keflavíkur og að hann hefði því mikið á samviskunni. Róbert talaði um, að honum fyndist Sigurður Óttar ætti að taka framburð sinn til baka, þar sem það væri nokkuð alvarlegt fyrir Sigurð Óttar að hafa það á samviskunni, að menn yrðu í og með dæmdir vegna framburðar Sigurðar Óttars sem væri rangur. Róbert talaði um, að það yrði ofsaleg sprenging.

Ég spurði ekki hvort Sigurður Óttar yrði settur í fangelsi vegna þessa. Ég man að það kom til tals og mun Sigurður Óttar hafa haft orð á því. Ég man fyrir víst, að Róbert sagði að honum fyndist ólíklegt, að Sigurður Óttar yrði settur í

Gutenberg 137

35

gæsluvarðhald, en ef svo færi þá myndi hann sjá um að kæra það. Ekki man ég til að talað hafi verið um að Sigurður Óttar ætti á hættu refsingu fyrir að taka framburð sinn til baka. Ég vissi nokkrum dögum fyrir þennan fund, að Sigurður Óttar hafði vegna þessa máls verið kallaður fyrir dóm og látinn sverja, en ég hafði enga grein gert mér fyrir þýðingu þess. Enginn hafði gert mér grein fyrir því. Þetta atriði kom ekki til tals á fundinum, svo ég muni, xxxxxxxxxx

Samkomulag varð um það á fundinum, að Róbert skrifaði bréf til að afturkalla framburð Sigurðar Óttars, og átti Sigurður Óttar að koma aftur til hans daginn eftir um kl. 11:3o til að undirskrifa bréfið. Ég samþykkti þetta.

Ég vil leiðrétta, það sem bókað var í skýrslunni hér að framan, það atriði, að ég er ekki viss um að Sigurður Óttar hafi verið á fundi með lögfræðingnum daginn áður, eða xxxxx ef til vill fyrr þennan sama dag."

Yfirheyrslu lauk kl. 11:10.

Viðstaddur yfirheyrsluna er lögmaður Sigurðar Óttars, Sigurður Georgsson.

Vottur:

Jónas Bjarnason

Staðfest rétt bókað.

Hrefna Sigurðardóttir

Sigurður Georgsson

Grétar Sæmundsson, lögreglum.

Gutenberg 137

36

Vitni: Miðvikudaginn 19. okt. 1977 kl. 13,oo er mætt á skrifstofu ranns.lögreglu ríkisins Laufey Hrefna Einarsdóttir símastúlka t.h. Álfaskeiði 87 Hafnarfirði f: 7/1. 1938 n.nr. 6o33 8587.

Hún mætir sem vitni í máli þessu, en mætta starfar sem símastúlka á lækningastofu Jóns Guðgeirssonar ofl. lækna í Domus Medciha við Egilsgötu Reykjavík. Hún starfaði þar einnig 14. des. 1976 er ranns.lögreglumenn komu þangað með Sigurð Óttar Hreinsson á stofu til Jóns Guðgeirssonar.

Mætta er sérstaklega spurð um hvort hún muni er ranns.lögreglumennirnir komu með nefndan Sigurð þarna á stofuna, Hvort hún muni hvaða dag það var, á hvaða tíma dags og hvað lengi þeir dvöldu þarna á stofunni:

Hún skýrir svo frá áminnt um sannsögli: "Það var nokkru fyrir jól í des. í fyrra að rannsóknarlögreglumenn komu á stofuna þar sem ég vinn. Með þeim var maður sem ég kannaðist við af fyrri komum hans þangað. Hann heitir Sigurður og hafi þá komið þarna nokkrum sinnum fyrr um heustið. Ég kannaðist smávegis við annan rannsóknarlögreglumanninn. Hann er Árnason, ég vissi ekki frekari deili á honum, en ég þekki bróðir hans.

Það var rétt um kl. 17,oo sem þeir komu þarna á stofuna. Þá var stúlkan sem átti að ~~yti~~ að gefa Sigurði ofnæmissprautu ekki komin, en kom fljótlega. Þessi stúlka heitir Eyglóf og er hjúkrunarkona. Hún starfar þarna ekki lengur.

Þennan dag hætti ég að vinna kl. 18,oo. Þá voru rannsóknarlögreglumennirnir farnir ásamt Sigurði. Ég tel að þeir hafi farið nálægt kl. 17,3o þó ég muni það ekki nákvæmlega, því þar sem að þarna stóð sérstaklega á, var Sigurður tekin fyrstur inn, en síðan eftir sprutuna hefur hann verið látin bíða

37

einhvern tíma til að sjá hvernig sprautan kemur úr. Það er algengast að þeir bíði svona um 2o mín. þarna á stofunni eftir sprautuna.

Ástæðan fyrir því að ég man sérstaklega eftir þessu atviki er að Sigurður var búin að koma oft fyrr um **haustið** þarna til okkar og síðan kom hann alt í einu í fylgd rannsóknarlögreglunnar, en það hefur ekki komið fyrir í annað skipti að lögreglan hafi komiðm með mann í rúmlega tvö og hálft ár sem ég er búin að vinna þarna.

Þarna var auk mín að vinna við móttöku stúlka að nafni Erla, Hún starfar enn þá þarna á stofunni.
Skýrslutöku lauk kl. 13:20.

Jónas Bjarnason
rannsóknarlögreglum.

Upplesið staðfest.
Laufey H. Einarsdóttir.
Laufey H. Einarsdóttir.

38

Vitni:

Miðvikudaginn 19. okt. 1977 kl. 14,oo er mætt á skrifstofu rannsóknarlögr. ríkisins Erla Eyjólfsdóttir símastúlka t.h. Bólstaðahlíð 66 Reykjav. f: 24/6. 1924. N.nr. 76o7 679o.

Hún mætir sem vitni í máli þessu, en mætta starfar sem símastúlka á lækningast. Jóns Guðgeirssonar ofl. lækna í Domus Medica við Egilsgötu í Reykjav.

Hún starfaði þar einnig 14. des. 1976 er rannsóknarlögr.menn komu þangað með Sigurð Ottar Hreinsson á stofu til Jóns Guðgeirssonar læknis.

Mætta er sérstaklega spurð hvort hún muni eftir er ranns.lögregumennirnir komum með umræddan mann. Hvenær dags þeir hafi komið þarna og hvað lengi dvalist á stofunni.

Mætta skýrir svo frá áminnt um sannsögli: "Ég byrjaði að vinna á umræddri lækningastofu 1. des. 1976. Ég var búin að vinna þarna í nálægt tvær vikur þegar tveir annsóknarlögreglumann komu með mann þarna á stofuna, en hann átti að fá ofnæmissprautu. Þessar sprautur/~~ERUxgefnar~~ voru gefnar á þriðjudögum og fimmtudögum í hverri viku milli kl. 17 til 18,oo. Menn þessir komu um kl. 17,oo, ekki man ég hvorn daginn það var sem þeir komu. Ekki man ég nákvæmlega hvenær menn þessir fóru út aftur. Ég er við símann framm á ganginum og fylgist því ekki eins með hvað fólk er lengi inn á stofunni, en mínum vinnutíma lauk kl. 18,oo þennan dag sem aðra og þá hafa menn þessir verið farnir!"

Jónas Bjarnason
ranns.lögreglum.

Upplesið staðfest.
Erla Eyjólfsdóttir
Erla Eyjólfsdóttir.

39

Vitni.

Miðvikudaginn 19. 10. 1977 kl. 14:25 er mætt á skrifstofu RLR, sem vitni í málinu, Ásgerður Ósk Júlíusdóttir, nemi, til heimilis að Ásgarði 32, Reykjavík, s: 32954, fædd 6. 5. 1958 í Reykjavík, nnr. 0688-5802.

Henni er kynnt tilefni yfirheyrslunnar, sem er að kanna hvort hún húsanlega geti gefið einhverjar upplýsingar um hvar Sigurður Óttar Hreinsson var staddur að kvöldi þess 19. 11. 1974.

Hún skýrir svo frá áminnt um sannsögli:

"Ég kannast við Sigurð Óttar Hreinsson, en hann var kunningi Jóns Walterssonar, sem var á þessum tíma kunningi önnu Jónu vinkonu minnar.

Í nóv. 1974 umgekkst ég Sigurð Óttar mjög lítið, að mig minnir. Verið getur að ég hafi eitthvað hitt hann, en ég man engin sérstök tilvik.

Ég man ekkert eftir deginum 19. 11. 1974.

Ég man ekki eftir klæðnaði Sigurðar Óttars á þessum tíma."

Yfirheyrslunni lauk kl. 14:40.

Vottar:

Smári Sigurðsson

Staðfest rétt bókað,

Ásgerður Ósk Júlíusdóttir

Grétar Sæmundsson, lögreglum.

Gutenberg 137

40

Vitni.

Miðvikudaginn 19. 10. 1977 kl. 15:3o mætir á skrifstofu RLR, sem vitni í málinu, Anna Jóna Einarsdóttir, afgreiðslustúlka, til heimilis að Barónstíg 63, Reykjavík, s: 16o16, fædd 21. 11. 1957 í Reykjavík, nnr. o324-1246.

Henni er kynnt tilefni yfirheyrslunnar, sem er að kanna hvort hún hugsanlega geti gefið einhverjar upplýsingar um hvar Sigurður Óttar Hreinsson var staddur að kvöldi þess 19. 11. 1974.

Hún skýrir svo frá áminnt um sannsögli:

"Ég kannast við Sigurð Óttar Hreinsson, en hann var kunningi Jóns Walterssonar og kynntist ég þeim á árinu 1974. Það kann vel að vera, að ég hafi hitt Sigurð Óttar í nóv. 1974. I því sambandi minnist ég þess, að ég hitti hann eitt sinn fyrir utan Siflurtunglið og fór heim til hans ásamt vinkonu minni. Ég tel að þetta hafi verið um helgi, enda hafði ég verið á dansleik í Silfurtunglinu. Ég held að þetta hafi verið fyrir 19. nóv. 1974, þar sem ég á afmæli 21. 11. og tel ég að þetta hafi verið fyrir afmæli mitt. Ég mun hafa hitt Sigurð Óttar í fleiri skipti, en ekki man ég að tilgreina nein sérstök. Þegar ég kom heim til hans, en það var í grennd við Silfurtunglið, þá voru einhverjir fleiri með honum, sem ég ekki þekkti.

Ég man ekki sérstaklega eftir deginum 19. 11. 1974.

Ekki man ég hvernig Sigurður Óttar var klæddur þetta haust, en hann var yfirleitt snyrtilega til fara og man ég að hann var stundum í hvítri peysu."

Yfyrheyrslu lauk kl. 15:45.

Staðfest rétt bókað,

Vottur:

Smári Sigurðsson

Anna Jóna Einarsdóttir

Grétar Sæmundsson lögreglum.

Gutenberg 137

41

Vitni.

Miðvikudaginn 19. 10. 1977 kl. 17:15 er mættur, sem vitni í málin, á skrifstofu RLR Sigurbjörn Víðir Eggertsson, lögreglumaður, til heimilis að Asparfelli 4, Reykjavík, s: 71762, fæddur 19. 7. 1948 á Siglufirði, nnr. 7798-6502.

Vitninu er skýrt frá tilefni yfirheyrslunnar og það áminnt um sannsögli.

"Ég minnist þess að hafa flutt Sigurð Óttar Hreinsson til læknis, þann 14. 12. 1976.

Þennan dag var ég vottur við yfirheyrslu yfir honum, sem Karl Schütz stjórnaði. Að skýrslutöku lokinni fór ég og Haraldur Árnason, lögreglumaður, með Sigurð Óttar heim til hans að Kleppsvegi 2 eða 4, en þar átti hann geymd lyf í ísskáp, sem hann þurfti að ná í og fara með til læknis, sem ætlaði að sprauta hann með lyfinu vegna ofnæmissjúkdóms, sem hann var með. Mig minnir, að við höfum farið frá Borgartúni 7 áleiðis að Kleppsvegi um kl. 16:3o. Er við náðum í lyfin á heimili Sigurðar var þar fyrir eigandi íbúðarinnar Jón Otti Jónsson, prentari. Frá Kleppsvegi fórum við rakleiðis að Domus Medica og töluðum þar við stúlku, sem vísaði okkur inn á innri gang, þar sem fyrir var önnur starfsstúlka lækna þarna á staðnum. Þar þurftum við að bíða smá stund, vegna þess að stúlkan, sem átti að sprauta fyrir viðkomandi lækni var ekki komin. Þegar hún kom, þá var Sigurður Óttar tekinn framfyrir aðra sjúklinga, sem komnir voru á undan.

Strax þegar búið var að sprauta Sigurð Óttar, þá fórum við út í bifreið og bað Sigurður Óttar um að honum yrði ekið um Laugaveg og Vatnsstíg og gerðum við það. Ég tel að kl. hafi verið um 17:15 til 17:3o þó frekar nær síðari tímasetningunni er við fórum frá lækninum.

Gutenberg 137

42

Eftir þetta fluttum við Sigurð Óttar aftur í Borgartún 7.

Ég veit ekki til að tekin hafi verið skrifleg skýrsla af Sigurði Óttari hjá rannsóknarlögreglunni áður en hann var fluttur í Síðumúlafangelsi um kvöldið. Hitt man ég, að hann var á tali við Ívar Hannesson, lögreglumann og síðar Jón Waltersson um kvöldmatarleytið."

Yfirheyrslu lauk kl. 17:45.

Vottur:

Grétar Sæmundsson

Staðfest rétt bókað,

Sigurbjörn Víðir Eggertsson

Þórir Oddsson, deildarstjóri

Gutenberg 137

43

Vitni.

Miðvikudaginn 19. 10. 1977 kl. 17:50 er mættur á skrifstofu RLR, sem vitni í málinu, Ágúst Jakobsson, nemi, til heimilis að Grundarstíg 11, Reykjavík, s: 24820, fæddur 10. 12. 1956 í Reykjavík, nnr. 0133-4484.

Honum er kynnt tilefni yfirheyrslunnar, sem er að kanna hvort hann hugsanlega geti gefið einhverjar upplýsingar um hvar Sigurður Óttar Hreinsson var staddur að kvöldi þess 19. 11. 1974.

Hann skýrir svo frá áminntur um sannsögli:

"Ég þekki Sigurð Óttar vel, en við erum skólafélagar úr Laugalækjarskóla. Ég hafði talsverð samskipti við hann á umræddum tíma. Ekki man ég þó eftir neinu sérstöku, sem ég get tilgreint. Ég man heldur ekki sérstaklega eftir deginum 19. 11. 1974, þannig að ég get ekkert sagt um hvar Sigurður Óttar var þá.

Mig minnir, að á þessu tímabili hafi Sigurður Óttar oft verið í gráum rúskinnsjakka, sem hann á enn. Ég tel að hann hafi á þessum tíma ekki verið farinn að safna skeggi.

Ég hitti Sigurð Óttar fljótlega eftir að honum var sleppt frá rannsóknarlögreglunni í des. í fyrra. Fyrir forvitnissakir fór ég að spurja hann um málið, en ég fékk alltaf sama svarið, að hann myndi ekki eftir að hafa farið umræddа ferð til Keflavíkur. Ég spurði þá hvers vegna hann hefði þá sagt lögreglunni frá þessu. Þeirri spurningu fékk ég ekkert svar við og yppti hann aðeins öxlum. Sama var þótt hann væri spurður að þessu er hann var undir áhrifum áfengis. Hann minntist aldrei á að hann hefði verið þvingaður af lögreglu, en eitthvað hafði hann orð á að hann hefði verið þreyttur á að vera í fangelsi.

44

Ég hef eflaust komið nokkrum sinnum til Sigurðar Óttars að Grettisgötu 82 á þessum tíma, en ég man ekki nein sérstök tilvik. Þar sá ég Kristján Viðar Viðarsson nokkrum sinnum, en ég sá aldrei Sævar Ciesielski þar."

Yfirheyrslu lauk kl. 18:10.

Vottur:

Smári Sigurðsson

Staðfest rétt bókað,

Ágúst Jakobsson

Grétar Sæmundsson lögreglum.

Gutenberg 137

45

Athugun vegna hugsanl. fjarvistarsönnunar Sig. Óttars.

Fimmtudaginn 20. 10. 1977.
I dag fór ég undirritaður á lögreglustöðina við Hverfisgötu, til að kanna, hvort hugsanlega fyndist eitthvað bókað hjá lögreglunni, sem benti til, hvar Sigurður Óttar Hreinsson var staddur að kvöldi 19. 11. 1974.

Á lögreglustöðinni hafði ég tal af Bjarna Bogasyni lögreglumanni og Guðbrandi Þorkelssyni, byrgðaverði. Ásamt þeim og með þeirra leyfi kannaði ég Fjarskiptaskrá, Kæruskrá og dagbók lögreglunnar fyrir dagana 18. 19. og 20. nóv. 1974. Ekki fannst þar bókað neitt, er varðaði Sigurð Óttar Hreinsson, eða bifreiðina R-40045.

Grétar Sæmundsson
lögreglum.

Gutenberg 137

46

Vitni.

Fimmtudaginn 20. 10. 1977 kl. 10:3o er mættur á skrifstofu RLR, sem vitni í málinu, Haraldur Árnason, lögreglumaður, til heimilis að Suðurvangi 4, Hafnarfirði, s: 51542, fæddur 8. 6. 1941 í Reykjavík, nnr. 3762-8344.

Vitninu er skýrt frá tilefni yfirheyrslunnar og það áminnt um sannsögli:

"Ég man eftir því, að hafa ásamt Sigurbirni Viði Eggertssyni, lögreglumanni, flutt Sigurð Óttar Hreinsson einhverntíma í desember 1976 milli kl. 16:oo og 17:oo úr Borgartúni 7 í fjölbýlishús vestarlega á Kleppsvegi, þar sem Sigurður Óttar náði í einhver lyf. Frá Kleppsveginum fluttum við Sigurð Óttar í Domus Medica. Ég vissi að Sigurður Óttar átti að mæta þarna í ofnæmisaðgerð á tilsettum tíma, þennan dag. Er við komum þangað töluðum við við stúlku, sem annaðist móttöku. Hún vísaði okkur inn á biðstofu. Þar biðum við nokkra stund, þar sem hjúkrunarkonan sem átti að annast aðgerðina var ekki komin. Þegar hún kom þá minnir mig að hún hafi sprautað Sigurð Óttar með þeim lyfjum sem hann hafði komið með. Að þessu loknu gengum við út og fórum rakleitt í Borgartún 7."

"Aðspurður veit ég ekki hvort skýrslutöku af Sigurði Óttari var lokið, er við fluttum hann til læknis. Ég man ekki til að ég hafi haft önnur afskipti af Sigurði Óttari þennan dag."

Yfirheyrslu lauk kl. 10:50.

Vottur:

Grétar Sæmundsson

Staðfest rétt bókað,

Haraldur Árnason

Þórir Oddsson, deildarstjóri.

Gutenberg 137

RANNSÓKNARLÖGREGLA RÍKISINS	Skjal nr.	Bls. nr.
	6	24

47

Vitni: Fimmtudaginn 2o. okt. 1977 kl. 1o,45 er mættur á skrifst. ranns.lögreglu ríkisins Jón Sigurðsson verkam. t.h. Grundarlandi 7 Reykjav. f: 2o/1o. 1955 í Reykjav. N.nr. 5183 5514.

Honum er kynnt tilefni skýrslutökunnar, en það er hvort hann geti gefið upplýsingar um hvar Sig. Óttar Hreinsson hafi verið að kvöldi þess 19. nóv. 1974. Hann eins og fram kemur í skýrslu Sigurðar Óttarss.voru hann og mætti allmikið saman á þeim tíma.

Hann mætir sem vitni í máli þessu og skýrir svo frá áminntur um sannsögli:

"Ég er búin að þekkja Sigurð Óttar Hreinsson síðan við vorum strákar um fermingu. Við vorum að hittast af og til án þess að neinn sérstakur kunningsskapur væri á milli okkar. Ekki man ég til að hann væri að hjálpa mér við að laga bifreið, þá kann það að vera.

Um haustið 1974 fórum við saman til Spánar og vorum þar í þrjár vikur. Það var nánast tilviljum að við fórum saman. Eftir að við komum þaðan, ég held að það hafi verið rétt eftir 2o. okt. hittumst við ekki lengi og ég hefi aðeins hitt hann einu sinni síðan. Ég man ekki greinilega hvenær það var. Þá var hann nýkominn frá Bandaríkjunum. Ég man alls ekki hvenær það var. Þá nefndi hann ekki neitt við mig þetta mál sem hér um ræðir og ég hafði ekki neitt sett hann í samband við það. Hann gekk altaf undir nafninu Óttar, svo ég áttaði mig ekki á er nafnið Sigurður Óttar kom í blöðunum, að hér væri um sama manninn að ræða. Það var ekki fyrr en nú fyrir nokkrum dögum að ég áttaði mig á að hér var um sama manninn að ræða."

Yfirheyrslu lauk kl. 11,1o.

Upplesið staðfest.

Vottur:
Smári Sigurðsson

Jón Sigurðsson

Jónas Bjarnason
ranns.lögreglum.

48

Vitni.

Fimmtudaginn 20. 10. 1977 kl. 10:55 mætir á skrifstofu RLR, sem vitni í málinu, Smári Lindberg Einarsson, sjómaður, til heimilis' að Hraunteigi 23, Reykjavík, s: 35841, fæddur 25. 7. 1955 í Rvík., nnr. 8190-7978.

Honum er kynnt tilefni yfirheyrslunnar, sem er að kanna hvort hann hugsanlega geti gefið einhverjar upplýsingar um hvar Sigurður Óttar Hreinsson var staddur að kvöldi þess 19. 11. 1974.

Hann skýrir svo frá áminntur um sannsögli:

"Ég þekki Sigurð Óttar, en við erum gamlir skólafélagar úr Laugalækjarskóla. Ég hef alltaf umgengist hann nokkuð. Ég kom til hans, er hann bjó hjá ömmu sinni að Grettisgötu 82, en það var fremur sjaldan.

Ég man ekkert eftir deginum 19. 11. 1974 og því tímabili. Ég get því ekkert sagt um hvar Sigurður Óttar var þann dag. Ekki get ég einu sinni sagt um hvar ég sjálfur var.

Ekki get ég sagt um hvernig Sigurður Óttar var klæddur á þessum tíma.

Ég hitti Sigurð Óttar eftir að honum var sleppt í des. í fyrra. Ekki spurði ég hann neitt um það mál og hefur hann ekki haft orð á því. Ég hef ekki heyrt hann segja frá samskiptum sínum við lögregluna í des.'i fyrra."

Grétar Sæmundsson lögreglum.

Staðfest rétt bókað,

Smári L. Einarsson

Gutenberg 137

49

Vitni:

Fimmtudaginn 20. 10. 1977 kl. 12:35 mætir á skrifstofu RLR, sem vitni í málinu, Pétur Guðmundsson, verkamaður, til heimilis að Brúnalandi 8, Reykjavík, s. 36436. fæddur 21. 12. 1954 í USA, nnr. 7092-0786.

Honum er kunnugt tilefni yfirheyrslunnar, sem er að kanna hvort hann hugsanlega geti gefið einhverjar upplýsingar um hvar Sigurður Óttar Hreinsson var staddur að kvöldi þess 19. 11. 1974.

Hann skýrir svo frá áminntur um sannsögli:

"Það er rétt, að ég kannast við stúlku, sem heitir Ingibjörg og kölluð er Inga og bjó á Grettisgötu í svokölluðu Hansaporti. Þá er það einnig rétt, að ég var af kunningjum kallaður "Diddó".

Ég þekki Sigurð Óttar nánast ekki neitt. Ég rétt veit hver hann er og þá helst vegna þess, að ég veit að hann hefur verið að vinna bíla undir sprautun. Þá minnist ég þess, að hafa séð hann hjá Ingu, en á tímabili bjó ég með nefndri Ingu og var það á árinu 1974. Sigurður kom þar og þá eingöngu um helgar að mig minnir í partí eftir böll ásamt fleiru fólki. Það kann vel að vera að hann hafi komið þarna í nóv. 1974, en það tel ég þá líklegast aðeins um helgar. Ekki man ég eftir neinum sérstökum tilvikum til að nefna. Ég man ekkert eftir deginum 19. 11. 1974 og get því ekki borið um hvar Sigurður Óttar var þá staddur.

Mig minnir að Sigurður Óttar hafi á þessum tíma verið með skegg, en ekki man ég sérstaklega eftir klæðnaði hans.

Ég hef tel að ég hafi séð Sigurð Óttar í 2-3 skipti eftir að hann var látinn laus frá lögreglu í des. í fyrra. Ekki

50

talaði ég við hann nema mjög lítið og minntist ég ekkert á mál hans og hef ég ekki heyrt hann segja frá því að einu eða neinu leyti."
Yfirheyrslu lauk kl. 13:00.

Vottur:

Smári Sigurðsson

Staðfest rétt bókað,

Pétur Guðmundsson

Grétar Sæmundsson lögreglum.

51

Vitni.

Fimmtudaginn 20. 10. 1977 kl. 14:5o mætir á skrifstofu RLR, sem vitni í málinu, Ingibjörg Jóhanna Erlendsdóttir, afgreiðslustúlka, til heimilis að Látraströnd 48, Seltjarnarnesi, s: 17483, fædd 29. 1. 1958 í Reykjavík, nnr. 4600-8731.

Henni er kunnugt tilefni yfirheyrslunnar, sem er að kanna hvort hún hugsanlega geti gefið einhverjar upplýsingar um hvar Sigurður Óttar Hreinsson var staddur að kvöldi þess 19. 11. 1974.

Hún skýrir svo frá áminnt um sannsögli:

"Ég kynntist Sigurði Óttari haustið 1974 og umgekkst ég hann nokkuð í um tvær vikur. Ég man ekki alveg um tímann hvenær ég kynntist honum, en tel að það hafi verið í sept. til nóv. þetta haust. Ég man ekki sérstaklega eftir deginum 19. 11. 1974 og get því ekkert sagt um hvar Sigurður Óttar var á þeim tíma. Síðan þetta var hef ég sjaldan hitt hann. Ekki man ég til að hafa hitt hann eftir að hann var látinn laus frá lögreglunni í des. í fyrra.

Þegar ég umgekkst Sigurð Óttar haustið 1974 þá man ég að hann átti svört jakkaföt og einnig hvít jakkaföt, sem hann var stundum í og einnig átti hann mittissíðan leðurjakka. Ekki er ég alveg viss um lit á honum, en minnir helst að hann hafi verið svartur."

Yfirheyrslu lauk kl. 15:05.

Staðfest rétt bókað,

Ingibjörg J. Erlendsdóttir

Vottur:

Smári Sigurðsson

Grétar Sæmundsson, lögreglum.

Gutenberg 137

52

Grunaður.

Föstudaginn 21. 10. 1977 kl. 13:55 er kominn til yfirheyrslu á skrifstofu RLR, Sigurður Óttar Hreinsson, núverandi gæslufangi, til heimilis að Asparteigi 2, Mosfellssveit, fæddur 25. 3. 1956 í Reykjavík, nnr. 7871-76o?

Honum er kunnugt tilefni yfirheyrslunnar, en hann er grunaður um að hafa lagt eið að röngum framburði fyrir dómi.

Gætt er ákvæða 1. mgr. 4o. gr. laga um meðferð opinberra mála. Áminntur um sannsögli er mætti spurður spurninga og svarar þeim á eftirfarandi hátt:

1. Hvenær kom mætti fyrst á fund Róberts Árna Hreiðarssonar, lögfræðings, til að ræða við hann um að afturkalla framburð sinn?

Svar: "Daginn áður en ég var handtekinn, það er 11. 10. '77, þá bað ég hann um að koma því til leiðar, að ég vildi afturkalla framburðinn. Vikunni áður en þetta var, þá vakti vinnufélagi minn athygli á, að í dagblaðinu Tímanum hefði birst grein, þar sem ég var orðaður við Geirfinnsmálið. Ég keypti blaðið, sem hafði komið út daginn áður. Hafði ég þá strax samband við Róbert Árna og fór svo til hans á skrifstofuna þann sama dag. Erindið var að biðja hann um að láta leiðrétta blaðafrásögnina. Hann spurði mig þá hvort ~~ég~~ hann ætti ekki að aðstoða mig við að afturkalla framburðinn, en ég var þá ekki tilbúinn til að gera það. Róbert Árni hefur oft áður minnst á við mig hvort hann ætti ekki að aðstoða mig við að afturkalla framburðinn."

2. Kom mætti á skrifstofu lögfræðings síns til að ræða um þetta mál áður en mætti kom fyrir dóm í mai s.l. og ef svo var þá hve oft og hvenær?

Svar: "Ég gæti trúað að ég hafi komið til hans í 2-3 skipti

53

en það var þá til að ræða við hann um blaðaskrif, en ekki til að tala um að afturkalla framburðinn. Ég kom til hans þann 15. 12. 1976, daginn eftir að ég var látinn laus, en ekki man ég að tilgreina önnur skipti."

3. Hve oft kom mætti á skrifstofu lögfræðings síns til að ræða þetta mál eftir að hann kom fyrir dóm í mai s.l.?

Svar: "Ég kom til hans tvisvar í s.l. viku og einu sinni í vikunni þar áður. Þess utan kom ég til hans nokkrum sinnum, en þó ekki í sambandi við þetta mál."

4. Hverjir voru á þessum fundum?

Svar: "Við vorum bara tveir, nema í tvö síðustu skipti. Þann 10. 10. 1977 þá voru á fundinum Jón Oddsson hrl. og Páll A. Pálsson hdl. auk okkar Róberts Árna, en daginn eftir þann 11. 10. 1977 þá var unnusta mín með okkur Róbert Árna.

5. Hver átti hugmyndina að því að skrifa bréf til að afturkalla framburðinn?

Svar: "Róbert Árni talaði fyrst um að á fundinum hjá honum þann 11. 10. 1977. Einnig minnir mig að Róbert Árni hafi rétt minnst á að skrifa bréf á fundinum með hinum mönnunum þann 10. 10. 1977."

6. Hvenær kom fyrst til tals milli mætta og lögfræðings hans, að mætti hefði gefið skýrslu fyrir dómi vegna málsins?

Svar: "Þann 11. 10. 1977 nefndi Róbert Árni við mig, að ég hefði ekki sagt sér frá, að ég hefði mætt fyrir dómi vegna málsins, en mig minnir endilega að ég hafi nefnt það við hann fyrr, eða nokkru áður en ég fór í sumarfrí þann 10. 6. s.l."

7. Hvenær talaði mætti fyrst um þetta mál við lögmennina Jón Oddsson hrl. og Pál A. Pálsson hdl.?

Gutenberg 137

Svar: "Ég talaði aldrei um þetta mál við þá nema á fundinum þann 10. 10. 1977."

8. Hvert var erindi mætta á skrifstofu lögfræðingsins síns þann 10. 10. 1977?

Svar: "Ég átti ekki erindi sjálfur, en Róbert Árni hringdi til mín og bað mig að koma til að sýna mér grein sem hann hafði sett í blaðið?

9. Sá mætti umrædda blaðagrein á skrifstofunni?

Svar: "Nei það fyrir fórst hjá mér að lesa hana."

10. Hver átti hugmyndina að því að boða Jón Oddsson hrl. og Pál A. Pálsson hdl. á fundinn?

Svar: "Róbert Árni, hann spurði mig hvort mér væri ekki sama þótt þeir kæmu á fundinn og sá ég ekkert, sem mælti á móti því."

11. Hverjir voru á fundinum þann 10. 10. 1977?

Svar: "Róbert Árni, ég og lögmennirnir tveir, sem ég hef tilgreint."

12. Voru fleiri lögmenn boðaðir á fundinn?

12. "Ég veit ekki til að fleiri lögmenn hafi verið boðaðir á fundinn."

13. Til hvers voru lögmennirnir boðaðir á fundinn?

Svar: "Þetta var hugmynd Róberts Árna, ég vissi ekki til hvers."

14. Sá mætti skjöl Geirfinnsmálsins hjá lögfræðingi sínum og ef svo var þá hvenær?

Svar: "Já , Jón Oddsson hrl. og Páll A. Pálsson komu með möppu á fundinn. Í henni var meðal annars skýrsla, sem ég gaf

55

hjá rannsóknarlögreglunni þann 13. 12. 1976 og las ég hana yfir."

15. Voru þessi skjöl skoðuð eitthvað nánar á greindum fundi?

Svar: "Hinir sem á fundinum voru töluðu um eitthvert ósamræmi í skjölunum milli mín og hinna í málinu, en ég fylgdist ekki með hvað rætt var um þetta."

16. Var mætti á einhvern hátt hvattur til að breyta framburði sínum á þessum fundi og ef svo var hver gerði það?

Svar: "Það hvatti mig enginn til að breyta framburðinum, nema þá helst Róbert Árni, sem talaði um að það væri mér og öllum fyrir bestu að losa mig við þann bagga og nú væri síðasti sjens fyrir mig að leiðrétta þetta, þar sem verið væri að ljúka málinu, ef ég vildi ekki að þetta hvíldi á mér alla æfi."

17. Var á þessum fundi með lögmönnunum rætt um hvort mætti ætti á hættu refsingu, ef hann breytti framburði sínum í málinu?

Svar: "Róbert Árni sagði á þessum fundi, þegar ég spurði um þetta, að ef ég yrði settur í fangelsi, þá skyldi hann kæra það og þá gætu þeir ekki haldið mér inni. Hann gaf mér í skyn að ef ég fengi einhverja refsingu þá yrði hún mjög lítil. Jón Oddsson hrl. og Páll A. Pálsson hdl. heyrðu þetta. Þeir mæltu ekkert gegn þessu. Á þessum fundi flettu lögfræðingarnir upp í bók, sem ég man ekki hvernig leit út. Róbert Árni las upp úr henni hver refsing væri fyrir rangan framburð og minnir mig að komið hafi fram þar að refsing væri hámark 4 ár."

18. Var tekin endanleg ákvörðun á fundinum með lögmönnunum hvað mætti gerði í málinu?

Svar: "Á þessum fundi tók ég ekki ákvörðun um hvað ég gerði í málinu."

55 - A

Reykjavík 14. feb. 1976.

Ég undirritaður veiti hér með rannsóknarlögreglunni í Reykjavík heimild til þess að leita í öllum þeim húsakynum, sem ég hef með að gera á jörðunum Stóra-Hofi og Oddhóli í Rangárvallahrepp, og jörðinni Skálmholti í Villingaholtshrepps.

Ég hef með að gera öll húsakyni að Stóra Hofi, að frátöldum tveim herbergjum, sem Ágúst Guðmundsson hefur umráð yfir. Að öðrum þessum herbergjum hef ég samt sem áður aðgang. Er ég tala um húsakyni, þá á ég einnig við öll útihús.

Að Oddhóli hef ég aðeins með að gera eina heyhlöðu, og bragga.

Í Skálmholti hef ég með öll húsakyni að gera, að frátöldu fjárhúsi og tilheyrandi heyhlöðu og standa þau útihús undir holti eða klettum skammt frá bænum.

Þá óska ég eftir því, að ef því verður við komið, þá verði viðstaddur leitina að Stóra Hofi, Ágúst Guðmundsson, að Oddhóli, Ólafur Jónsson og að Skálmholti Gústaf Lilliandahl.

Ágúst býr að Stóra Hofi, en hefur verið hér eitthvað til lækninga. Ólafur er bóndi á Oddhóli, en Gústaf var að Skálmholti, en er nú búsettur á Selfossi, ég er ekki viss um hvar.

Virðingarfyllst:

Sigurbjörn Eiríksson

Vottar:

Sigurbj. V. Eggertss.

Gunnar Guðmundsson

Mánudaginn 16/2 1976 kl. 1405, þá er mættur sem vitni í málinu, Gunnar Gunnarsson, gjaldkeri, tilh. Krfuhólum 2 Rvík, s. 72565,81530, f. 21/4 1945 í Rvík.

Mættum er kynnt tilefni yfirheyrslunnar og eftir að hafa verið kunngerð vitnaskyldan, skýrir mætti frá eftirfarandi, áminntur um sannsögli:

"Ég hef verið og er enn gjaldkeri körfuknattleiksdeildar K.R. Við félagarnir í körfuknattleiksdeild KR. höfum reynt að rifja upp, það sem við munum í sambandi við þriðjudagskvöldið 19/11 1974 og þá hvað við munum eftir í sambandi við Einar Bollason

Ég vil geta þess að fyrir dyrum stóð að fara í keppnisferðalag til Íslands og Austurríkis og var mikill undirbúningur að þeirri ferð daganna fyrir brottförina, en farið var á föstudegi 22/11 '74.

Mánudagskvöldið 18/11 1974 var ég á æfingu í KR heimilinu og þar var Einar mættur, ásamt öllum þeim sem fóru í ferðina, en Einar var þjálfari liðsins.

Æfingin var á tímanum frá kl. 1930-2115 eða þar um bil.

Næsta æfing fór svo fram á miðvikudeginum 20/11, en þriðjudagskvöldið ætluðum við nokkrir að hittast í KR heimilinu, til að skipuleggja sölu á fánum deildarinnar, varðandi Evrópukeppni okkar í körfuknattleik.

Ég var ekki staddur þetta þriðjudahskvöld í KR heimilinu, þar sem ég hafði nýverið selt íbúð og var að vinna við hreingerningu á henni.

Eftir því sem ég kemst næst, þá hefur Jón Otti Ólafsson tjáð mér að hann muni nokkuð vel eftir þriðjudagskvöldinu 19/11 1974.

Sagði Jón Otti að Einar hefði þar verið staddur og að um kl. 2115 hefðu þeir farið saman í bifreið Einars, frá KR heimilinu og heim til Jóns Otta, þar sem Einar lét hann út og fór svo áfram þaðan og klukkan var talin vera um k 2130, er Jón Otti var kominn heim.

Jón Otti og Hilmar Viktorsson muna eftir því að þetta kvöld þarna á milli æfinga mánudagsins og miðvikudagsins, þá voru þeir að skipuleggja fánasöluna og m.a. man Hilmar eftir því að hann seldi Ellert Schram einn fána og fékk frá ho-num greitt með tékka.

Er nú verið að kanna það atriði nánar, m.a. með því að fá ljósrit af tékkanum.

57

Vitni.

Mánudaginn 24. 10. 1977 kl. 11:25 er mættur á skrifstofu RLR, sem vitni í málinu Jóhann Sigurðsson, nemi, til heimilis að Rjúpufelli 31, Reykjavík, s: 73277, fæddur 21.4. 1956 að Hamraendum, Stafholtstungum, Borgarfirði, nnr. 4992-2000.

Honum er kynnt tilefni yfirheyrslunnar, sem er að kanna hvort hann hugsanlega geti gefið einhverjar uppslýsingar um hvar Sigurður Óttar Hreinsson var staddur að kvöldi þess 19. 11. 1974.

Hann skýrir svo frá áminntur um sannsögli:

"Ég þekki Sigurð Óttar, en við vorum skólafélagar úr Laugalækjarskóla og Vogaskóla. Ég átti heima í næsta húsi við hann um tíma og umgekkst hann mikið. Þegar Sigurður Óttar bjó hjá ömmu sinni að Grettisgötu 82, þá var ég farinn að umgangast hann minna en áður. Ég kom til hans þangað einu sinni eða tvisvar, en ekki man ég á hvaða tíma það var. Ég man ekkert eftir deginum 19. 11. 1974 og get því ekki sagt neitt um hvar Sigurður Óttar var þá staddur.

Ég held að ég megi segja, að það hafi verið heima hjá Sigurði Óttari rétt eftir síðustu áramót, að ég heyrði hann fyrst tala um, að hann hafi verið hjá rannsóknarlögreglunni vegna Geirfinnsmálsins. Ég man ekki hvernig þær umræður byrjuðu. Hann talaði lítið um málið og forðaðist ég að spyrja hann neitt af ráði umþetta. Ég man ekki til að hann hafi sagt neitt úr málinu sjálfu, heldur talaði hann smávegis um yfirheyrslur lögreglunnar. Ekki minnist ég þess, að hann hafi fundið neitt að yfirheyrslum lögreglunnar, en ég man, að hann talaði um að nokkrir hefðu yfirheyrt hann og þar á meðal Karl Schütz og Örn Höskuldsson. Ég man að hann talaði um að Karl Schütz hefði verið ósköp mannlegur og hefði verið eini maðurinn með viti,

Gutenberg 137

58

eins og hann orðaði það. Sigurður Óttar talaði þannig, að hlutur hans hefði enginn verið í þessu máli, en ég heyrði hann þó ekki segja, að hann hefði ekki farið ferðina til Keflavíkur. Ég hef svo frétt í sumar, að hann hafi látið hafa eftir sér, að hann hafi ekki farið ferðina.

Ég man ekki eftir hvernig Sigurður Óttar var klæddur í nóv. 1974, en mig minnir að á þeim tíma hafi hann átt hvít jakkaföt."

Yfirheyrsla lauk kl. 11:55.

Vottar:

Smári Sigurðsson

Staðfest rétt bókað,

Jóhann Sigurðsson

Grétar Sæmundsson lögreglum.

Gutenberg 137

59

Vitni.

Mánudaginn 24. 1o. 1977 kl. 14:5o mætir á skrifstofu RLR, sem vitni í málinu Jón Þorvaldur Waltersson, framkvæmdastjóri, til heimilis að Hverfisgötu 82, Reykjavík, s: 13655, fæddur 1o. 12. 1954 í Reykjavík, nnr. 5198-4943.

Honum er kunnugt tilefni yfirheyrslunnar og skýrir hann svo frá áminntur um sannsögli:

"Í des. í fyrra þá kom ég á skrifstofu rannsóknarlögreglunnar og talaði þar við Eggert N. Bjarnason lögreglumann. Mér er hér birt það sem hann skrifaði eftir mér það sinn og er þar rétt eftir mér haft. (Skýrsla dagsett 14. 12. 1976 bls. 970) Það var einhvern tíma um hádegisbilið eða rétt fyrir kl. 12:oo að Eggert kom til mín þennan dag og talaði við mig um málið. Hann boðaði mig svo til frekara viðtals á skrifstofuna. Ég kom á skrifstofuna síðari hluta dags. Þetta kvöld milli kl. 19:oo til 19:3o að mig minnir þá hitti ég Sigurð Óttar að máli á skrifstofu rannsóknarlögreglunnar að lögreglumönnum viðstöddum.

Ég hafði verið spurður um hvort ég hefði lánað Sigurði Óttari bifreiðina þann 19. 11. 1976 og mundi ég ekki eftir því í sambandi við umræddan dag. Lögreglumenn létu okkur Sigurð Óttar ræða um þetta atriði. Ég spurði Sigurð Óttar að því hvort hann hefði tekið bifreiðina og man ég ekki betur eftir en hann svaraði því játandi. Ég spurði Sigurð Óttar hvort hann hefði sett olíu á bifreiðina og sagðist hann hafa gert það á Umferðarmiðstöðinni. Ég man ekki til að ég hafi rætt neitt annað við hann um málið, en Sigurður Óttar bað mig fyrir lyf, sem ég kom heim til hans að Kleppsvegi.

Daginn eftir kom Sigurður Óttar til mín á skrifstofuna og spurði ég hann þá um málið. Ég spurði hann m.a. hvort hann hefði farið umrædda ferð til Keflavíkur og þá neitaði hann því og sagðist ekki hafa farið, en hafði þó áður verið á báðum áttum með það. Ég talaði við hann um þetta í talsverðan tíma.

Gutenberg 137

60

Ég hef þekkt Sigurð Öttar talsvert náið. Þegar ég sá hann á skrifstofu rannsóknarlögreglunnar þann 14. 12. 1976 og þegar hann kom til mín daginn eftir, þá fannst mér hann ekki vera eins og hann á að sér. Þó er erfitt að lýsa ástandi hans, en mér fannst hann vera sljór og þungur og fannst mér hann eiga erfitt með að tjá sig. Hann talaði um að lögreglan hefði spurt sig mjög mikið og hann hefði ekki fengið nægan tíma til að átta sig á málinu. Ekki man ég til að hann hafi neitt kvartað undan lögreglunni.

Ég man að við athugun í fyrra þá kom í ljós, að Guðmundur Valdimarsson hafði verið með bifreiðina í fastri vinnu hjá Félagsmálastofnun Reykjavíkur í nóv. 1974. Þegar um fast verkefni var að ræða, þá var venja að taka olíu á bifreiðina eftir að vinnu lauk á kvöldin. Það var gert á olíustöðinni í eða á sendibílastöðinni Borgartúni. Hugsanlegt er að enn séu til olíunótur frá þessum tíma. Venjan var að fyllt var á tankinn, þegar olía var tekinn. Olíumælir var í lagi að mig minnir. Ég minnist þess nú, að olíulokið á bifreiðinni var læst og var ekki til lykill að því, en í staðinn var notað skrúfjárn, sem var í verkfærakassa fyrir aftan bílstjórasætið.

Ekki man ég hvort olíueyðsla hafði verið mæld, en ég get áætlað að eyðslan hafi verið hámark 2o-25 l. per 100 km."

Yfirheyrslu lauk kl. 15:3o.

Grétar Sæmundsson lögreglum.

Staðfest rétt bókað.

Jón [illegible] Waltersson

Gutenberg 137

61

Vitni.

Mánudaginn 24. 10. 1977 kl. 16:10 mætir á skrifstofu RLR, sem vitni í málinu Kristinn Óli Kristinsson, forstjóri, til heimilis að Vesturhólum 11, Reykjavík, s: 75215, fæddur 10. 6. 1940 í Reykjavík, nnr. 5821-0846.

Honum er kynnt tilefni yfirheyrslunnar og skýrir hann svo frá áminntur um sannsögli:

"Sigurður Óttar er búinn að vera í vinnu hjá mér eitthvað á annað ár. Í des. í fyrra er hann var frá einn dag, þá spurði ég hann er hann kom aftur til vinnu hverju það hefði sætt, og sagði hann mér þá, að hann hefði verið til yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni vegna Geirfinnsmálsins. Ekki spurði ég hann þá nánar um þetta, en hann gat þess sjálfur, að þar hefði einn frændi hans átt hlut að. Nokkru síðar kom svo nafn hans á prenti vegna málsins. Þá barst þetta í tal aftur og þá fyrst fékk ég fréttir að að hann myndi hafa ekið sendibifreið til Keflavíkur í sambandi við málið. Ég man eftir að hann talaði um, að lögreglan vildi meina, að hann hefði ekið og einnig man ég eftir, að milli starfsmannanna var talað um, að hann hefði sagt að hann myndi ekki eftir að hafa keyrt bifreiðina en hann hlyti að hafa gert það. Var sérstaklega rætt um það meðal vinnufélaganna, að þetta væri undarleg setning.

Ég heyrði hann aldrei segja það, að hann hefði ekið sendibifreiðinni umrætt sinn, og voru alltaf einhverjar efasemdir um málið. Ég heyrði hann ekki kvarta undan rannsóknarlögreglunni nema hvað hann kvartaði undan löngum og eða ströngum yfirheyrslum. Eitthvað talaði hann um að hann þyldi illa innilokun. Mig minnir, að það hafi svo verið í síðarihluta júlí s.l. að hann talaði við mig um að,,þetta væri ljóta vitleysan sem hann væri kominn út í. Talaði hann um, að hann myndi ekki eftir að hafa farið ferðina og hann væri að hugsa um að draga allt til baka. Ég spurði hann hvort hann myndi ekki eftir að hafa farið þessa ferð og svaraði hann því að hann vissi það ekki. Mér fannst hann alla tíð vera óöruggur í frásögnum sínum af

Gutenberg 137

62

málinu. Ég veit ekki til að hann hafi átt trúnaðarfelaga a vinnustað, sem hann gæti hafa rætt við um málið. Mér fannst á honum, að hann teldi sig með framburðinum hafa verið að hjálpa lögreglunni, og að nafn hans hefði ekki átt að koma fram í blöðum, enda varð honum mikið um, er það gerðist."

Yfirheyrslu lauk kl. 16:5o.

Vottur:

Hellert Jóhannesson

Staðfest ~~rétt bókað~~,

Kristinn G. Kristinsson

Grétar Sæmundsson, lögreglum.

Gutenberg 137

63

Vitni.

Mánudaginn 24. 10. 1977 kl. 16:55 mætir á skrifstofu rannsóknarlögreglu síkisins, sem vitni í málinu, Jón Otti Jónsson, prentari, til heimilis að Kleppsvegi 4, Reykjavik, s: 82541, fæddur 17. 1. 1930 í Reykjavík, nnr. 5155-5902.

Honum er kunnugt tilefni yfirheyrslunnar og skýrir hann svo frá áminntur um sannsögli:

"Eg man eftir því að í des. í fyrra komu tveir rannsóknarlögreglumenn heim til mín ásamt Sigurði Óttari Hreinssyni, en hann leigði hjá mér þá. Eg man að erindi hans var að sækja lyf, sem hann átti geymt í ísskáp hjá mér.

Ekki er ég alveg viss um á hvaða tíma dags þetta var, en ég vinn til kl. 16:15 að venju og tel ég að þetta muni hafa gerst á tímabilinu frá kl. um 16:30 til kl. 18:30.

Kvöldið eftir kom hann heim aftur og barst þá í tal hvers vegna hann var hjá lögreglunni. Hann sagði mér þá að lögreglan hefði verið að yfirheyra sig um ferð til Keflavíkur í sambandi við Geirfinnsmálið. Ég man að hann talaði um að hann væri ekki viss um hvort hann hefði farið þessa ákveðnu ferð eða farið þarna í annað skipti. Hann virtist þreyttur, er hann kom heim og var eg því ekkert að spyrja hann frekar út í málið. Hann talaði ekkert um samskipti sín við lögregluna við mig."

Yfirheyrslu lauk kl. 17:05.

Gretar Sæmundsson lögreglum.

Staðfest rétt bókað,

Jón Otti Jónsson

Jón Otti Jonsson

Gutenberg 137

64

Vitni.

Þriðjudaginn 25. 10. 1977 kl. 10:15 mætir á skrifstofu RLR, sem vitni í málinu, Ingibjörg Þorsteinsdóttir, atvinnulaus, til heimilis að Haukshólum 2, Reykjavík, s: 73906, fædd 27. 6. 1953 í Reykjavík nnr. 4651-6265.

Henni er kynnt tilefni yfirheyrslunnar, sem er að kanna hvort hún hugsanlega geti gefið einhverjar upplýsingar um hvar Sigurður Óttar Hreinsson var staddur að kvöldi þess 19. 11. 1974.

Hún skýrir svo frá áminnt um sannsögli:

"Haustið 1974 þá bjó ég að Grettisgötu 16b, sem er bakhús i svokölluðu Hansaporti. Það mun hafa verið sumarið, eða fyrrihluta hausts 1974 að ég kynntist Sigurði Óttari og strák sem hann var með og heitir Jón. Nokkru eftir að ég kynntist þeim fóru þeir til sólarlanda. Eftir þá ferð kom Sigurður Óttar nokkrum sinnum heim til mín, þar sem hann var þá kunningi vinkonu minnar sem kölluð er Inga. Ekki man ég að tilgreina nein ákveðin skipti, sem hann kom. Ég man ekki sérstaklega eftir deginum 19. 11. 1974 og get því ekkert fullyrt um hvar Sigurður Óttar var þá staddur. Hann hætti svo að koma i heimsókn eftir nokkrar vikur að mig minnir og hef ég sjaldan hitt hann síðan. Ég hef ekki hitt hann eftir að hann var látinn laus frá lögreglunni í des. s.l.

Á þeim tíma, sem hann kom heim til mín þá man ég að hann var stundum í hvítum jakkafötum, en stundum í svörtum. Þá átti hann einnig gallabuxur og svartan leðurjakka."
Yfirheyrslu lauk kl. 10:35.

Skýrsluna skráði:

Grétar Sæmundsson lögreglum

Staðfest rétt bókað,

Ingibjörg Þorsteinsdóttir

Vottur:

Sæmi Sigurðsson

Gutenberg 137

Vitni

Þriðjudaginn 25.10. 1977 kl. 13.04 mætir á skrifstofu RLR, sem vitni í málinu Páll Arnór Pálsson, hdl., til heimilis að Grænuhlíð 13, Reykjavík, f. 5. júní 1948 í Reykjavík.
Vitninu er kunnugt um vitnaskylduna og ábyrgð hennar.
Vitninu er kunngert tilefni fyrirkallsins.
Vitnið kveðst reiðubúið að tjá sig.

1. Með hvaða hætti hófust afskipti yðar af þeim þætti svonefnds Geirfinnsmáls er varðar afturköllun Sigurðar Óttars Hreinssonar á framburði sínum?

Svar: "Fyrstu afskipti mín voru þau að Róbert Árni Hreiðarsson hringdi í mig á skrifstofuna um miðjan dag mánudaginn 10. þ.m. og tjáði mér að hann væri lögmaður Sigurðar Óttars Hreinssonar sem er einn af vitnum í Geirfinnsmálinu og sagði mér að Sigurður Óttar héldi því fram að hann hefði aldrei farið til Keflavíkur 19. nóvember 1974 og að framburður hans hjá lögreglu væri ekki réttur. Ég var undrandi á þessu og sagði Róbert að maðurinn væri búinn að gefa skýrslu fyrir dómi og heitfesta hana. Þetta virtist koma Róbert á óvart og hann sagðist vera að íhuga hvað maðurinn ætti að gera og með hverjum hætti hann ætti að snúa sér í málinu. Ég sagðist mundi sýna honum svart á hvítu að maðurinn hefði heitfest framburð sinn í málinu með því að sýna honum vitnaskýrslurnar og lofaði að koma til hans á milli kl. 4 og 5 með þær."

2. Hvar voruð þér staddur, er þér voruð boðaðir á fundinn á skrifstofu Róberts Árna Hreiðarssonar, lögfræðings?

Svar: "Rétt fyrir kl. 5 þennan dag, var ég staddur á skrifstofu Jóns Oddssonar og var ekki búinn að fara til Róberts. Hringdi ég því til hans og sagðist vera að koma, en þá sagði Róbert að Óttar væri hjá honum og er hann komst að því að ég var á skrifstofu Jóns, þá bað hann okkur að koma á fund á skrifstofu sína kl. 17.15 að Laugavegi 33."

3. Rædduð þið Jón Oddsson eitthvað þetta mál ykkar í milli fyrir fundinn?

Svar: "Mig minnir að ég hafi sagt honum lítillega frá símtali Róberts við mig."

4. Hver voru viðbrögð Jóns Oddssonar við þessum fréttum?

Svar: "Hann var jafn undrandi og ég."

5. Hverjir voru á fundinum?

Svar: Róbert Árni, Sigurður Óttar, Jón Oddsson og ég."

6. Um hvar var rætt á fundinum?

Svar: "Óttar sagði frá því sem hann gaf skýrslu um á dómþingi í sakadómi Reykjavíkur þann 13.10. s.l. Þar sem ég átti bágt með að trúa því sem hann sagði, þá urðu nokkrar umræður um efnisatriði framburðar hans og síðan er hann hélt því fram að þetta væri sannleikurinn í málinu, þá sögðum við að hann yrði að láta sakadóm vita strax."

7. Hverjir eru þessir "við"?

Svar: "Það erum við Jón og Róbert, a.m.k. Jón og ég."

8. Var SÓH. á einhvern hátt hvattur til að breyta framburði sínum, sem hann hafði áður gefið?

Svar: "Það get ég ómögulega sagt, enda sagði ég að þetta væri alveg á valdi Sigurðar Óttars hvað hann gerði. Ég vissi í raun og veru ekki hver sannleikurinn var."

9. Var SÓH. á þessum fundi skýrt frá því að hann kynni að eiga yfir höfði sér refsingu skv. XV.kafla alm. hgl., ef hann breytti framburði sínum?

Svar: "Já vissulega."

67

10. Með hvaða hætti var það gert og hver gerði það ?

Svar: "Ég man ekki nákvæmlega hvernig það var, en ég man eftir umræðum um þetta sérstaklega með tilliti til heitfestingarinnar"

11. Var athygli Sigurðar Óttars Hreinssonar sérstaklega vakin á refsiákvæðum 142. gr. alm. hgl.

Svar: "Já mig minnir það."

12. Hver gerði það?

Svar:"Það var ekki ég, mig minnir helzt að það hafi verið Róbert."

13. Var eitthvað rætt um hugsanlegt gæzluvarðhald?

Svar: Já, það kom til tals að Sigurður Óttar ætti á hættu gæzluvarðhald."

14. Munið þér að skýra frá því sem Róbert Árni sagði í því sambandi?

Svar: " Nei, ég man ekki eftir því."

15. Var tekin einhver ákvörðun um það á þessum fundi, hvað SÓH. ætti að gera í málinu ?

Svar: "Fundurinn í heild var ekki að taka ákvörðun að mínu áliti, heldur varð það úr að Róbert Árni skrifaði sakadómi Reykjavíkur og segði frá viðhorfum Sigurðar Óttars í málinu."

16. Heyrði vitnið Sigurð Óttar fela Róbert að skrifa slíkt bréf?

Svar: "Já ég er á því. Annars fórum við Jón út á undan Róbert og Sigurði Óttari og ég veit ekki hvað þeim fór á milli eftir það."

17. Er það rétt, að fyrir fundinum hafi legið óundirritað afturköllunarbréf, sem Sigurður Óttar hafi neitað að undirrita vegna andstöðu unnustu hans?

68

Svar: "Ég sá aldrei slíkt bréf."

18. Hvað ræddu þið Jón Oddsson um málið eftir að þið fóruð af fundinum?

Svar: "Mjög lítið, einungis á leiðinni niður stigann því við héldum í sín hvora áttina á okkar bifreiðum. Efni umræðanna var ekki annað en það að sakadómur Reykjavíkur yrði að ákveða hvað gert yrði þegar að og ef þessi nýji framburður kæmi til dómsins."

19. Hafið þið Jón Oddsson rætt þetta mál frekar í annan tíma?

Svar: "Já, eitthvað símleiðis".

20. Veit vitnið með hvaða hætti vitneskjan um þennan fund þ.e. 10.10. s.l. komst til vitundar til sakadóms Reykjavíkur?

Svar: "Jón Oddsson sagði mér, að hann hefði farið á fund Haraldar Henryssonar sakadómara og skýrt honum frá þessu á miðvikudagsmorgun 12. þ.m."

21. Veit vitnið hvers vegna Jón Oddsson eftirlét Róbert Árna ekki að gera það sjálfan?

Svar: "Nei, ég veit það ekki."

Vitnið tekur fram að það hafi heyrt frá Jöni Oddssyni að kærasta Sigurðar Óttars hafi á einhvern hátt ekki viljað að Sigurður Óttar gæfi þessa nýju skýrsu og þetta hafi tafið það að bréfið kæmi frá Róbert Árna. Róbert Árni hefur sagt vitninu að þetta fái ekki staðist, alla vega hafi engar umræður orðið um þetta á milli Jóns Oddssonar og Róberts.
Vitnið fékk það því á tilfinninguna, að vitneskja Jóns um þetta, hafi ráðið því að hann fór til sakadóms Reykjavíkur og skýrði frá vitneskju sinni um þetta mál.

ÞÞ

69

Staðfest rétt bókað

Páll Arnór Pálsson

Skýrsluna skráði:

Þórunn Sigfúsd.

Vottur:

Grétar Ásmundsson lögreglum.

Yfirheyrslunni stjórnaði:

Þórir Oddsson deildarstjóri.

Yfirheyrslu lauk kl. 14.30.

Þriðjudaginn 25.10. 1977 kl. 15.00 mætir á skrifstofu RLR, sem vitni í málinu Jón Oddsson hrl., til heimilis að Miðstræti 4 hér í borg, f. 5.1. 1941 í Reykjavík.

Vitni

Vitninu er kunnugt um vitnaskylduna og ábyrgð hennar.

Vitninu er kunngert tilefni fyrirkallsins.

Vitnið kveðst reiðubúið að tjá sig.

1. Með hvaða hætti hófust afskipti yðar af þeim þætti svonefnds Geirfinnsmáls er varðar afturköllun Sigurðar Óttars Hreinssonar á framburði sínum?

Svar: "Fyrri hluta mánudags 10.10. s.l. hringir Páll A Pálsson á skrifstofuna til mín og segir mér að Róbert Árni Hreiðarsson lögfræðingur hafi haft samband við sig þá um daginn og skýrt Páli frá því að Sigurður Óttar Hreinsson hafi látið í það skýna að framburður hans væri ekki réttur. Um kl. 16.00 þennan dag kemur Páll Arnór á skrifstofuna til mín og ræðum við málið. Þá hringir Páll Arnór í Róbert og minnir mig að Róbert hafi hringt skömmu seinna í okkur Pál þar sem við vorum á skrifstofu minni og boðar okkur á fund á skrifstofu sína að Laugaveg 33 um hálf sex. Síðan förum við Páll Arnór á þennan fund og hittum þar Róbert Árna og Sigurð Óttar. Fundurinn stóð í ca. klukkustund. Morguninn eftir fer ég til Róberts eins og um hafði verið talað til að líta á bréf sem hann ætlaði að skrifa sakadómi Reykjavíkur af þessu tilefni. Þá segir Róbert við mig að bréfið sé ekki tilbúið og hann muni hafa samband við mig síðar. Um kl. 20.00 hringi ég síðan heim til Haraldar Henryssonar og tjái honum málavexti og svo strax morguninn eftir þ.e. miðvikudagsmorgunn hitti ég Gunnlaug Briem í sakadómi af þessu tilefni."

71

2. Um hvað var rætt á fundinum hjá Róbert Árna ?

Svar: "Sigurður Óttar og Róbert, skýrðu frá málavöxtum, og ég ráðlagði Róbert sem lögfræðingi Sigurðar Óttars að skrifa bréf til sakadóms. Sigurður Óttar skýrði okkur frá atvikum mjög á sama veg og komið hefur fram fyrir dómi og Róbert staðfesti að Sigurður hefði á sama hátt skýrt sér frá málavöxtum í desember 1976."

3. Var Sigurður Óttar á einhvern hátt hvattur til að breyta framburði sínum sem hann hafði áður gefið?

Svar: "Nei, en hins vegar bentum við Róbert á 136. gr. opinberra laga 74/1974 og rætt var um að hann hætti á að gera sig brotlegan við lögin með þessu athæfi. Hins vegar bentum við honum á að hann skyldi strax fá sér réttargæzlumann og krefjast þess að hann yrði viðstaddur allar yfirheyrslur."

4. Var SÓH. á þessum fundi skýrt frá því, að hann kynni að eiga yfir höfði sér refsingu skv. XV. kafla alm. hgl., ef hann breytti framburði sínum?

Svar: "Já."

5. Með hvaða hætti var það gert og hver gerði það?

Svar: "Ég minnist þess að þetta hafi komið fram í viðræðum okkar Róberts Árna, kannski einkum þegar rætt var um hvernig hann ætti að bera sig að eða tilkynna sakadómi þetta."

6. Minnist vitnið þess að 142. gr. alm. hgl. hafi verið lesin í heyranda hljóði fyrir Sigurð Óttar á fundinum?

Svar: "Nei."

Gutenberg 137

7. Var tekin einhver ákvörðun um það á þessum fundi hvað Sigurður Óttar ætti að gera í málinu?

Svar: " Fundinum lauk með því að Róbert og Sigurður voru eftir á skrifstofunni og rætt hafði verið um, að Róbert hefði tilbúið bréf til sakadóms morguninn eftir, og bað hann mig þess vegna að líta við hjá sér morguninn eftir til að renna yfir bréfið. Við Páll Arnór tókum enga afstöðu til aðgerðanna."

8. Ræddi vitnið eitthvað um málið við Pál Arnór eftir að fundinum lauk?

Svar: "Já, við gengum saman út af fundinum að bifreið Páls og ræddumst þar við í nokkrar mínútur um hver væru eðlileg viðbrögð af okkar hálfu. Mig minnir að við Páll höfðum talað í símann daginn eftir og um þetta ræddi ég ekki svo við aðra fyrr en Harald Henrysson, því fundur okkar Róberts um morguninn var ekki nema ein til tvær mínútur þar sem bréfið lá ekki fyrir og bar Róbert við að hann hefði ekki komist til að skrifa bréfið."

9. Minnist vitnið þess að athygli Sigurðar Óttars hafi verið vakin á því að hann kynni að eiga yfir höfði sér gæzluvarðhald?

Svar: "Já".

10. Með hvaða hætti var það gert og hver gerði það?

Svar: "Þetta kom fram í viðræðum við Róbert Árna að Sigurði viðstöddum, og man ég eftir því að Sigurður talaði um að hann væri haldinn innilokunarkennd."

11. Hvað sagði Róbert Árni um þetta atriði þ.e. gæzluvarðhald?

Svar: "Ég man ekki einstök atriði og að ekki hafi neitt komið fram hjá Róbert Árna til að draga úr því að um gæzluvarðhald yrði að ræða, en hins vegar var megin áherzla lögð á það að Sigurður gerði kröfu um að réttargæzlumaður yrði ávalt viðstaddur yfirheyrslur."

73

12. Þekkir vitnið Sigurð Óttar frá fyrri tíð?

Svar: "Ég minnist ekki að hafa séð hann fyrr en á þessum fundi."

13. Hvers vegna skýrðuð þér tveimur dómendum við sakadóms Reykjavíkur frá vitneskju yðar en eftirlétuð Róbert Árna ekki að gera það?

Svar: "Morguninn eftir fundinn, stóð til að Róbert færi með bréf til dómara málsins og um kl. 15.3o sama dag hringir Róbert Árni á skrifstofuna til mín og fer að tala um að þessar upplýsingar hljóti að hafa lekið eitthvað út en við séum bara þrír auk Sigurðar Óttars sem vitum eitthvað um þessi atriði. Þá gat hann þess að Sigurði reyndist erfitt að sannfæra unnustu sína um að hann þyrfti að gera þetta og hafði hún sagt Sigurði að hún væri þessu mótfallin. Kl. 20 um kvöldið taldi ég mér ekki fært að þegja lengur um þetta gagnvart sakadómi Reykjavíkur og hefði kannski hringt fyrr um daginn ef embættið hefði verið í símasambandi."

14. Voru skjöl úr Geirfinnsmálinu til umræðu á fundinum?

Svar: "Páll Arnór Pálsson kom með skýrslur af framburði Sigurðar Óttars úr Geirfinnsmálinu og þá fyrst virtist mér Róbert Árna verða það ljóst að framburður Sigurðar Óttars var eiðfestur. Páll skyldi skjöl þessi eftir svo Róbert Árni hefði þau til afnota vegna væntanlegs bréfs hans morguninn eftir. Umrædd skjöl voru lögregluskýrslur merktar SÓ og endurrit af dómskýrslum og blaðaði Róbert Árni eitthvað í þessu og benti Páll Arnór þá sérstaklega á að framburðurinn væri eiðsvarinn, hins vegar minnist ég ekki að Sigurður Óttar hafi blaðað í skýrslunum."

Vitnið minnist þess að Páll Arnór hafi spurt Sigurð Óttar að því þegar Sigurður Óttar var búinn að skýra frá atvikum, hvort hann væri alveg öruggur að þetta væri rétt hjá honum eða hvort annað lægi á bak við. Viðbrögð Sigurðar Óttars voru þau að

74

hann hefði skýrt okkur rétt frá atvikum og minnist ég þess sérstaklega að hann hafi ekki sagst hafa farið til Keflavíkur.

Vitnið hefur ekkert frekar fram að færa.

Staðfest rétt bókað

Skýrsluna skráði:

Þórunn Sigfúsd.

Jón Oddsson hrl.

Vottur:

Grétar Sæmundsson lögr.m.

Yfirheyrslunni stjórnaði:

Þórir Oddsson, deildarstjóri.

Yfirheyrslu lauk kl. 15.50.

75

Þriðjudaginn 25.10. 1977 kl. 18.22 mætir á skrifstofu RLR, Róbert Árni Hreiðarsson, lögfræðingur, til heimilis að Rjúpufelli 22 hér í borg, f. 16.5.1946 í Reykjavík.

Mætta eru kunnar reglur réttarfarslega um réttarstöðu vitna og sakborninga við rannsókn opinberra mála hjá rannsóknarlögreglu og sakadómi.

Brýnt er alvarlega fyrir mætta að gefa sönn og rétt svör við spurningum rannsóknarlögreglu og draga ekkert undan er máli kann að skipta.

Mætta er kunngert tilefni fyrirkallsins.

Hann kveðst reiðubúinn að tjá sig.

1. Hvenær kom Sigurður Óttar Hreinsson fyrst að máli við yður v/svonefnds Geirfinnsmáls og hverju skýrði hann yður frá?

Svar: "~~Þaðxxaxx~~ Þann 15. desember s.l. kom hann að tali við mig snemma að morgni dags og sagðist þá hafa verið í haldi hjá lögreglu frá því síðla dags 13. desember fram á kvöld hins 14. Tilefnið sagði hann hafa verið það að hann hafi verið kallaður fyrir sem vitni og spurður um það hvort hann hafi farið til Keflavíkur á sendiferðabíl daginn sem Geirfinnur var sagður myrtur. Sagði hann mér að hann hefði ekki fyrir þennan tíma sett sig á einn né annan hátt í samband við Geirfinnsmálið og sagðist hafa gefið sína fyrstu skýrslu í samræmi við það. Eftir þá skýrslutöku sagðist hann hafa verið færður í Síðumúla og hafður þar í haldi fram á næsta dag. Þá um morguninn hafi hann verið færður til yfirheyrslu að nýju og haldið í yfirheyrslum svo til stanzlaust fram undir miðnætti eða um 11 að kvöldi. Þar sagði hann að hefði verið menn frá rannsóknarlögreglu og sakadómi

Gutenberg 137

og hefðu þeir spurt hann leiðandi spurninga, lesið upp úr skýrslum vitna og sakborninga og sagt að hann hlyti að hafa verið á hinum og þessum nánar tilteknum stöðum og vitnuðu þá gjarnan í vitnisburð annarra þar um m.a. sagði hann að við yfirheyrslur hafi einn rannsóknarmanna komið askvaðandi inn í herbergið með herðatré og sagðist hann um tíma hafa óttast að beita ætti því gegn sér. Aðspurður sagðist hann hafa gefið 2 skýrslur þennan dag og hafi hann við þá skýrslugjöf verið hættur að trúa fyrri sannfæringu sinni um það að hann hefði engin afskipti haft af svonefndu Geirfinnsmáli, en talið rannsóknarmennina vita betur. Spurði ég hann gagngert um það hvort hann vildi að ég aðhefðist eitthvað í málinu og hlutaðist til um að skýrslurnar yrðu afturkallaðar og sagði hann að þetta hlyti að vera rétt sem haldið væri fram af rannsóknarmönnum um þátt hans í málinu."

2. Svöruðuð þér einhverju öðru?

Svar: "Nei, ekkert frekar var aðhafðst í málinu, enda enginn vilji af hálfu Sigurðar Óttars í málinu."

3. Kom SÓH. á skrifstofu yðar til að ræða um þetta mál áður en hann kom fyrir dóm í maí s.l. og ef svo er þá hve oft og hvenær ?

Svar: "Næstu afskipti mín af málinu voru í febrúar s.l. en þá kom Sigurður Óttar til mín óhress mjög og sagði að nafn sitt væri nefnt í öllum fjölmiðlum í tengslum við Geirfinnsmálið og jafnvel bornar upp á hann sakir í fjölmiðlum sem hann sagði í engu samræmi við skýrslugjöf sína. Spurði hann mig hvort hann gæti höfðað skaðabótamál vegna nafnbirtingarinnar og hinum ranga fréttaflutningi en ég taldi ýmsa vankanta á því, Sagðist hann ekki una því að nafn hans væri birt með þessum hætti í tengslum við málið enda sagði hann að sér hefði verið

SÓH

lofað að nafn hans yrði ekki birt opinberlega í tengslum við málið. Spurði hann mig hvort ég vildi hlutazt til um það að fjölmiðlum yrði send leiðrétting þar sem kæmi fram að hann hefði ekki haft neina vitneskju um það sem flytja ætti til eða frá Keflavík kvöldið sem að Geirfinnur er sagður myrtur. Sagðist ég skyldi kanna málið og hafði samband við Eggert Bjarnason rannsóknarlögreglumann og þá aðallega með það í huga að fá staðreynt, hver hlutur Sigurðar Óttars væri sagður í málinu. Kom þar fram m.a. að ekkert hefði bent til þess að Sigurður Óttar Hreinsson hefði vitað hvað ætti að flytja þetta umrædda kvöld né hvert hið raunverulega erindi var. Sendi ég síðan fjölmiðlum leiðréttingu og minnti þá meðal annars á/ábyrgð þeirra í fréttaflutningi af málum sem þessum, átaldi nafnbirtinguna og taldi hana tilhæfulausa með öllu. Hafði ég ekki önnur afskipti af málinu fyrr en við flutning málsins í október s.l."

4. Hvenær kom fyrst til tals á milli yðar og SÖH., að hann hefði gefið skýrslu fyrir dómi v/ málsins ?

Svar: " Hinn 10. október kom Sigurður Óttar til mín og sagði að efasemdir hefðu magnast svo mjög með honum um réttmæti fyrri framburðar hans að honum fyndist rétt að slíkt kæmi fram. Spurði ég hann þá hver væri staðan í málinu gagnvart honum en gat hann lítið svarað því. Spurði ég hann gagngert, hvort hann hefði komið fyrir dóm og gefið þar skýrslu. Sagði hann svo ekki vera. Ég sagðist skyldi kanna málið og hringdi í því sambandi í Pál Arnór Pálsson lögfræðing sem er skólafélagi minn gamall, þar sem ég vissi að hann gæti frætt mig meðal annars á því, hvort Sigurður Óttar Hreinsson hefði komið fyrir dóm. Sagði Páll að Sigurður Óttar hefði komið fyrir dóm, gefið þar skýrslu og svarið eið að henni." Bauðst Páll Arnór til þess að lána mér skýrslur um framburð Sigurðar fyrir lögreglu og rétti þannig að ég gæti séð hvað Sigurður Óttar hefði borið."

ÁHH

5. Kvöddu þér SÓH. til fundar við yður þann 10.10. s.l. eða kom hann sjálfur að eigin ósk?

Svar: "Sigurður Óttar kom tvisvar þennan dag. Í fyrra skiptið lagði hann fyrir mig vandamál sín samanber það sem áður er sagt og ég sagðist skyldi kanna málið og bað hann að hafa samband við mig síðar um daginn. Sigurður Óttar kom til mín um 5 leytið og stuttu síðar kom Páll Arnór með skýrslurnar og var Jón Oddsson í fylgd með honum. Aðspurður um veru Jóns Oddssonar á staðnum hef ég þetta að segja: Páll Arnór mun hafa haft samband við Jón Oddsson eftir símtal okkar Páls þá fyrr um daginn og hringdi Páll í mig stuttu fyrir komu sína og sagðist vera hjá Jóni Oddssyni og hafa sagt honum frá þessum efasemdum Sigurðar Óttars og vilja hans til að koma þeim að."

6. Hvert var tilefni fundarins?

Svar: "Tilefnið var ekkert. Málin atvikuðust þannig að Sigurður Óttar var á leiðinni til mín eða staddur hjá mér þegar Páll hringdi og var með Jóni. Sagði ég Páli frá því og held ég frekar að Sigurður Óttar hafi verið staddur hjá mér og sagðist þá Páll taka Jón með sér er hann afhenti mér skýrslurnar."

7. Hverjir voru á fundinum þann 10.10. á skrifstofu yðar?

Svar: "Ég, Sigurður Óttar, Páll Arnór og Jón Oddsson."

8. Kvöddu þér aðra lögmenn á fundinn?

Svar: "Nei". "Að gefnu tilefni finnst mér ástæða til að taka fram, að ég tel að hér hafi ekki verið um neinn fund að ræða í þess orðsins merkingu þar sem ekki var til hans boðað á einn eða annan hátt heldur atvikuðust

Gutenberg 137

málin þannig að þeir Páll Arnór og Jón Oddsson komu á þeim tíma sem Sigurður Óttar var staddur á skrifstofunni."

9. Hvað var gert við skjölin úr Geirfinnsmálinu á fundinum?

Svar: "Ég minnist þess ekki að annað hafi verið við þau gert en að Páll Arnór afhenti mér þau. Aðspurður svara ég því til að eflaust hafi verið blaðað í þeim en ég minnist þess ekkert sérstaklega."

10. Var eitthvað rætt um afturköllun SÓH. á framburði sínum í málinu á þessum fundi?

Svar: "Jón Oddsson stakk upp á því að dóminum yrði ritað bréf þar sem að Sigurður Óttar afturkallaði fyrri framburð. Einhverjar umræður voru aðrar um það hvernig bezt væri að nálgast dóminn í því að koma fram efasemdum Sigurðar Óttars um réttmæti fyrri framburðar."

11. Var SÓH. á einhvern hátt hvattur til að breyta framburði sínum á þessum fundi?

Svar: "Nei alls ekki."

12. Var SóH. skýrt frá því á þessum "fundi" eða öðrum, að hann kynni að eiga yfir höfði sér refsingu skv. XV. kafla alm. hgl. ef hann breytti framburði sínum?

Svar: "Ekki var fjallað um þetta atriði sérstaklega og hvað mig sjálfan snertir var mér stuttu áður sagt af Páli Arnóri að Sigurður Óttar hefði gefið skýrslu fyrir dómi og svarið eið að framburði sínum. Hugðist ég kynna mér það sem Sigurður Óttar hafði borið fyrir dómi og að því loknu ætlaði

Gutenberg 137

80

ég að gera honum grein fyrir réttarstöðu sinni."

13. Gerðu Jón Oddsson eða Páll Arnór Sigurði Óttari grein fyrir ákvæðum XV. kafla alm. hgl.?

Svar: "Mig minnir að Páll Arnór hafi rakið það."

14. Á hvern hátt?

Svar: "Ég man það ekki nákvæmlega, enda taldi ég málið ekki á því stigi að um fullharnaðan vilja væri að ræða af hálfu Sigurðar Óttars. Að mínu mati var um efasemdir eingöngu að ræða af hálfu Sigurðar um réttmæti fyrri framburðar."

15. Var tekin einhver ákvörðun um það á þessum fundi hvað SÓH. ætti að gera í málinu?

Svar: " Nei. Að gefnu tilefni vil ég taka það fram að fundur þessi stóð yfir mjög skamma stund og í raun mjög lítið um málið fjallað. Að mínu mati var engin ákvörðun tekin á þessum fundi um hvað ætti að gera. Ég taldi málið á könnunarstigi hvað mig snerti m.a. með tilliti til réttarstöðu Sigurðar Óttars og hinna ríku réttarhagsmuna. Taldi ég glapræði að aðhafast eitthvað í fljótfærni."

16. Fól SÓH. einhverjum á "fundinum" ákvörðunarvald í málinu?

Svar: "Nei".

17. Hvert var tilefni"fundar", sem þér áttuð með SÓH. og Hrefnu Sigurðardóttur þann 11. þ.m.?

Svar: "Ég sagði Sigurði Óttari kvöldinu áður að mál þetta væri allt erfitt og vandasamt og bað hann að taka ákvarðanir sínar í samráði við sína nánustu vandamenn

JHH.

Gutenberg 137

þar sem þær gætu haft alvarlegar afleiðingar fyrir hann sjálfan og aðra honum nákomna. Einhvern tíma eftir fimm þriðjudaginn 11. október komu þau til mín Sigurður Óttar og Hrefna kona hans og hafði hann þá sagt henni alla sína afstöðu í málinu og tjáð henni vilja sinn um að koma að breyttum framburði. Virtist hún standa með Sigurði fyllilega í afstöðu hans. Gerði ég þá Sigurði og henni grein fyrir því að með því að breyta framburði sínum gerðist Sigurður Óttar brotlegur við XV. kafla hegningarlaganna nánar tiltekið 142. gr. 2. mgr. og lýsti refsiramma. Auk þess benti ég honum á að með því að breyta framburði sínum ætti hann yfir höfði sér gæzluvarðhaldsúrskurð."

18. Hver voru viðbrögð Sigurðar?

Svar: "Viðbrögðin voru á eina lund hvað þau bæði snerti. Þau stóðu einhuga á því að Sigurður kæmi að breyttum framburði vegna þess að þau töldu að á þann hátt einan, gæti hann létt af sér því þunga fargi sem á honum hvíldi vegna þessa."

19. Var einhver ákvörðun um framhald þessa máls tekin í lok þessa "fundar"?

Svar: "Ég taldi mig ekki hafa nægilega reynslu til þess að fjalla um þetta mál og hugðist því leita ráða strax næsta morgun hjá Jóni E. Ragnarssyni hrl., en ég hef gegnt starfi fulltrúa á skrifstofu hans. Eftir á að hyggja, tel ég, að fullnaðarákvörðun hafi verið hjá Sigurði Óttari þessa stundina um að breyta fyrri framburði. Ég vildi kanna eftir þennan "fund" með hvaða hætti bezt væri að nálgast dóminn með þessa vitneskju þannig að sem minnst réttarrask yrði. M.a. leitaði ég ráða hjá Jóni E. Ragnarssyni morguninn eftir með það í huga."

Gutenberg 137

82

20. Kunnið þér skýringu á því, hvers vegna Jón Oddsson hafði frumkvæði að því að koma vitneskju um hina breyttu afstöðu Sigurðar til dómenda í Geirfinnsmálinu?

Svar: "Mér er það með öllu óskiljanlegt og tel Jón Oddsson hafa brotið trúnað við mig og Sigurð Óttar. Aðspurður um upphringingu frá fréttamanni Morgunblaðsins 11. október s.l. svara ég því til: Ég var furðulostinn þegar blaðamaður Morgunblaðsins spurði mig hvort eitthvað bréf væri á leiðinni um það að Sigurður Óttar Hreinsson væri að afturkalla fyrri framburð sinn í Geirfinnsmálinu. Ég svaraði því alfarið neitandi og aðspurður um það hvort slíkt væri í vændum svaraði ég því einnig neitandi."

Mætta er skýrt frá því að föstudaginn 21. þ.m. hafi Sigurður Óttar Hreinsson gefið skýrslu hjá RLR að viðstöddum Sigurði Georgssyni. Fyrir hann hafi verið lagðar fjölmargar spurningar og er 16. og 17. spurningin nú lesin í heyranda hljóði og svör Sigurðar við þeim.

Fyrri spurningin og svar við henni er lesið fyrst.

Mættur er spurður að því hvað hann vilji segja um þetta svar Sigurðar Óttars.

Hann svarar: "Ég hef aldrei hvatt Sigurð Óttar Hreinsson til að breyta framburði sínum. Hins vegar tel ég að hann rugli saman mánudags- og þriðjudagsfundi þegar hann segir það sem hann segir. Á þriðjudagsfundinum hinn 11. október hafði það komið sterkt fram frá Sigurði og konu hans að mál þetta allt hefði hvílt mjög þungt á Sigurði Óttari um langan tíma og kann ég að hafa sagt í samræðum ~~xxxxxxxx~~ eftir að Sigurður Óttar hafði lýst vilja sínum til að breyta framburði sínum að ef þetta væri sannleikurinn hlyti það að létta af honum þungu fargi að láta hann í ljós.

Gutenberg 137

83

Fyrir mættan er lesin 17. spurningin og svar við henni.

Hann svarar: "Ég held að hann rugli þarna saman "mánudags- og þriðjudagsfundinum" þar sem mig minnir fastlega að ég hafi ekki kynnt honum refsirammann samkvæmt 142. gr. fyrr en á þriðjudagsfundinum og þá kom einnig til tals að hugsanlega gæti hann verið úrskurðaður í gæzluvarðhald og sagði ég jafnframt að ef svo yrði að hann breytti framburði sínum og yrði úrskurðaður í gæzluvarðhald mundi ég kæra þann úrskurð til Hæstaréttar. Varðandi þau orð Sigurðar "og þá gætu þeir ekki haldið mér inni" hef ég aldrei sagt, enda ekki mér mögulegt. Á þriðjudagsfundinum kom til tals möguleg refsing Sigurðar og sagði ég honum að ef hann færi með satt og rétt mál hvað varðar meðferð hjá lögreglu við rannsókn málsins og annað er hann hafði sagt mér í því sambandi kæmu refsilækkandi sjónarmið til."

Mætta er skýrt frá því að miðvikudaginn 19. þ.m. hafi Hrefna Sigurðardóttir unnusta Sigurðar Óttars gefið skýrslu í málinu. Skýrslan er lesin í heild í heyranda hljóði.

Hann svarar eftirfarandi: "Kona Sigurðar spurði mikið út í þetta mál og minnist ég þess að hafa lýst því sem Sigurður Óttar hafði sjálfur sagt mér um sína eigin vanlíðan vegna þess að hann taldi fyrri framburð sinn ekki réttan auk þess sem að ég skýrði henni frá því sem Sigurður Óttar hafði lýst fyrir mér með hvaða hætti þessi framburður var fenginn. Einnig minnist ég þess að hafa sagt að það væri ekki skemmtilegt að lifa við það að láta dæma fólk samkvæmt framburði sem sá aðili sem að hann gefur telur rangan. Ennfremur minnist ég þess að í framhaldi af umræðum um gæzluvarðhald hafi ég sagt, að ég teldi ólíklegt að hann yrði úrskurðaður, en gerði samt ekki lítið úr þeim möguleika. Í framhaldi af þessum umræðum talaði ég um kæru til Hæstaréttar á úrskurðinum ef hann yrði úrskurðaður.

ÁÁH.

Gutenberg 137

84

Varðandi það atriði í skýrslu Hrefnu, að henni hafi ekki verið gerð grein fyrir þýðingu skýrslugerðar fyrir dómi og eiðfestingu þar að lútandi, vil ég taka fram: Ég taldi mig fara mjög rækilega ofan í þetta atriði og las m.a. greinina í hegningarlögunum um rangan framburð. Ég vil einnig taka fram, að rétt er hjá Hrefnu, að hugmyndina um bréf til dómsins hafði ég ekki gefið upp á bátinn. Mér fannst hún einhvern veginn órökrétt og eðlilegra væri að Sigurður Óttar Hreinsson gæfi sjálfur skýrslu fyrir rannsóknarlögreglu um málið. Þess vegna hafi ég aldrei byrjað að rita slíkt bréf. Ég vil taka fram í þessu sambandi að á þessu stigi málsins hvað mig varðar var málið enn á lögfræðilegu rannsóknarstigi m.a. með tilliti til réttarstöðu Sigurðar og hinna ríku réttarhagsmuna. Hafði ég samband við Jón E. Ragnarsson næsta morgun gagngert í þessu sambandi og ætlaði hann að kynna sér málið með tilliti til þessara þátta. Með tilvísun í skýrslu Hrefnu vil ég taka fram um ummæli hennar að mér finndist að Sigurður Óttar ætti að taka framburð sinn til baka e.t.c. Hrefna virtist vera lítið inní gangi þessa máls hvað Sigurð Óttar varðar og þótti mér rétt að reifa það sem Sigurður Óttar Hreinsson hafði sagt mér um málið. Hef ég það á tilfinningunni eftir að hafa heyrt upplesinn vitnisburð hennar, að hún telji það sem ég sagði hafi verið mína skoðun en ekki hlutlausa frásögn af því sem Sigurður Óttar Hreinsson hafði sagt mér um mál þetta svo og afstöðu hans og ákvörðun til að breyta fyrri framburði. Harma ég að misskilningur þessi hafi komið upp ef hann er fyrir hendi.
Skýrslutöku lokið kl. 22.25.

Staðfest, rétt bókað.

Róbert Árni Hreiðarsson.

Skýrsluna vélritaði:

Þórunn Sigfúsd.

Vottur:

Grétar Sæmundsson lögr.m.

Yfirheyrslunni stjórnaði:

Þórir Oddsson, deildarstjóri

Gutenberg 137

85

Vitni.

Miðvikudaginn 26. 10. 1977 kl. 10:45 mætir á skrifstofu RLR, sem vitni í málinu, Auður Gestsdóttir, húsmóðir, til heimilis að Álftamýri 21, Reykjavík, s: 86679, fædd 18. 8. 1937 í Reykjavík, nnr. 0870-3485.

Henni er kunnugt tilefni yfirheyrslunnar og skýrir hún svo frá áminnt um sannsögli.:

"Ég var viðstödd yfirheyrslu yfir Sigurði Ótta Hreinssyni, þann 14. 12. 1976. Á þeim tíma vann ég fyrir hádegi í sambandi við svokallað Geirfinnsmál, og var ég ekki fram yfir hádegi, nema eitthvað væri alveg sérstakt.

Umrædd yfirheyrsla byrjaði fyrir hádegi, en ég man ekki tímasetninguna alveg nákvæmlega, en það gæti hafa verið um kl. 11:oo, enda man ég eftir að hlé var gert á yfirheyrslunni í hádeginu. Hléið í hádeginu mun hafa verið 20-30 mín. og minnir mig að Sigurbjörn Víðir Eggertsson hafi verið hjá Sigurði Ótta á meðan í yfirheyrsluherberginu.

Stjórnandi yfirheyrslunnar var Karl Schütz, en mitt hlutverk var að vélrita skýrsluna og túlka yfirheyrsluna í fyrstu, en mig minnir að Pétur Eggerz hafi komið um eða eftir hádegið og tekið við túlkun. Ég treysti mér þó ekki alveg að fullyrða um hvenær Pétur kom til yfirheyrslunnar og er hugsanlegt að hann hafi verið alveg frá byrjun, án þess að túlka og ég hafi túlkað allan tímann.

Ég tel að ég hafi vélritað alla skýrsluna og fylgdist ég bæði með því sem Karl Schütz spurði og því sem Sigurður Óttar svaraði. Ég man að Sigurður Óttar var spurður ýmissa spurninga um sendibifreiðina og hvort hann hefði ekið henni til Keflavíkur og einnig hvort hann hefði verið staddur á Vatnsstíg. Sigurður Óttar svaraði spurningum, þannig að hann kvaðst ekki muna, og sagði einnig að hann vissi ekki hvar Vatnsstígur væri. Þegar

Gutenberg 137

honum var bent á hvar hann væri þá kannaðist hann við hvar hann er. Ég man, að Sigurður Óttar kvaðst í fyrstu ekki muna, en hann neitaði ekki, að hafa tekið þátt í þessu. Eftir hádegishléið, fór Sigurður að rifja meira upp. Hann byrjaði ótilhvaddur að segja frá símtali á Mokka og var það byrjunin á frásögn hans. Eftir þetta rifjaði hann sjálfstætt frá og var það vélritað niður. Ef hann var spurður sérstaklega, þá gat ég um það í skýrslunni og skráði svar hans við spurningunni.

Við yfirheyrsluna var Sigurður Óttar rólegur og eðlilegur, ekki æstur og ekki niðurdreginn. Mér fannst hann vera trúverðugur, er hann var að segja frá. Ég man ekki til að lesið hafi verið fyrir hann upp úr skýrslum. Ekki man ég heldur til að honum hafi verið sagt frá, því sem aðrir höfðu sagt um málið, en verið getur að útskýrt hafi verið fyrir honum, að hann væri kominn til fyrirheyrslunnar, xx þar sem aðrir hefðu bendlað hann við málið.

Ég tel mig geta fullyrt, að enginn hafi spurt Sigurð Óttar í þessari yfirheyrslu nema Karl Schutz, enda hefði það verið algert brot á venjum við yfirheyrslur hjá honum. Ég manx ekki til að aðrir hafi komið inn í hverbergið vegna yfirheyrslunnar en þeir sem að henni stóðu, en það voru auk mín, Karl Schütz, Pétur Eggertz og Sigurbjörn Víðir Eggertsson.

Ég get fullyrt, að Sigurðui Óttari var ekki hótað neinu við þessa yfirheyrslu, hvorki gæsluvarðhaldi, né öðru. Hann spurði eitthvað um sakaskrá og hvort þetta kæmi á sakavottorð hjá honum. Ég held ég megi segja, að þar hafi ekki verið gefið neitt ákveðið svar.

Ekki man ég nákvæmlega hvenær skýrslutöku lauk, en ég tel að það hafi verið upp úr kl. 15:oo og miða ég þar við, að það var gert matarhlé í matmálstímanum, en það var ekkert kaffihlé gert, svo sem venja var við yfirheyrslur, ef þær stóðu framyfir kaffitíma.

Gutenberg 137

Ég get fullyrt, að frásögn Sigurðar Óttars umrætt sinn kom án allrar þvingunar, að hálfu þeirra sem yfirheyrðu hann."

Skýrslutöku lauk kl. 11:35.

Grétar Samundsson
lögreglum.

Staðfest rétt bókað,

Auður Gestsdóttir

Gutenberg 137

88

Vitni.

Miðvikudaginn 26. 10. 1977 kl. 16:oo mætir á skrifstofu RLR, sem vitni í málinu, Guðmundur Valdimarsson, bílstjóri, til heimilis að Skólavörðustíg 9, Reykjavík, s: 26149, fæddur 26. 10. 1945 í Reykjavík, nnr. 3114-1745.

Honum er kunnugt tilefni yfirheyrslunnar og skýrir hann svo frá í minnstur um sannsögli:

"Ég kom til yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni vegna þessa máls þann 14. 12. 1976. Þá skýrði ég frá svo sem ég best mundi. Eftir þá yfirheyrslu rifjaðist upp fyrir mér, að eitt sinn þetta haust, það er 1974, þá fannst mér sem olía hefði verið tekin af bifreiðinni. Þar miðaði ég við, að mér fannst olíumælir sýna minna einn morguninn heldur en ég taldi eiga að vera.

Ekki var nein föst regla á því hvernig ég setti olíu á bifreiðina. Ég fyllti sjaldnast á tankinn og tók ég olíu á ýmsum stöðum, stundum á Sendibílastöðinni, stundum á ESSO við Borgartún og stundum BP við Klöpp og einnig á fleiri stöðum. Ég miðaði magnið, sem ég tók við það, að ég hefði nægja olíu á bílnum vel fram á næsta dag. Olíumælir var í lagi, þannig að ég gat fylgst með olíubyrgðum á honum. Lok á olíutanknum var ekki læst, en stúturinn með olíulokinu var innan við boddíið á hlið bílsins og var lúga í boddíinu. Lúgan var læst þannig, að notaður var laus húnn með ferköntuðu járni sem stungið var í þar til gert gat á lúgunni og hún opnuð með því að snúa húninum. Einnig var hægt að nota skrúfjárn til að opna í stað húnsins.

Ég mældi aldrei hversu mikið bifreiðin eyddi af olíu og þori ég ekki að giska á tölur í því sambandi.

Dagana 19. og 20. nóv. 1974 var ég að aka fyrir Félagsmálastofnun Reykjavíkur, en það var fast verkefni, sem ég hafði ásamt öðrum, en þess utan tók ég túr og túr af stöðinni. Ekki get ég fullyrt um hvenær ég fór að heiman þann 20. 11. 1974 en tel líklegast, að ég hafi farið um kl. 08:oo til 09:oo.

Gutenberg 137

89

Aðspurður þá tel ég, að ég hefði ekki tekið eftir, þótt bifreiðin væri nýkomin úr keyrslu þennan morgun, nema þá að það hafi verið því kaldara í veðri. Bifreiðinni var startað með 24 volta kerfi og var ekki með forhitara.

Það var ekki til lykill að læsingum á framhurðum bifreiðarinnar, a.m.k. ekki svo ég vissi. Þess vegna gat ég aldrei læst bifreiðinni. Þegar ég skildi bifreiðina eftir á nágrenni við heimili mitt, þá læsti ég hurðunum aldrei meðan ég var með bifreiðina.

Ekki þurfti heldur að hafa lykil til að gangsetja bifreiðina, en það var gert með því að stinga þar til gerðum lykli í gat og síðan var ýtt á hnapp til að starta. Hægt var til dæmis að nota nagla til að stinga í gatið og starta svo, en þessi lykill var til þess að tengja rafmagn inn á startrofan. Þessi lykill var einnig notaður til að kveikja ljós á bifreiðinni, en þótt nagli eða eitthvað álíka væri notað til að tengja rafmagn á svissinn, þá var hægt að setja ljós á með því að nota skrúfjárn jafnframt. Ég er ekki alveg viss um hvort skrúfjárn var í bifreiðinni umrætt sinn, en tel þó að svo hafi verið.

Bifreiðin var gul að lit með svörtu grilli, framstuðara og stuðarahornum að aftan. Aðspurður fullyrði ég að bifreiðin var hvergi rauðmáluð.

Ég tel vafalaust, að ég hefði tekið eftir, ef bifreiðinni hefði verið ekið til Keflavíkur og til baka aftur án þess að sett yæði olía á bifreiðina. Svo sem ég sagði áðan, þá rifjaðist upp fyrir mér, að ég hefði eitt sinn orðið var við að olíu vantaði á bifreiðina, en ég get ekkert sagt til um hvort það var á þessum tíma, eða öðrum.

Á þeim tíma, sem ég var með umrædda bifreið þá lagði ég henni að kvöldi yfirleitt á ákveðnum stöðum. Oft lagði ég henni upp á stéttina framan við Skólavörðustíg 9, eða beint á móti

Gutenberg 137

90

Skólavörðustíg 9 í stæði við verslun KRON sem þá var. Þegar kalt var í veðri, þá lagði ég bifreiðinni stundum neðar á Skólavörðustígnum, þar sem einstefna er, þannig að ég hefði möguleika á að láta bifreiðina renna í gang. Ef það kom fyrir að ég kæmi bifreiðinni ekki fyrir á þessum stöðum, er ég kom heim, þá rétt kom fyrir að ég legði henni upp á Óðinsgötu, en þá færði ég bifreiðina strax á eitthvert framangreindra staða strax og það losnaði.

Aðspurður fullyrði ég, að ég skyldi bifreiðina aldrei eftir í sundinu milli Hegningarhússins og Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, enda er að afleitur staður vegna þrengsla.

Ég fullyrði, að meðan ég var með bifreiðina áðurgreint tímabil, þá lánaði ég bifreiðina aldrei og ég minnist ekki, að ég hafi verið beðinn um að fá hana lánaða. Ég hafði tekið það skýrt fram við eigandann bifreiðarinnar, að ég vildi ekki að neinn annar væri að aka bifreiðinni meðan ég hafði umráð yfir henni. Þetta var honum fyllilega ljóst, þar sem eitt sinn ætlaði eigandinn sjálfur, að aka bifreiðinni til að sækja vörur meðan verið var að losa bifreið, sem hann var þá að aka, en ég gerði honum ljóst, að ef hann færi á bifreiðinni, þá æki ég henni ekki meira. Eigandanum var því alveg ljós sú afstaða mín, xxx að ekki var til neins að vísa manni til mín, til þess að fá lánaða bifreið.

Ég vil geta þess, að mér finnst afaróllíklegt, að bifreiðin hafi verið tekin umrætt sinn fyrir utan heimili mitt án þess ég tæki eftir því, en ég get þó ekki fullyrt neitt um þetta, þar sem fyrir kom, að ég sofnaði stundum fljótlega eftir kvöldmat og svaf að mestu framúr."
Yfirheyrslu lauk kl. 17:oo.

Staðfest rétt bókað,

Grétar Sæmundsson lögreglum. Guðmundur Valdimarsson

Gutenberg 137

91

Fimmtudaginn 27. 10. 1977 kl. 10:20 mætir á skrifstofu rannsóknarlögreglu ríkisins, sem vitni í málinu, Pétur Eggerz, sendiherra, til heimilis að Laugavegi 65, Reykjavík, s: 13687, fæddur 3o. 5. 1913 í Vik i Mýrdal, nnr. 4597-7277.

Vitni:

Honum er kunnugt tilefni yfirheyrslunnar og skýrir hann svo frá áminntur um sannsögli:

"Ég man glögglega eftir að hafa verið viðstaddur yfirheyrslu yfir Sigurði Óttari Hreinssyni þann 14. 12. 1976, sem Karl Schütz stjórnaði.

Ég mun ekki hafa verið viðstaddur byrjun yfirheyrslunnar, en samkvæmt dagbók minni var ég umræddan morgun staddur í Dómsmálaráðuneytinu. Ég tel mig hafa borðað hádegisverð í mötuneyti Sakadóms ásamt Karli Schütz, en eftir það kom ég inn í yfirheyrsluna og tók við að túlka af Auði Gestsdóttur.

Ég man að áður en byrjað var að bóka framburð Sigurðar Óttars Hreinssonar, þá fór fram almennt samtal milli hans og Karls Schütz. Hafði ég á tilfinningunni að þá væri að brjótast um í huga Sigurðar Óttars, hvort hann ætti að segja frá, eða ekki. Í þessu sambandi man ég glöggt að hann spurði hvort hann kæmist á Sakaskrá, ef hann segði frá ferðinni til Keflavíkur. Ég man hins vegar ekki hvort þessari spurningu hans hafi verið svarað.

Yfirheyrslu þessari stjórnaði Karl Schütz, og voru ekki aðrir, sem spurðu Sigurð Óttar. Ég túlkaði eftir að ég kom til yfirheyrslunnar. Við yfirheyrsluna var einnig Auður Gestsdóttir og mig minnir einnig Sigurbjörn Víðir Eggertsson. Ekki man ég hvort einhverjir fleiri komu inn í herbergið, meðan á yfirheyrslunni stóð.

Gutenberg 137

92

Ég minnist þess allsekki, að Sigurði Óttari hafi verið kynntur framburður annarra aðila við þessar yfirheyrslu, eða sýnd nokkur skjöl.

Ég hef verið að því spurður, hvort gengið hafi verið hart að Sigurði Óttari Hreinssyni við þessa yfirheyrslu. Þessu vil ég svara þannig: Karl Schütz sýndi öllum sem hann yfirheyrði fyllstu kurteisi og beitti aðallega rökum við yfirheyrslur. Hann gerði enga undantekningu á þessari framkomu sinni, er hann yfirheyrði Sigurð Óttar Hreinsson.

Ég hef verið að því spurður hvort hótunum eða einhvers konar þvingunum hafi verið beitt við þessa yfirheyrslu. Þessu vil ég svara þannig: Karl Schütz beitti aldrei hótunum eða Þvingunum og ekki heldur við yfirheyrslu yfir Sigurði Óttari Hreinssyni.

Ég hef verið spurður um hvort minnst hafi verið á gæsluvarðhald við þessa yfirheyrslu og er því til að svara að ég minnist þess ekki.

Ég hef verið spurður um hvernig Sigurður Óttar hafi verið við yfirheyrsluna. Því er til að svara, að mér fannst hann vera rólegur og eðlilegur, og eftir að hann fór að segja frá aðild sinni að málinu, þá fannst mér honum létta.

Ég hef verið spurður um hvenær yfirheyrslunni yfir Sigurði Óttari hafi lokið. Þetta get ég ekki fullyrt um með öruggri vissu. Hins vegar get ég tekið mið af því, að eftir að yfirheyrslunni lauk þá kom ég inn í herbergi, þar sem verið var að yfirheyra Guðmund Valdimarsson, fangavörð."

Yfirheyrslu lauk kl. 11:20.

Staðfest rétt bókað,

Grétar Sæmundsson lögreglum.

Pétur Eggerz sendiherra.

Gutenberg 137

93

Grunaður.

Fimmtudaginn 27. 10. 1977 kl. 13:5o er kominn til yfirheyrslu á skrifstofu RLR, Sigurður Óttar Hreinsson, núverandi gæslufangi, til heimilis að Asparteigi 2, Mosfellssveit, fæddur 25. 3. 1956 í Reykjavíkm nnr. 7871-7602.

Honum er kunnugt tilefni yfirheyrslunnar, en hann er grunaður um að hafa lagt eið að röngum framburði fyrir dómi.

Gætt er ákvæða 1. mgr. 4o. gr. laga um meðferð opinberra mála. Áminntur um sannsögli er mætti spurður spurninga og svarar þeim á eftirfarandi hátt:

1. Í upphafi skýrslu þann 12. 10. 1977, skjal 2 bls. 1 segir mætti: -"að í vetur er ég var fyrst yfirheyrður vegna hvarfs Geirfinns Einarssonar þá var ég þvingaður af rannsóknarmönnum til að greina frá aðild í því máli, þrátt fyrir að svo hafi þó ekki verið." Spurning: Getur mætti skýrt frá hvaða rannsóknarmenn þvinguðu hann og hvenær nákvæmlega það var?

Svar: "Það voru þeir sem voru mest með mig, Eggert Bjarnason, Ívar Hannesson og Sigurbjörn Víðir Eggertsson, Það byrjaði eftir fyrstu yfirheyrsluna verulega.

2. Hvenær var mætti beittur þvingunum af Eggerti Bjarnasyni?

Svar: "Ég man það ekki nákvæmlega, en það var er ég var yfirheyrður."

3. Hvenær var mætti beittur þvingunum af Ívari Hannessyni?

Svar: "Sama kvöldið og ég var fyrst yfirheyrður og daginn eftir."

4. "Hvers konar þvingunum var mætti beittur af Ívari Hannessyni?

Gutenberg 137

94

Svar: "Hann sagði, að ég segði ekki satt og gaf það í skyn, að hann gæti ekki hjálpað mér fyrst ég væri alltaf að ljúga. Hann meðal annars þvældi mér til út í vitleysu."

5. Hvenær var mætti beittur þvingunum af Sigurbirni Víði Eggertssyni?

Svar: "Eftir fyrstu yfirheyrslu og fram úr og eiginlega við fyrstu yfirheyrslu líka."

6. Hverskonar þvingunum var mætti beittur af Sigurbirni Víði Eggertssyni?

Svar: "Hann sagði, að ef ég segði ekki satt, þá yrði ég settur inn."

7. Hvenær sagði Sigurbjörn Víðir Eggertsson þetta við mætta?

Svar: "Eftir fyrstu yfirheyrsluna áður en ég var fluttur í fangelsið."

8. Í skýrslu þann 12. 10. 1977 skjal 2 neðarlega á bls. 1 segir mætti: "Eg hafði verið lengi í yfirheyrslu hjá rannsóknarmönnum er ég fyrst var tekinn og var í geymslu eina nótt og eftir það, þá var mér hótað gæsluvarðhaldi, ef ékki kæmi réttur framburður frá mér." Spurning: Hverjir eða hver hótaði mætta gæsluvarðhaldi og hvenær nákvæmlega var það gert?

Svar: "Það rétta er, að mér var hótað gæsluvarðhaldi eftir að fyrstu skýrslutöku lauk áður en skrifað var undir hana. Eggert Bjarnason hringdi þá í Örn Höskuldsson og skildi ég á því sem hann sagði í símann, að ég yrði settur í 3o daga gæsluvarðhald, ef ég segði ekki satt. Í beinu framhaldi af þessu, þá spurði ég, hvort ég yrði settur í gæsluvarðhald og svöruðu Ívar Hannesson og Sigurbjörn Víðir Eggertsson, að ég yrði settur í gæsluvarðhald, ef ég segði ekki satt."

Gutenberg 137

9 Í skýrslu þann 12. 10. 1977 skjal 2 neðarlega á bls. 2 segir mætti. "Ég greindi honum þá frá því, að ég hafi verið látinn játa þessa ferð til Keflavíkur þann 19. nóv. 1974, sem ég hafði aldrei farið." Spurning: Hvað á mætti við með orðunum "látinn játa"?

Svar: "Ég hef kanski tekið þarna of sterkt til orða, en ég sagði Róbert Árna að ég hafi játað þessa umræddu ferð á mig og væri kominn í efa þar sem búið var að þvæla mér fram og aftur. Samt fannst mér, að ekki geta átt sér stað að ég hafi farið þessa ferð. Ég sagði honum beinlínis, að það gæti bara ekki verið."

10. Í skýrslu þann 12. 10. 1977 skjali 2 bls. 4 á miðri síðu segir mætti: "Ég endurtók hjá þeim, að ég hefði ekki farið Keflavíkurferðina og endurtók að ég hefði verið beittur þvingunum af rannsóknarmönnum." Spurning: Getur mætti skýrt frá hvaða rannsóknarmenn hann átti þarna við?

Svar: "Þá sömu og ég hef tilgreint hér að framan."

11. Í skýrslu þann 17. 10. 1977 skjali 6 neðst á bls. 2 og efst á bls. 3 segir mætti: "Lögreglumennirnir svöruðu mér þá, að ef ég segði ekki satt og þá yrði ég settur í gæsluvarðhald. Í þessu sambandi man ég sérstaklega eftir að Sigurbjörn Víðir Eggertsson sagði þetta." Spurning: Hvenær sagði Sigurbjörn Víðir Eggertsson þetta?

Svar: "Eftir símtal Eggerts Bjarnasonar og Arnar Höskuldssonar eftir fyrstu yfirheyrslu."

12. Sagði Sigurbjörn Víðir Eggertsson þetta við mætta í annan tíma?

Svar: "Ég man það ekki greinilega, en einhver sagði þetta við mig áður en ég var settur inn eftir fyrri yfirheyrsluna þann 14. 12. 1976."

Gutenberg 137

96

13. Á dómþingi þann 13. 10. 1977 er bókað eftir mætta: "Vitnið kveðst hafa verið beitt hótunum af lögreglunni. Man það eftir því að einhverntíma er það var í yfirheyrslu heyrði það Eggert Bjarnason rannsóknarlögreglumann segja eftir Erni Höskuldssyni er það taldi að Eggert væri að tala við að það yrði látið sæta 30 daga gæsluvarðhaldi ef það samþykkti ekki skýrsluna og yrði þægt." Spurning: Lá umrætt sinn fyrir skýrsla, sem mætti vildi ekki undirskrifa, eða hvað er meint þarna með orðunum "ef það samþykkti ekki skýrsluna."?

Svar: "Það lá engin ~~engin~~ óundirskrifuð skýrsla fyrir umrætt sinn, nema fyrsta skýrslam sem ég gaf, en það var engin fyrirstaða af minni hálfu að skrifa undir hana. Eg hef komið ranglega orðum að þessu í dóminum.,"
Yfirheyrslu lauk kl. 14:55.

Vottar:

Smári Sigurðsson

Staðfest rétt bókað,

Sigurður Óttar Hreinsson

Sigurður Georgsson lögmaður.

Grétar Sæmundsson lögreglumaður.

Gutenberg 137

97

Vitni.

Föstudaginn 28. 10. 1977 kl. 10.15 mætir á skrifstofu RLR, sem vitni í málinu, Þórður Kristján Skúlason, verkamaður, til heimilis að Hítarnesi, Kolbeinsstaðahreppi, Hnappadalssýslu, dvalarstaður að Sævarlandi 12 Reykjavík, vs: 35051, fæddur 15. 7. 1954 í Reykjavík, nnr. 9526-8285.

Honum er kunnugt tilefni yfirheyrslunnar og skýrir hann svo frá áminntur um sannsögli:

"Ég hef verið samstarfsmaður Sigurðar Óttars Hreinssonar síðan í júlí s.l., er hann kom aftur úr sumarfríi.

Eg hafði fengið vitneskju um að hann hafði komið við sögu í Geirfinnsmálinu, en það var svo er blöðin voru að skýra frá málflutningi í því máli, að ég sá nafn hans birt í Tímanum, þar sem sagt var frá málinu. Þá spurði ég hann um málið og sagði honum frá greininni. Hann hringdi þá strax í lögfræðing sinn og kalgaði vegna greinarinnar. I þessu sambandi þá spurði ég Sigurð Óttar hvort hann hefði farið þessa umræddu ferð á sendibifreiðinni, en hann svaraði því neitandi. Sagði hann, að sér hefði verið sagt, að hann hafi verið staddur í Dráttarbrautinni í Keflavík umrætt sinn. Ekki talaði hann um hver hefði sagt sér það. Hann talaði ekki um samskipti sín við lögregluna út af þessu máli, svo ég heyrði. Ég var að spyrja Sigurð Ottar umrætt sinn fyrir forvitni sakir, og var örðugt að fá hann til að segja nokkuð um málið."
Yfirheyrslu lauk kl. 10:3o.

Vottur:

Smári Sigurðsson

Staðfest rétt bókað,

Þórður K. Skúlason

Grétar Sæmundsson, lögreglum.

Gutenberg 137

98

Vitni.

Föstudaginn 28. 10. 1977 kl. 10:55 mætir á skrifstofu rannsóknarlögreglu ríkisins, sem vitni í málinu, Jón Ævar Haraldsson, iðnnemi, til heimilis að Bleiksárhlíð 14, Eskifirði, dvalarstaður að Vesturbergi 139, Reykjavík, vs: 25051, fæddur 11. 5. 1951 á Skorrastað, Norðfirði, nnr. 5142-1450.

Honum er kunnugt tilefni yfirheyrslunnar og skyrir hann svo frá aminntur um sannsögli:

"Ég hef unnið með Sigurði Ottqri Hreinssyni í Bílasmiðjunni Kyndli síðan hann byrjaði þar að vinna.

Ég vissi ekki af því er hann var hjá rannsóknarlögreglunni í des. í fyrra fyrr en síðar. Ég man ekki til þess að ég hafi heyrt neitt talað um mál hans í des. í fyrra, en eftir áramótin fór ég í skóla og kom ekki í vinnu aftur fyrr en í mai s.l. Á þeim tíma hitti ég Sigurð Ottar ekki, þannig að málið barst neitt í tal.

Eftir að ég kom til vinnu aftur í mai s.l. þá heyrði ég hann fyrst tala eitthvað um málið sjálfan. Umræður um málið komu upp á verkstæðinu af og til. Ekki var það endilega, að verið væri að ræða þetta við Sigurð Ottar sjalfan, heldur stundum milli annarra starfsmanna..Sigurður Ottar sagði þá sjálfur, að hann vissi ekki hvort hann hefði farið umræddа ferð og sennilega hefði hann ekki farið. Ég man að ég sagði við hann, að hann hlyti að muna eftir hvort hann hefði farið ferðina eða ekki. Hann svaraði aftur á sama máta, að hann myndi ekki eftir að hafa farið.

Það var svo nú fyrir skömmu, er málflutningur var hafinn í málinu, að Sigurður Ottar fór að tala um, að hann hefði verið heilaþveginn í málinu. Hann talaði um, að hann hefði verið neyddur til að skrifa undir, annars hefði honum verið hótað,

Gutenberg 137

99

að hann yrði látinn sitja inni. Eg heyrði hann ekki tala um hver hefði hótað honum þessu og aldrei heyrði ég hann minnast á rannsóknarlögregluna. Þetta heyrði ég Sigurð Óttar segja rétt áður en hann var tekinn nú um daginn, en ekki treysti ég mer til að segja það upp á dag."

Yfirheyrslu lauk kl. 11:15.

Staðfest rétt bókað,

Gretar Sæmundsson lögreglum.

Jón Ævar Haraldsson

Gutenberg 137

Föstudaginn 28.10. 1977 kl. 13.19 mætir á skrifstofu RLR, Sigurbjörn Víðir Eggertsson, rannsóknarlögreglumaður, til heimilis að Asparfelli 4 hér í borg fæddur 19.7. 1948 Siglufirði.

Mætta eru kunnar reglur réttarfarslaga um réttarstöðu vitna og sakborninga við rannsókn opinberra mála hjá rannsóknarlögreglu og sakadómi.

Brýnt er alvarlega fyrir mætta að gefa sönn og rétt svör við spurningum rannsóknarlögreglu og draga ekkert undan, er máli kann að skipta.

Mætta er kunngert tilefni fyrirkallsins.

Hann kveðst reiðubúinn að tjá sig.

1. Við hvaða yfirheyrslu yfir Sigurði Óttari Hreinssyni var mætti viðstaddur?

Svar: " Ég man örugglega eftir yfirheyrslunni þ. 14.12.1976, sem Karl Schütz stjórnaði. Auk okkar Schütz voru Auður Gestsdóttir og Pétur Eggertz. Ég var einungis vottur við þá yfirheyrslu og lagði örugglega engar spurningar fyrir hann þ.e. Sigurð Óttar."

2. Man mætti til þess að hafa verið viðstaddur fyrstu skýrslutöku af Sigurði Óttari þann 13. 12.1976?

Svar: "Ég man ekki eftir því að hafa verið viðstaddur."

3. Hefur mætti haldið skrá yfir aukavinnutíma í sambandi við störf hans að Geirfinnsmálinu?

Svar: "já ég hef skráð niður aukavinnutíma sem að ég hef unnið, við hvað ég hef unnið og með hverjum. Skráningin er lausleg."

4. Mættur er spurður hvort hann vilji leggja fram ljósrit úr bókinni 13. og 14. desember 1976?

Svar: "Mættur kveður það sjálfsagt og gerir það."

Gutenberg 137

5. Mættur er beðinn að skýra tímasetninguna sem fram kemur 13. desember þ.e. 17.00 til 21.00?

Svar: "Ég tel, að samkvæmt þessari bókun hafi ég verið viðstaddur yfirheyrsluna þó ég muni það ekki, en ég vil benda á, að sennilegt er, að ég hafi farið um kl. 20.00, en ástæðan til þess að tíminn er skráður til kl. 21 er sú, að samkvæmt kjarasamningum skal matartími greiddur tvöfallt, sé hann unninn. Þá er og hugsanlegt, að ég hafi farið fyrr, því samkvæmt kjarasamningum er greidd hálf klukkustund fyrir tíma sem fer í heimferð. Ég vil taka það fram, að yfirheyrslunni man ég ekkert sérstaklega eftir, þó svo að skráð sé í bókina, að ég hafi verið viðstaddur. Sem skýringu á þessu vil ég segja það, að ekki má skilja orðin "viðstaddur yfirheyrslu" svo, að ég hafi verið viðstaddur yfirheyrsluna samfellt, heldur erþað eins líklegt, að ég hafi komið inn í yfirheyrsluherbergið, til að frétta af gangi mála og síðan farið út aftur. Karl Schütz bað menn oft að athuga hvað fram kæmi í yfirheyrslum, og segja sér, þó ég muni ekki eftir að það hafi verið í þessu tilviki sérstaklega."

6. Mættur er beðinn að skýra hvað átt sé við með orðunum "var síðan við yfirheyrslu á Sigurði", en orð þessi eru skráð í dagbók mætta 14. desember 1976?

Svar: "Ekki má taka orðið "yfirheyrsla" í bókstaflegri merkingu í þessu tilviki, þar sem ég man örugglega að Sigurður var látinn bíða inni í herbergi hjá Ívari Hannessyni, rannsóknarlögreglumanni á meðan verið var að yfirheyra Guðmund Valdimarsson fyrrv. fangavörð og beðið var eftir, að Jón Waltersson kæmi til viðtals."

7. Um hvert leyti kom Jón Waltersson?

Svar: "Ég man það ekki fyrir vízt hvenær hann kom, en það voru einhverjir erfiðleikar við að ná í hann, en mig minnir að hann hafi verið hérna milli kl. 19 og 20."

Mætti hefur ekkert frekar fram að færa.

Staðfest, rétt bókað.

Gutenberg 137

102

Skýrslutöku lokið kl. 14.16.

Sigurbj. V. Eggertsson

Skýrsluna vélritaði

Þórunn Sigfúsd.

Sigurbj. V. Eggertsson rannsl.maður.

Yfirheyrslunni stjórnaði

Þórir Oddsson

Þórir Oddsson, deildarstjóri.

103

Föstudaginn 28.10. 1977 kl. 16.30 mætir á skrifstofu RLR, Ívar Hannesson, rannsóknarlögreglufulltrúi, til heimilis að Otrateig 48 hér í borg, fæddur 27.september 1930 á Neskaupstað, nafnnr.4837-8358.

Mætta eru kunnar reglur réttarfarslaga um réttarstöðu vitna og sakborninga við rannsókn opinberra mála hjá Rannsóknarlögreglu og Sakadómi.

Brýnt er alvarlega fyrir mætta að gefa sönn og rétt svör við spurningum rannsóknarlögreglu og draga ekkert undan er máli kann að skipta.

Mætta er kunngert tilefni fyrirkallsins.

Hann kveðst reiðubúinn að tjá sig.

1. Hvaða rannsóknarlögreglumenn voru viðstaddir fyrstu skýrslutöku af Sigurði Óttari Hreinssyni þann 13. desember 1976?

Svar: " Eggert Bjarnason rannsóknarlögreglumaður skráði skýrsluna niður. Ég vottaði skýrsluna, en ég held nær örugglega að ég hafi komið inn eftir að skýrslutakan hófst. Ég minnist þess alls ekki, að neinir aðrir rannsóknarlögreglumenn hafi verið viðstaddir skýrslutökuna."

". Hverjir voru viðstaddir skýrslutökuna af Sigurði Óttari sem fram fór í Síðumúla að kvöldi þess 14. desember 1976?

Svar: "Eggert Bjarnason skráði skýrsluna og ég vottaði hana og var viðstaddur allan tímann. Það komu engir aðrir."

3. Man mætti eftir því, að Sigurbjörn Víðir Eggertsson rannsóknarlögreglumaður hafi komið inn í yfirheyrsluherbergið, er Sigurður Óttar var yfirheyrður þann 13. desember 1976?

104

Svar: "Nei . Ég man ekki eftir því."

4. Mætta er sýnt skjal bls. sem er ljósrit úr dagbók Sigurbjörns Víðis Eggertssonar og athygli mætta sérstaklega vakin á því sem er skráð þann 13. desember 1976. Mættur er að því spurður hvort hann geti skýrt þetta?

Svar: "Ég minnist þess ekki að Sigurbjörn Víðir hafi verið viðstaddur yfirheyrsluna, en rengi ekki það sem hann hefur skráð í dagbók sína."

5. Getur mættur eitthvað upplýst um afskipti hans af Sigurði Óttari þann 14. desember 1976?

Svar: " Við Sigurbjörn Víðir sóttum Sigurð Óttar inn í Síðumúlafangelsi að morgni þess dags, og þá var hann færður til skýrslutöku hjá Karli Schütz og síðan minnist ég þess að hafa setið yfir honum inn á skrifstofu minni eftir að Sigurður hafði mætt fyrir dómi hjá Erni Höskuldssyni og þar inni hjá mér ræddust þeir lítillega við Sigurður Óttar og Jón Waltersson. Ég man ekki um hvað þær samræður snérust. Síðan held ég að ég hafi farið einn með Sigurð Óttar inn í Síðumúla. Eins og áður er getið, fór ég ásamt Eggerti Bjarnasyni síðar um kvöldið inn í Síðumúla til að yfirheyra Sigurð Óttar."

Mætti hefur ekkert frekar fram að færa.

Skýrslutöku lauk kl. 16.50.

Ívar Hannesson.

Ívar Hannesson rannsóknarlögr.ftr.

Skýrsluna vélritaði:

Þórunn Sigfúsd.

Yfirheyrslunni stjórnaði:

Þórir Oddsson, deildarstjóri.

Gutenberg 137

Mánudaginn 31. október 1977 kl. 13.00 mætir á skrifstofu RLR, Eggert Norðdahl Bjarnason, rannsóknarlögreglumaður til heimilis að Hverfisgötu 90, Reykjavík, f. 25.7. 1937 í Reykjavík, nafnnr. 1703-6076.

Mætta eru kunnar reglur réttarfarslaga um réttarstöðu vitna og sakborninga við rannsókn opinberra mála hjá rannsóknarlögreglu og sakadómi.

Brýnt er alvarlega fyrir mætta að gefa sönn og rétt svör við spurningum rannsóknarlögreglu og draga ekkert undan er máli kann að skipta.

Mætta er kunngert tilefni fyrirkallsins.

Hann kveðst reiðubúinn að tjá sig.

1. Hvaða rannsóknarlögreglumenn voru viðstaddir fyrstu skýrslutöku af Sigurði Óttari Hreinssyni þann 13. desember 1976?

Svar: "Ég boðaði Sigurð Óttar Hreinsson sjálfur eða lét einhvern annan boða hann fyrir mig, ég man ekki hvort var og tók ég skýrslu af honum. Hvort einhver var viðstaddur eða ekki, get ég ekkert fullyrt um. Ég man það ekki."

2. Hverjir voru viðstaddir skýrslutökuna af Sigurði Óttari, sem fram fór í Síðumúla að kvöldi þess 14. desember 1976?

Svar: "Mig minnir að það hafi verið Ívar Hannesson."

3. Talaði mætti við Sigurð að morgni þess 14.desember 1976?

Svar: "Þess minnist ég ekki."

Skýrslutöku lauk kl. 13.15.

Staðfest, rétt bókað.

Eggert N. Bjarnason

Eggert N. Bjarnason, rannsóknarl.m.

Skýrslun vélritaði

Þórunn Sigfúsd.

Yfirheyrslunni stjórnaði:

Þórir Oddsson

Þórir Oddsson deildarstjóri.

Gutenberg 137

106

Grunaður.

Fimmtudaginn 3. 11. 1977 kl. 16:oo er kominn til yfirheyrslu á skrifstofu RLR Sigurður Óttar Hreinsson, núverandi gæslufangi, til heimilis að Asparteigi 2, Mosfellssveit, fæddur 25. 3. 1956 í Reykjavík, nnr. 7871-7602

Honum er kunngert tilefni yfirheyrslunnar.

Gætt er ákvæða 1. mgr. 4o. gr. laga um meðferð opinberra mála. Áminntur um sannsögli er mættur spurður spurninga og svarar þeim á eftirfarandi hátt:

1. Í þinghaldi þann 13. 10. 1977 segir mætti, að hann minni að yfirheyrslan yfir honum þann 14. 12. 1976 hafi staðið í 10 klst. samfleytt án matarhlés, en hann hafi fengið kaffi.

Þá segir mætti í skýrslu hjá rannsóknarlögreglu, sem tekin var af honum þann 17. 10. 1977, að sama yfirheyrsla hafi staðið framundir það að hann var settur inn aftur. Honum hafi verið færður matur í hádegi og kaffi á kaffitímanum og neytti hann þess á skrifstofu lögreglunnar og gert hafi verið smá hlé á meðan.

Spurning: Nákvæmlega hvað á mætti við, er hann segir, að yfirheyrslan hafi staðið í samfleytt 10 klst.?

Svar: "Ég lét þau orð falla að hún hafi staðið í sirka 10 klst. Ég get ekki fullyrt það nákvæmlega, en hún var um það. Þegar ég kom til baka í fangelsið um kvöldið, þá voru tveir matarbakkar í klefanum."

2. Var á fundinum þann 10. 10. 1977 með lögmönnunum sérstaklega rætt um tímalengd skýrslutökunnar, sem hófst kl. 11:oo þann 14. 12. 1977?

Svar: "Það var áþreifanlega eitthvað minnst þetta."

Gutenberg 137

107

3. Hver átti frumkvæðið að því og hvað var sagt í þessu sambandi

Svar: "Ég hef sennilega átt það. Ég hef sennilega sagt eitthvað á þá leið, að þeir hafi haft mig í yfirheyrslum í nálægt 10 tímum. Þeir sögðu mér þá að ekki mætti hafa mann svo lengi í yfirheyrslum. Reyndar var Róbert Árni búinn að segja mér þetta þann 15. 12. 1976 og man ég að hann tók þann dag upp bók og las upp úr henni varðandi þetta."

4. Veit mætti hvort bókað var um lok skýrslutökunnar, sem hófst kl. 11:oo þann 14. 12. 1976?

Svar: "Ég held að það hafi verið gert í allar skýrslur, sem teknar voru af mér."

5. ~~Hvaxxxigxvaixxxmaxtxtixxaðð~~ Af hverju heldur mætti það?

Svar: "Ég veit ekki hvort tímabókun hefur verið gerð í lok skýrslunnar, en ég held það samt, en ég las ekki sjálfur skýrsluna heldur var hún lesin fyrir mig og ég undirritaði hana."

6. Er mætta kunnugt um að samkvæmt íslenskum lögum beri að bóka um upphaf og lok skýrslutöku?

Svar: "Mér er ekki kunnugt um það"

7. Mætta er bent á, að hann hafi skýrt frá því hér að framan, að hann hafi ekki vitað fyrir víst hvort tímasetning var í lok fyrri skýrslunnar þann 14. 12. 1976. Nú hefur mætti borið það fyrir sig, að hann hafi verið yfirheyrður í samfleytt 10 klst. Með hliðsjón af því að komið hafi í ljós, að mætti fer með rangt mál varðandi tímalengd skýrslutökunnar, liggi beinast við að ályktа, að einhver ~~maxi~~ hljóti að hafa vakið athygli mans á þessum anmarka í skýrslunni, ella hefði honum ekki verið stætt á að halda þessu fram, að hann hafi verið í skýrslutöku í allt að 10 tíma samfleytt. Mætta er bent á læknisvottorð, vitna-

Gutenberg 137

framburði og endurrit úr sakadómsbók Reykjavíkur, þar sem fram kemur, að skýrslutöku hafi verið lokið ekki síðar en kl. 16:30. Í framhaldi af þessu er mætti spurður: Hvernig stendur á þessari fullyrðingu um lengd skýrslutökunnar?

Svar: "Þessu get ég svarað þannig að mér finnst þetta vera svona langur tími og eftir að ég kom úr sprautunni gekk dálan áfam áður en ég var settur inn."

8. Hvar Yfirheyrði Karl Schütz mætta eftir að hann kom úr sprautunni?

Svar : "Nei, hann var bara með mig um miðjan daginn."

9. Hverjir yfirheyrðu mætta eftir að hann kom aftur úr sprautunni?

Svar: "Örn Höskuldsson, Eggert Bjarnason, Ívar Hannesson að mig minnir og Sigurbjörn Víðir Eggertsson."

10. Man mætti að skýra frá hvenær skýrslutökunni lauk, sem Karl Schütz stjórnaði?

Svar: "Nei, ég get ekki gefið ákveðið svar um það, en það var áður en farið var með mig í sprautuna."

11. Man mætti eftir að hafa hitt Jón Þ. Waltersson að máli í Borgartúni 7 þann 14. 12. 1976?

Svar: "Já ég talaði við hann."

12. Hvenær var það?

Svar: "Það var seinnipart dags, ég get ekki sagt nákvæmar um það."

Gutenberg 137

109

13. Maður mætti að segja frá hvað þeir ræddust við?

Svar: "Það var bara í kring um það hvort ég hefði getað fengið bílinn lánaðan, og sagði hann að ég hefði getað það hvenær sem ég vildi svo framarlega sem hann væri ekki í notkun."

14. Maður mætti að skýra frá hver eða hverjir voru viðstaddir þetta viðtal?

Svar: "Eggert Bjarnason, Ivar Hannesson og Sigurbjörn Víðir Eggertsson, en ég get ekki fullyrt um það, en allaveg voru tveir þeirra, en ég man þetta ekki svo nákvæmlega."

15. Mætta er bent á, að við skýrslutökuna hjá rannsóknarlögreglu þann 27. 10. 1977 haldi hann því fram, að hann muni sérstaklega eftir, að Sigurbjörn Víðir Eggertsson, rannsóknarlögreglumaður hafi hótað sér gæsluvarðhaldi eftir að fyrstu skýrslutöku lauk þann 13. 12. 1976. Athygli mætta er vakin á því, að þeirri skýrslutöku hafi lokið kl. 22:30 þetta kvöld, en Sigurbjörn Víðir Eggertsson, rannsóknarlögreglumaður, hafi hætt störfu þetta sama kvöld ekki síðar en kl. 21:00 samanber skjöl nr. 13 bls. 1 og nr. 14. bls. 1. Spurning: Getur mætti gefið einhverja skýringu á þessu?

Svar: "Ég get ekki gefið aðra skýringu á þessu en þá að þetta var eftir símtalið, sem fór milli Eggerts Bjarnasonar og Arnar Höskuldssonar að ég taldi."

16. Hvernig vissi mætti, að Eggert Bjarnason var að tala við rn Höskuldsson?

Svar: "Mér skildist það á símtalinu, en ég er ekki fullviss um það. Það má vel vera að það hafi verið talað um að hringja í hann."

Yfirheyrslu lauk kl. 18:oo.

Gutenberg 137

110

Viðstaddur yfirheyrsluna var Sigurður Georgsson, lögmaður.

Staðfest rétt bókað,

Skýrsluna skráði:

Sigurður Óttar Hreinsson

Grétar Sæmundsson
lögreglum.

Sigurður Georgsson hdl.

Þórir Oddsson deildarstjóri.

Réttargæslumaður mætta óskar þess bókað, að hann mótmæli eftirfarandi varðandi þessa skýrslutöku:

1. Að orðin "skýrslutaka" og "yfirheyrsla" sé í spurningum notuð jöfnum höndum.

2. Að Þórir Oddsson spyr í spurningu 7 m.a. "Með hliðsjón af því að komið hafi í ljós, að mætti fer með rangt mál varðandi tímalengd xxxxx etc."

3. Að Þórir Oddsson fullyrðir xx í spurningu 15 að skýrslutöku 13. 12. 1976 hafi lokið kl. 22:3o þótt svo að lok skýrslutökunnar þótt svo að lok skýrslutökunnar séu skráð þá.

Rétt bókað,

Sigurður Georgsson hdl.

Gutenberg 137

111

Grunaður:

Miðvikudaginn 9. 11. 1977 kl. 13:1o er kominn til yfirheyrslu á skrifstofu RLR, Sigurður Óttar Hreinsson, núverandi gæslufangi, til heimilis að Asparteigi 2, Mosfellssveit, fæddur 25. 3. 1956 í Reykjavík, nnr. 7871-76o2.

Honum er kunnugt tilefni yfirheyrslunnar, en hann er grunaður um að hafa lagt eið að röngum framburði fyrir dómi.

Gætt er ákvæða 1. mgr. 4o. gr. laga um meðferð opinberra mála. Áminntur um sannsögli er maetti spurður spurninga og svarar þeim á eftirfarandi hátt:

1. Mætti er spurður hvort hann vilji einhverju breyta í fyrri framburði sínum?

Svar: "Nei".

2. Mættur er að því spurður hvort hann sé enn í vafa um, hvort hann hafi farið til Keflavíkur þann 19. 11. 1974?

Svar: "Ég veit ekkert hvað ég gerði þetta kvöld. Ég tel mestar líkur á að ég hafi verið hjá einhverju af því fólki, sem ég nefndi við ykkur."

3. Hefur mætti reynt eitthvað á eigin spýtur, til að komast úr vafa um þetta?

Svar: "Nei ég gerði það ekki vegna þess, að ~~ég~~ hefði ég gert eitthvað í málinu, þá hefðuð þið aldrei trúað mér."

4. Hefur mætti verið hvattur af einhverjum, til að komast úr þessum vafa?

Svar: "Það hefur ekki nokkur maður hvatt mig til þess,"

Gutenberg 137

112

5. Hefur mætti setið miðilsfund, þar sem mál þetta hefur borið á góma?

Svar: "Já"

6. Hjá hvaða miðli?

Svar: "Hafsteini miðli"

7. Hvenær?

Svar: "Sennilega febrúar, frekar en janúar þessa árs."

8. Hverjir voru á fundinum?

Svar: "Ég, Hrefna og amma mín Inga Finnsdóttir. Svo var einhver hjálparkona með miðlinum."

9. Hver hafði frumkvæði að því að mætti fór á þennan fund?

Svar: "Amma mín Inga Finsdóttir átti frumkvæðið að því að panta fundinn." Hugmynd mín var að reyna að ná sambandi við kunningja minn, Einar, sem var nýlátinn, og einnig að fá botn um mína afstöðu í þessu máli, það er Geirfinnsmáli."

10. Hvaða áhrif hafði fundurinn á mætta?

Svar: "Hann hafði góð áhrif á mig."

11. Varð mætti einhvers vísari eftir fundinn um afstöðu hans til Geirfinnsálsins?

Svar: "Nei ég get ekki sagt það. Ég fékk svo óbeint svar í sambandi við málið."

Gutenberg 137

113

12. Um hvað spurði mætti á fundinum?

Svar: "Ég spurði hvort ég hefði farið til Keflavíkur 19. nóv. 1974, eða eitthvað í þá áttina, en ég fékk ekki almennilegt svar, heldur var farið út í aðra sálma í svarinu. Mig minnir þó að einu sinni hafi komið fram, að ég hafi ekki farið, en ég tók því með varúð, vegna þess að það var ekki í samhengi, sem sagt var."

13. Mættur er spurður um það, hvort hann geti skýrt frá því hvaða fólk það var sem kom fram kx á miðilsfundinum, sem tjáði sig um Geirfinnsmálið?

Svar: "Sennilega verið Rúnki eða Magnús. Magnús er einhver læknir."

14. Var mætti í sama vafa eftir fundinn og fyrir hann?

Svar: "Nei, en ég fékk smá stirk."

15. Í hverju var þessi styrkur fólginn?

Svar: "Ég fékk vísbendingu um það að ég væri saklaus í málinu."

Spurning frá Sigurði Georgssyni hdl.: Hvaðx meinar mætti nákvæmlega með því að vera saklaus af málinu?

Svar: Égxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxx"Það stirkti mig í þeim efa sem ég var kominn í vegna þessa máls og stirkti þá kennd að vera viðriðinn þetta mál. Einnig það að ég hafði ekki samviskubit eða hugmynd um að hafa farið þá ferð, sem var borið upp á mig. Ennfremur vegna þess, að aldrei hafi verið komið til að tala við mig vegna þessa máls, þótt ég væri líklegastur, þar sem ég er frændi Kristjáns Viðars og bjó á Grettisgötu á þessum tíma."

Gutenberg 137

114

16. Getur mætti nú gefið einhverja skýringu á framburði sínum fyrir dómi 25. mai s.l.?

Svar: "Ég var þá ekki búinn að fullvissa mig um að ég hefði ekki farið. Ég vissi ekki hvar ég stóð. Einnig ótti við lögreglu og innilokun og eftir þá meðferð sem ég fékk hjá löggreglunni við þá yfirheyrslu, þar sem ég var fenginn til að játa, að ég hefði ekkixfarixxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxx farið þessa ferð til Keflavíkur og væri viðriðinn þetta mál, en að öðru leyti var ég ekki undir neinni þvingum við þessa dómsyfirheyrslu."
xxxxxxx
Spurning frá Sigurði Georgssyni hdl.

17. Hvað meinar mætti með orðunum "farið þessa ferð" og "xxxxx "væri viðriðinn þetta mál"?

Svar: "Það sem ég á við er það, að ég er kallaður hingað niðureftir og er beðinn um að segja hvað ég gerði á síðari hluta árs 1974. Ég skýrði það út í stuttu máli til að byrja með og fór svo nákvæmt út í það eins og ég mundi það þá og síðan var það komið út í þá sálma, að þeir sögðu, að ég væri kallaður sem vitni og þá í þessu Geirfinnsmáli. Þeir spurðu mig í fyrstu yfirheyrslu hvort ég hefði farið þessa ferð til Keflavíkur. Síðan sögðu þeir, að ég væri viðriðinn þetta mál, mér óafvitandi. Þetta er það sem ég meina. Síðan byrjaði dælan að ganga að þeir vissu eiginlega betur en ég og sögðu, að ég væri ekki að segja satt. Síðan sögðu þeir mér söguna og svo varð ég að geta í eyðurnar."

18. Hafði mætti samband við Kristján Viðar Viðarsson, meðan hann var á Litla-Hrauni s.l. vor?

Svar: "Nei ég vissi ekki einu sinni af því að hann var þar, hélt að hann væri inni í Síðumúla."

Gutenberg 137

115

19. Mætta er bent á að hann haldi því fram, að hann hafi verið leiddur við yfirheyrslur og látinn geta í eyður, auk þess sem hann haldi því fram, að sér hafi verið hótað gæsluvarðhaldi. Af þessu tilefni eru mætta kynntar skýrslur, sem teknar hafa verið af Auði Gestsdóttur og Pétri Eggerz samanber skjöl 6 bls. 62-64 og bls. 68-69.

Sigurður Georgsson hdl. mótmælir þessari spurningu sem villandi og leiðandi og rangri á röngum forsendum.

Svar: "Þetta er hárrétt hjá Auði Gestsdóttur og Pétri Eggerz. Mér var aldrei hótað neinu við yfirheyrslu sem K. Schütz stjórnaði og yfirheyrslan fór fram eins og þau lýstu."

20. Mætta er skýrt frá því, að í skýrslutöku þann 17. 10. s.l. skýri hann frá því í svari við 23. spurningu, að hann hafi hitt lögmann sinn, sem þá var Róbert Árni Hreiðarsson, í lo-12 skipti eftir 15. des. 1976. Spurningin er því þessi: Raddi mætti eingöngu um þetta mál við Róbert Árna Hreiðarsson, eða einhver önnur?

Svar: "Ég gerði við bílinn hans í staðinn fyrir aðstoð hans við mig í sambandi við þetta mál. Ég keypti bílfreið fyrir Róbert Árna í U.S.A., að hans beiðni og valdi hann úr fyrir hann. Það endaði með því að ég varð að flytja hann á mínu eigin nafni."

Skýrslutöku lauk kl. 14:50.

Staðfest rétt bókað,

Sigurður Óttar Hreinsson

Vottur:

Grétar Sæmundsson

Sigurður Georgsson hdl.

Bragi Steinarsson

Skýrslutöku stjórnaði:

Þórir Oddsson, deildarstjóri

Er skýrslutöku var lokið, en áður en hún var upplesin, vék Sigurður Georgsson hdl. frá, en í hans stað var viðstaddur upplesturinn Þorsteinn Júlíusson hrl.

Þórir Oddsson deildarstjóri

Þorsteinn Júlíusson hrl.

Kl. 15.5o víkur Sigurður Óttar Hreinsson frá frjáls ferða sinna.

Þórir Oddsson, deildarstjóri.

Gutenberg 137

Upplýsinga-skýrsla um vitni.

Fimmtudaginn 10. 11. 1977.
Í skýrslu Sigurðar Óttars Hreinssonar þann 17. 10. 1977 telur hann upp nokkra aðila, sem hugsanlega gætu gefið einhverjar upplýsingar um, hvar hann var sjálfur staddur að kvöldi þess 19. 11. 1974. Í því sambandi skal eftirfarandi tekið fram:

Í greindri skýrslu gat Sigurður Óttar um Láru Sveinbergsdóttur, Stífluseli 5, Reykjavík, s: 74923, f. 31. 10. 1956, nnr. 6002-1260. Talað var við Láru og kvaðst hún hafa slitið öllu sambandi við Sigurð Óttar í júní 1974 og engar upplýsingar geta gefið um ferðir hans eftir það. Hún var nýbúin að fæða barn og óskaði eftir, að þurfa ekki að mæta í málinu, til að staðfesta þetta. Ég spurði Sigurð Óttar um hvenær þau Lára hefðu slitið sambandi sínu og sagði hann það hafa verið 17. júní 1974. Af þessum sökum var Lára ekki kölluð til skýrslutöku.

Sigurður Óttar gat um Guðmund Magnússon, Laugarnesvegi 64, f. 27. 7. 1923 í sömu skýrslu. Samkvæmt upplýsingum, sem ég hef fengið, þá er nefndur Guðmundur á millilandaskipi, sem siglir fyrir erlenda aðila og mun ekki væntanlegur til landsins fyrr en um næstu áramót.

Þá gat Sigurður Óttar um Ívar Erlendsson, f. 20. 5. 1956, nnr. 4836-7399. Nefndur Ívar er fluttur til Akureyrar.

Af framangreindum ástæðum hefur ekki verið tekin vitnaskýrsla af þessu fólki.

Grétar Sæmundsson
lögreglum.

Gutenberg 137

	sk.
7	1

118

Rp:

Það staðfestist hér
með, að Sigurður Óttar
Hreinsson f. 25/3 36, Ásgarði 7,
Mosfellssveit, var hjá mér
á stofu 14. des. 1976 milli
kl. 17 - 19, en á heim
tíma fer fram miðsel
legn. ofnæmis

Reykjavík, 18. okt. 1977

Jón Guðgeirsson

JÓN GUÐGEIRSSON
Sérgrein: Húðsjúkdómar

DOMUS MEDICA — Sími 17550
Heimasími 86085

119

BIFREIÐASTÖÐ ÍSLANDS
ICELAND MOTOR COACH SERVICE

UMFERÐAMIÐSTÖÐIN v/HRINGBRAUT
REYKJAVÍK TEL: 22300

8 1

YOUR REF.

OUR REF.

REYKJAVÍK. 2o. október 1977

Efni:

Fyrirspurn Rannsóknarlögreglu ríkisins um Gasolíusölu hjá B.S.Í.

Á þeim tíma sem fyrirspurnin snýst um var hér tvennskonar afgreiðsluháti:

Annarsvegar var notuð sérstök mynt, sem sett var í dælurnar og var sú aðferð í gangi allan sólarhringinn.

Jafnframt var á kvöldin þegar ös var mest, maður á vakt sem afgreiddi á venjulegan hátt og var það á tímabilinu kl. 21 - 2.

Ég læt fylgja hér með ljósrit af söluskýrslum dagana 19. og 2o. nóv. 1974 og kemur þar fram, að sala á gasolíu hefur aðeins verið 53 l. þann 19. en 16 l. þann 2o.

Ekki verður séð hvort sú sala fer fram gegn mynt eða með venjulegri dælingu.

Virðingarfyllst,

Þ.Þ. BIFREIÐASTÖÐ ÍSLANDS H.F.

Til Ransóknarlögreglu ríkisins.

Sigríður Tómasdóttir

SÖLUSKÝRSLA

Skjal nr.	Bls. nr.
8	2

120

BIFREIÐASTÖÐ ÍSLANDS H.F.

BENZÍN: Heildarteljari

að kvöldi 491106

að morgni 490311

795

11174

GASOLÍA: Heildarteljari

að kvöldi 63719

að morgni 63666

53

DAGS.	LÍTRAR	KR.	AU.	DAGS.	LÍTRAR	KR.	AU.
19/11	795	38955			53	996	40

105000 +
27200 +
4800 +
7150 +
40521 =
40004 +
517 x

0 =
491106 +
490311 -
795 +
795 x
49 =
38955 +
0 +
63719 +
53555 -
21 =

3031 714285 +
3031 71 +
66750 71 *
0 00 *
63719 00 +
63666 00 -
53 00 •
53 x
18 80 =
996 4
996 40 +
38955 00 +
40004 40 *

ESSO

SÖLUSKÝRSLA

BIFREIÐASTÖÐ ÍSLANDS H.F.

Skjal nr.	Bls.
8	3

ESSO 121

BENZÍN: Heildarteljari
að kvöldi 492101
að morgni 491259
0842

GASOLÍA: Heildarteljari
að kvöldi 63754
að morgni 63735
19

1/74

DAGS.	LÍTRAR	KR.	AU.	DAGS.	LÍTRAR	KR.	AU.
1/11	842	41258	—		16	300	80

30 769 10000

Skjal nr.	Bls. nr.
9	1

Tíminn Fimmtudagur 6. október 1977

Yfirlýsing frá Róbert Árna Hreiðarssyni lögmanni:

Villandi skrif um Geirfinnsmálið leiðrétt

Blaðinu hefur borizt eftir farandi yfirlýsing frá Róbert Árna Hreiðarssyni lögmanni vegna fréttar sem blaðið birti í gær af málflutningi í Geirfinnsmálinu. Vill blaðið biðjast velvirðingar á þeim mistökum sem urðu í fréttinni. Yfirlýsing lögmannsins er svo hljóðandi:

Í gær, 5. október, virtust í Tímanum gáleysisleg og villandi skrif um „tengsl" skjólstæðings míns, Sigurðar Óttars Hreinssonar, við „Geirfinnsmálið". Tíminn, eitt blaða, birti nafn skjólstæðings míns í fréttaflutningi um málið og gerði sig öðru sinni sekt um óábyrgan fréttaflutning og brot á lögum um meðferð opinberra mála varðandi skjólstæðing minn, sbr. 161. gr. laga.

Hinn 8. febrúar sl. var fjölmiðlum send yfirlýsing og leiðrétting vegna nafnbirtingar skjólstæðings míns í „tengslum" við „Geirfinnsmálið". Fjölmiðlar birtu yfirlýsinguna og hafa allir, nema Tíminn nú, tekið til greina og virt þau sjónarmið sem þar komu fram. Fréttaflutningur Tímans í gær um „þátt" skjólstæðings míns í málinu er beinlínis rangur og andstæður gögnum málsins. Að gefnu tilefni eru því þessar staðreyndir leiddar fram:

1. Við rannsókn „Geirfinnsmálsins" kom ekkert fram sem leiddi í ljós eða benti til að skjólstæðingur minn hafi vitað hvað átti að sækja eða flytja frá Keflavík kvöld það sem Geirfinnur er sagður myrtur. En í fréttaflutningi Tímans í gær er því haldið fram að tilgangur fararinnar hafi verið að leita að eða stela áfengi.

2. Ekkert kom fram við rannsókn málsins sem leiddi í ljós eða benti til að skjólstæðingur minn hafi vitað um þá atburði sem áttu sér stað í Dráttarbraut Keflavíkur umrætt kvöld.

3. Skjólstæðingur minn var eingöngu yfirheyrður við rannsókn málsins sem vitni og nýtur því réttarstöðu vitnis lögum samkvæmt.

Nafnbirting skjólstæðings míns í fjölmiðlum fyrr á þessu ári, og í Tímanum í gær, hefur raskað mjög stöðu og högum skjólstæðings míns. Hefur hann sætt aðkasti frá fólki sem telur hann „viðriðinn" málið. Má rekja það til óábyrgs fréttaflutnings fjölmiðla af málinu hvað hann varðar.

Eins og fyrr greinir nýtur skjólstæðingur minn réttarstöðu vitnis í málinu. Samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála, meginreglum réttarfars og refsilögum er hér um skýlaust brot á mannréttindum, æru og friðhelgi einkalífs að ræða. Ber að átelja ritstjórn dagblaðsins Tímans harðlega fyrir skrif um „tengsl" skjólstæðings míns við mál þetta. Brýn þörf er að fjölmiðlum sé gerð ljós ábyrgðin í skrifum um mál sem þessi, svo og áhrif á skoðanamyndun almennings í því sambandi.

Reykjavík, 5. október 1977
Róbert Árni Hreiðarsson

Yfirlýsing vegna nafnbirtingar í Geirfinnsmáli

MORGUNBLAÐINU barst í gær eftirfarandi yfirlýsing. Vegna yfirlýsingarinnar skal það tekið fram, að á blaðamannafundi þeim sem Karl Schütz og aðrir rannsóknarmenn Geirfinnsmálsins héldu fyrir skömmu, voru birt nöfn þeirra þriggja manna, sem sitja í varðhaldi vegna málsins og auk þess nafn sambýliskonu eins þeirra, en hún var með í förinni til Keflavíkur, og sendibílstjórans, sem átti að flytja spírann til Reykjavíkur.

Er yfirlýsingin á eftir vegna hans:

„Vegna nafngreiningar skjólstæðings míns Sigurðar Óttars Hreinssonar, í dagblöðum, útvarpi og sjónvarpi, þegar sagt var frá niðurstöðum rannsóknar í svonefndu „Geirfinnsmáli", skal tekið fram eftirfarandi:

1. Skjólstæðingur minn er sagður hafa verið sá maður, sem ók sendiferðabifreið til Keflavíkur að beiðni Kristjáns Viðars.

2. Skjólstæðingur minn var eingöngu yfirheyrður við rannsókn „Geirfinnsmálsins" sem vitni og átti því lögum skv. að njóta réttarstöðu vitnis. Nafnbirtingu skjólstæðings míns tel ég því með öllu óheimila. Því er farið fram á þessa leiðréttingu, að frásagnir fjölmiðla um þátt skjólstæðings míns í málinu voru óljósar og í mörgum tilvikum villandi. Hefur nafnbirtingin raskað mjög stöðu og högum skjólstæðings míns.

3. Við rannsókn „Geirfinnsmálsins" kom ekkert fram, sem leiddi í ljós eða benti til, að skjólstæðingur minn hafi vitað hvað átti að sækja eða flytja frá Keflavík kvöld það, sem Kristján Viðar sendi hann þangað.

4. Við rannsókn „Geirfinnsmálsins" kom ekkert fram, sem leiddi í ljós eða benti til, að skjólstæðingur minn hafi haft hina minnstu hugmynd um þá atburði sem áttu sér stað í dráttarbrautinni umrætt kvöld.

5. Við rannsókn Geirfinnsmálsins kom ekkert fram, sem leiddi í ljós eða benti til, að skjólstæðingur minn hafi verið í „félagi" með sakborningum um glæpastarfsemi fyrr né síðar eða haft við þá önnur tengsl, að því undanskildu, að skjólstæðingur minn og Kristján Viðar voru systkinabörn.

6. Þar sem fjölmiðlar hafa átt þátt í því að meiða æru skjólstæðings míns að ósekju, er þeim hér með gefinn kostur á að birta yfirlýsingu þessa í þeirri von, að almenningi skiljist sá óréttur, sem skjólstæðingur minn var beittur með nafnbirtingunni. Einnig er það von undirritaðs, að yfirlýsing þessi nægi til þess, að skjólstæðingur minn geti lifað eftirleiðis án þess að skuggi og harmur „Geirfinnsmálsins" hvíli yfir höfði hans um aldur og ævi."

Róbert Árni Hreiðarsson
lögfr.

Nafn.... Ívar P. Hannesson .....nafnnúmer..4837-8358.....

Yfirvinna frá 16. 13.12.1976 til 15.1. 1977. Launaflokkur. B-14.

Skjal nr.	Bls. nr.
11	1

Klukkustundir **124**

Dags.	Hvað unnið:	yfir-vinna	vakta-álag	gæzlu-vakta-þóknun	stór-hátíða kaup	yfir-vinnu álag	stað-festing
13.12.	v/Geirfinnsmálsins.	7,0					
14.12.	-----ooooo-----	7,0					
15.12.	-----ooooo-----	3,5					
18.12.	-----						

Ljósritað í skrifstofu
28. okt. 1977

16,0

Nafn. Eggert N. Bjarnason ..... nafnnúmer. 1703-6076

Skjal nr.	Bls. nr.
12	1

Yfirvinna frá ~~16.~~ 13.12.76 til 15. 1. 1977 Launaflokkur. A 14-3

Klukkustundir **125**

Dags.	Hvað unnið:	yfir-vinna	vakta-álag	gæzlu-vakta-þóknun	stór-hátíða kaup	yfir-vinnu álag	stað-festing
13/12	v/Geirfinnsmáls	7					
14.	do.	7					
15.	do.	1					
20.	do.						

Ljósritað í skrifstofu

28. okt. 1977

Sakadóms Reykjavíkur

Skjal nr.	Bls. nr.
13	1

Nafn Sigurbjörn Víðir Eggertsson nafnnúmer 7798-6502

Yfirvinna frá 16. 13/12 76 til 15. 1 1977 Launaflokkur B-12

Klukkustundir **126**

Dags.	Hvað unnið:	yfir-vinna	vakta-álag	gæzlu-vakta-þóknun	stór-hátíða kaup	yfir-vinnu álag	stað-festing
12 76	Geirfinnsmál.	4					
12 76	do.	5					
12 76	do.	5					
12 76	do.	7					
12 76	do.						
12 76							

Ljósritað í skrifstofu

28. okt. 1977

Sakadóms Reykjavíkur

Skjal nr.	Bls. nr.
14	1

127

4

13. desember 1976 . Mánudagur

51. vika. 348–13

1700 - 2100 = 4

Innsaue: Rúnar

Var við ígripakæru á ERLU
sakadómi og var Petur
viðstaddur skýrslutöku.

Var viðstaddur ígripakæru
fyrir Sigurði Ólafi H reiðskyri
dómt Ingva.

allir 4

14. desember 1976 . Þriðjudagur

51. vika. 349—17

1700 - 2200 - J

FUNDUR: RÍKISR

SÓTTI SENDIR HERRA Í SÍMANUM ÁSAMT FYLGDI.

VAR VIÐ VIÐRÆÐUR Á SENDIR HERRA, ÁSAMT SENDIR, PETRI OG RUDI.

FÓR MEÐ SENDIR HERRA TIL LÆKNIS, ÁSAMT HARALDI.

VAR SÍÐAN MEÐ VIÐRÆÐUM Á SENDIRÁÐI.

ANNAÐ: J,

Rannsóknarlögregla ríkisins Tilk. nr. – /19

129

Skjal nr.	Bls. nr.
15	1

ÁKVÖRÐUN
um fangelsun vegna handtöku

Nafn: Sigurður Óttar Hreinsson

Fæddur: 25.3.1956 Nafnnúmer 7871-7602

Heimili: Asparteigur 2,Mosfellssveit.

Staða: nemi.

Á að vera í fangelsinu við Síðumúla.

Tilefni:

Brot á 142.gr.alm.hegningarl.

Rannsóknarlögregla ríkisins

Staður: Rvík. dags.: 12.10.1977. kl. 18,00

Beiðni til yfirh.12.10.'77,kl.14,15.

Sigurður Hauksson.

Settur í klefa nr.: dags.: kl.

Geymslu lauk dags.: kl.

Gæsluvarðhald hófst dags.: kl.

7706 1000x2 Gutenberg

Einkak lögregla

Skjal nr. 16 | Bls. nr. 1

130

E N D U R R I T

úr

S A K A D Ó M S B Ó K R E Y K J A V Í K U R

---oooOOOooo---

Ár 1977, fimmtudaginn 13. október, var dómþing sakadóms Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af sakadómurunum Gunnlaugi Briem sem dómsformanni, Ármanni Kristinssyni og Haraldi Henryssyni.

Fyrir var tekið:

Sakadómsmálið:

Ákæruvaldið

gegn

Knistjáni Viðari Viðarssyni

o.fl.

131

Skjal nr. 16 | Bls. nr. 2

Þinghaldið var lokað.

Málið var dómtekið föstudaginn 7. þ.m.

Sækjandi málsins hefur krafist þess, að framhaldsrannsókn fari fram í málinu og verði vitnið Sigurður Óttar Hreinsson kvaddur fyrir dóm á ný.

Með tilvísun til 136. gr. laga nr. 74, 1974 telur dómurinn rétt að verða við þessu.

Kl. 13.45 er mættur í dóminum sækjandi málsins Bragi Steinarsson, saksóknari.

Einnig eru mættir verjendurnir Jón Oddsson, hrl., Páll A. Pálsson, hdl., Benedikt Blöndal, hrl., Hilmar Ingimundarson, hrl., Örn Clausen, hrl. og Guðmundur Ingvi Sigurðsson, hrl.

Einnig er mættur Sigurður Georgsson, hdl.

Kl. 13.45 kemur í dóminn vitnið Sigurður Óttar Hreinsson.

Alvarlega áminntur um sannsögli.

Vitnið hefur verið haft í haldi síðan í gær vegna lögregluannsóknar.

Vitnið kom fyrir dóm 25. maí s.l. og vann eið að framburði sínum.

Vakin er sérstaklega athygli vitnisins á vitnaskyldu þess og ábyrgð sem og þýðingu eiðvinningar þess, sem gildi einnig í þessu þinghaldi.

Framburður vitnisins frá 25. maí s.l. er nú lesinn í heyranda hljóði.

Vitnið lýsir því yfir að framburðurinn sé ekki réttur.

Vitnið kveðst ekki hafa farið ferð þá er í framburðinum

132 | Skjal nr. 16 | Bls. nr. 3

greinir. Vitnið kveður sögu þessa hafa spunnist við "yfirheyrslu hjá lögreglunni og skýrslutökur".
Aðspurður um það hvers vegna vitnið hafi gefið dómskýrsluna segir það að það hafi "eingöngu verið vegna ótta við lögregluna." Vitnið kveðst ekkert samband hafa haft við lögregluna eftir 14. desember 1976. Eina rétta skýrslan sem vitnið gaf í málinu segir það vera fyrstu skýrslu þess hjá lögreglunni. Vitnið kveðst hafa verið beitt hótunum af lögreglunni. Man það eftir því að einhvern tíma er það var í yfirheyrslu heyrði það Eggert Bjarnason rannsóknarlögreglumann segja eftir Erni Höskuldssyni er það taldi að Eggert væri að tala við að það yrði látið sæta 30 daga gæzluvarðhaldi ef það samþykkti ekki skýrsluna og yrði þægt. Vitninu er bent á að engin lögregla hafi verið viðstödd er það var yfirheyrt í dómi, heldur einungis dómvörður, vitnið kveðst ekki hafa gert sér grein fyrir þessu. Vitnið kveður skýrslu sína að öllu leyti ranga að öðru leyti en því að það hefði getað fengið sendibifreið þá er í henni greinir lánaða og ennfremur það símtal sem það vissi af að Laugavegi 32, en efni símtalsins vissi vitnið ekki. Lesin er nú skýrsla vitnisins að nýju lið fyrir lið. Vitnið segir upphaf skýrslunnar rétt, þangað til að komi út að setningunni: "Vitnið kveðst hafa haldið eftir lykli að bifreiðinni eftir að það hætti á Sendibílastöðinni." Um þetta atriði hafi það borið rangt. Lestrinum er síðan haldið áfram. Vitnið kveður söguna um símtal milli Kristjáns Viðars og Sævars Marinós rétta og annað er í því sambandi greinir, nema að það hafi ekki farið til Keflavíkur skömmu eftir að símtal þetta fór fram. Vitnið skýrir frá því að allt sé rangt í skýrslu

sinni frá: "Vitnið man að kvöldið áður en farið var til Keflavíkur hafi það verið statt hjá Kristjáni Viðari að Laugavegi 32," (og að setningu neðst að bls. 59 í endurriti) út að setningunni á bls. 64, það kveðst einu sinni áður fyrri part þess árs hafa farið í Njarðvíkur á eigin bifreið sem er fólksbifreið."

Vitnið kveðst hafa vitað þegar það gaf skýrslu sína í dómi 25. maí s.l. að hún væri röng svo sem að framan greinir. Ber vitnið enn við ótta við lögregluna. Vitnið kveðst vera búið að átta sig á þessu núna og hafa kjark til að segja sannleikann. Vitnið kveðst hafa rætt mál þetta við alla sína ættingja, vini og vinnufélaga og Róbert Árna Hreiðarsson lögfræðing. Og einnig ræddi vitnið málið við Jón Oddsson hrl. og Pál A. Pálsson hdl. s.l. mánudag á skrifstofu Róberts Árna. Vitnið kveðst hafa rætt málið fyrst við Róbert Árna daginn eftir að lögreglan sleppti því eða 15. des. 1976. Vitninu leið mjög illa og var orðið á báðum áttum um "hvort hann hefði gert þessa hluti". Fyrir um 2 mán. kveðst vitnið hafa verið orðið alveg visst í sinni sök. Vitnið kveðst hafa beðið Róbert Árna að birta yfirlýsingar í blöð til að verja sitt nafn. Aðspurt kveðst vitnið hafa spurt lögmennina Róbert Árna, Pál A. Pálsson og Jón Oddsson hvaða viðurlögum það gæti varðað ef það drægi framburð sinn til baka. Nefndu þeir að það gæti orðið í hæsta lagi allt að 4 ára fangelsi.

Páll A. Pálsson hdl. spyr: Hvernig fóru þessar yfirheyrslur fram í desember 1976.

Svar: Það var ýtt á eftir mér, ég var látinn geta í eyður og ennfremur þvinganir og gæzluvarðhald nefnt.

134 Skjal nr. 16 Bls. nr. 5

Jón Oddsson hrl. spyr: Getur vitnið gert grein fyrir sviðsetningunni í Dráttarbrautinni í Keflavík?

Svar: Sviðsetningin fór þannig fram að það var hægt að fara tvær leiðir. Leiðina frá Keflavík er ekki hægt að fara í Dráttarbrautina. Hin leiðin var að beygja upp með húsinu. Ég setti bílinn þar sem ég hélt að hann ætti að vera. Ég hafði ekki áður farið á þennan stað.

Jón Oddsson spyr: Hefur vitnið orðið fyrir óþægindum af málinu?

Svar: Ég hef verið mikið spurður af vinnufélögum, þeir hafa mikið rengt mig, en ég hef alltaf haldið því fram að ég hafi ekki farið þessa ferð.

Jón Oddsson spyr: Telur vitnið einhverja ástæðu vera fyrir því að Sævar og Kristján hafi ekki talast við í nóvember 1974?

Svar: Ég tel litlar eða engar líkur á því þar sem þeir voru "hörkuóvinir" á þessum tíma vegna bílaviðskipta sem þeir ætluðu að eiga við mig.

Örn Clausen hrl. spyr: Hvenær sagði vitnið Róbert Árna fyrst frá því að það hefði sagt ósatt hér fyrir dómi í maí?

Svar: S.l. mánudag.

Örn Clausen hrl. spyr: Reyndi Róbert Árni einhvern tíma á tímabilinu að hafa áhrif á þig og reyna að fá þig til að skýra rétt frá?

Svar: Já strax.

Örn Clausen hrl. spyr: Var vitninu ekki kunnugt um málflutning í s.l. viku?

Svar: Jú ég hafði mikil óþægindi af honum vegna blaðaskrifa.

Örn Clausen hrl. spyr: Hver var aðdragandinn að fundinum á mánudaginn var sem vitnið átti með þremur lögfræðingum?

Svar: Róbert Árni hringdi í mig í vinnuna og spurði mig hvort ég hefði lesið grein í Tímanum sem hann hefði skrifað fyrir mig. Ég svaraði því neitandi og bað hann mig þá að koma, þegar ég kom til Róberts Árna fórum við að ræða þetta mál. Síðan hringdi Róbert Árni í annað hvort Jón Oddsson eða Pál A. Pálsson og komu þeir nokkru síðar í skrifstofu Róberts Árna.

Guðmundur Ingvi hrl. spyr: Hvöttu einhverjir aðrir en Róbert Árni vitnið til að breyta framburðinum?

Svar: Nei.

Guðmundur Yngvi hrl. spyr: Hvað óttaðist vitnið hjá lögreglu?

Svar: Einungis gæzluvarðhald vegna innilokunarkenndar. Ég óttaðist ekki barsmíðar og hef ekki neinn almennan beig af lögreglunni.

Örn Clausen hrl. spyr: Skýrði vitnið sjálfstætt frá málsatvikum áður en lögregluskýrslur voru lesnar fyrir hann í þinghaldi 25. maí?

Svar: Já, það hlýtur að vera.

Páll A. Pálsson hdl. spyr? Man vitnið hvað yfirheyrslan 14. des. 1976 tók langan tíma?

Svar: Mig minnir að hún hafi staðið í 10 klukkustundir samfleytt án matarhlés, en ég fékk kaffi.

Upplesið játað rétt.

Vék frá kl. 15.25.

Bragi Steinarsson sækjandi málsins krefst þess að fá fram lagðar í dóminum skýrslur Rannsóknarlögreglu ríkisins frá því í gær varðandi Sigurð Óttar Hreinsson til skýringar á þinghaldi því er fram hefur farið hér í dag.

Upplesið.

Dómþingi slitið.

136

Skjal nr.	Bls. nr.
16	7

Gunnlaugur Briem.

Ármann Kristinsson.

Haraldur Henrysson.

Vottar:

Skúli Bjarnason.

Guðm. T. Guðmundsson.

Rétt endurrit staðfestir:

Skrifstofu sakadóms Reykjavíkur 16. október 1977.

137

Skjal nr.	Bls. nr.
17	1

E N D U R R I T

úr

S A K A D Ó M S B Ó K R E Y K J A V Í K U R

---ooo000ooo---

Ár 1977, fimmtudaginn 13. október er dómþing sakadóms Reykjavíkur haldið að Borgartúni 7 af Ingibjörgu Benediktsdóttur, fulltrúa með undirrituðum vottum.

Fyrir er tekið:

Krafa um gæzluvarðhald

og dómsrannsókn.

Í dóminn kemur kl. 15.55 Bragi Steinarsson, saksóknari og Hallvarður Einvarðsson, Rannsóknarlögreglustjóri ríkisins.

Rannsóknarlögregluskýrsla dags. 12. þ.m. liggur frammi svo og sakadómsbók nr. 1124 og endurrit af yfirheyrslu yfir kærða í dómi þann 25. maí 1976.

138 Skjal nr. 17 Bls. nr. 2

Saksóknari les fyrir svohljóðandi kröfu: "Með vísan til þess er fram hefur komið í þinghaldi sakadóms Reykjavíkur í dag í málinu: Ákæruvaldið gegn Kristjáni Viðari Viðarssyni o.fl., er þess krafizt, að fram fari dómsrannsókn á ætluðu broti Sigurðar Óttars Hreinssonar, f. 25. marz 1956 á 142.gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 vegna breytzt framburðar hans fyrir dómi í dag.

Jafnframt er þess krafizt, að Sigurði Óttari Hreinssyni verði með vísan til l. tl. 67. gr. l. nr. 74/1974 gert að sæta gæzluvarðhaldi í þágu rannsóknar málsins allt að 30 dögum".

Dómarinn lætur þess getið að hann muni taka sér frest til ákvörðunar á fram komnum kröfum til kl. 13.00 á morgun.

Að ósk kærða hefur Sigurður Georgsson, hdl. mætt í þinghaldi þessu.

Upplesið, staðfest.

Bragi Steinarsson.

Hallvarður Einvarðsson.

Sig. Georgsson.

Dómþingi slitið kl. 16.10.

Ingibjörg Benediktsdóttir.

Ár 1977 föstudaginn 14. október er dómþing sakadóms Reykjavíkur haldið að Borgartúni 7 af Ingibjörgu Benediktsdóttur, fulltrúa með undirrituðum vottum.

Fyrir er tekið:

Framangreint mál.

Gögn þau er lágu frammi í dóminum í gær eru til staðar.

Kl. 13.00 mæta í dóminum Bragi Steinarsson, saksóknari,

Skjal nr. 17 | Bls. nr. 3

139

Sigurður Georgsson, hdl. og einnig er mættur í dóminum Sigurður Óttar Hreinsson, iðnnemi, f. 21. marz 1956 í Reykjavík nú til heimilis að Asparteig 2, Mosfellssveit.

Kærða er kynnt tilefni yfirheyrslunnar og réttarstaða hans er honum kynnt og gætt er ákvæða 2. mgr. 77. gr. l. nr. 74/1974.

Kærði kveðst aðspurður ekki kvika frá þeim framburði, er hann gaf fyrir sakadómi í gær. Hann segir, að það sem þar sé eftir sér haft sé satt og rétt.

Kærði segir aðspurður, að hann sjái ekki að efni standi til að hann verði úrskurðaður í gæzluvarðhald, enda sjái hann ekki ástæðu til þess að hann fái ekki nú sem áður að ganga frjáls ferða sinna. Ennfremur verði um röskun á námi sínu að ræða, verði krafan tekin til greina.

Aðspurður segir kærði, að hann muni nú ekki sérstaklega, hvar hann var staddur að kvöldi þess 19. nóvember 1974.

Upplesið, staðfest.

Sigurður Óttar Hreinsson.

Var nú í dóminum kveðinn upp svohljóðandi

Úrskurður:

Ár 1977, föstudaginn 14. október er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er að Borgartúni 7 af Ingibjörgu Benediktsdóttur, fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Af hálfu ríkissaksóknara hefur þess verið krafizt, að Sigurður Óttar Hreinsson, Asparteig 2, Mosfellssveit verði úrskurðaður í gæzluvarðhald í allt að 30 daga.

Sigurður Óttar kom í gær fyrir sakadóm og undir eiði

lýsti hann yfir því, að hann hefði borið rangt vitni í málinu: Ákæruvaldið gegn Kristjáni Viðari Viðarssyni o.fl. Hann hefur í dag fyrir dómi ítrekað, að framburður hans fyrir dómi í gær sé réttur.

Sigurður Óttar var yfirheyrður hjá rannsóknarlögreglu vegna rannsóknar ofangreinds máls þann 13. og 14. desember 1976 svo og 24. janúar s.l., svo og við meðferð málsins fyrir dómi þann 25. maí s.l., en þá staðfesti hann framburð sinn með eiði.

Við yfirheyrslur þann 14. desember 1976, 24. janúar s.l. og 25. maí s.l. bar kærði m.a. að hann fyrri part vetrar 1974 hefði tekið sendiferðabifreið frá Reykjavík til Keflavíkur og komið við í Dráttarbrautinni í Keflavík, að beiðni Kristjáns Viðars Viðarssonar, sem nú hefur verið ákærður ásamt öðrum fyrir að hafa orðið manni að bana í Dráttarbrautinni í Keflavík þann 19. nóvember 1974.

Fyrir dómi í gær hefur Sigurður Óttar haldið því fram, að hann hafi alls ekki farið þessa ferð til Keflavíkur, og fyrri framburður hans sé þannig í öllum meginatriðum rangur.

Hann heldur því ennfremur fram, að hann hafi verið beittur hótunum og ólögmætum aðferðum af hálfu þeirra lögreglumanna, sem með rannsókn málsins fóru, og af ótta við lögregluna hafi hann gefið ranga skýrslu fyrir dómi þann 25. maí s.l.

Kærði, Sigurður Óttar, er þannig sakaður um rangan framburð og rangar sakargiftir, sbr. 142. gr. og 148. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Með vísan til þess, sem að ofan greinir, er sérstök ástæða

141

Skjal nr.	Bls. nr.
17	5

til að ætla, að Sigurður Óttar kunni að spilla, rangfæra eða koma undan sönnunargögnum, ef hann verður látinn frjáls ferða sinna. Ber því samkvæmt 1. tl. 67. gr. l. nr. 74/1974 að úrskurða kærða til að sæta gæzluvarðhaldi, þó þannig að hann sæti gæzluvarðhaldinu eigi lengur en til miðvikudagsins 9. nóvember n.k.

Úrskurðarorð:

Kærði, Sigurður Óttar Hreinsson, sæti gæzluvarðhaldi, þó eigi lengur en til kl. 13.4o miðvikudaginn 9. nóvember n.k.

Úrskurðarorð lesið í heyranda hljóði.

Sigurður Georgsson, hdl. óskar eftir að eftirfarandi verði fært til bókunar: " Mér var hvorki í þinghaldi í gær né í dag gefinn kostur á að mótmæla kröfu saksóknara um gæzluvarðhald yfir Sigurði Óttari Hreinssyni".

Eftir beiðni Sigurðar Óttars, er Sigurður Georgsson, hdl., sem verið hefur viðstaddur þinghaldið að tilhlutan hans, skipaður réttargæzlumaður hans.

Kærufrestur úrskurðarins er kynntur og kveðst réttargæzlumaður kærða munu taka afstöðu til kæru á úrskurði þessum til Hæstaréttar innan þess frests.

Upplesið, staðfest.

Sigurður Óttar Hreinsson

vék frá til gæzlu kl. 13.50.

Sig. Georgsson.

Vottar:

Guðm. T. Guðmundsson.

Haraldur Sigurðsson.

Dómarinn lætur þess getið að hann muni nú fresta þinghaldinu um sinn og tekur kröfu ríkissaksóknara um dómsrannsókn til úrskurðar.

Upplesið.

Bragi Steinarsson.

Sig. Georgsson.

Ár 1977, föstudaginn 14. október er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er af Ingibjörgu Benediktsdóttur, fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Á dómþingi sakadóms Reykjavíkur í gærdag var svohljóðandi krafa borin fram munnlega af hálfu ákæruvaldsins: " Með vísan til þess er fram hefur komið í þinghaldi sakadóms Reykjavíkur í dag í málinu: Ákæruvaldið gegn Kristjáni Viðari Viðarssyni o.fl. er þess krafizt að fram fari dómsrannsókn á ætluðu broti Sigurðar Óttars Hreinssonar, f. 25. marz 1956 á 142. gr. alm. hgl. nr. 19/1940 vegna breytzt framburðar hans fyrir dómi í dag.

Jafnframt er þess krafizt, að Sigurði Óttari Hreinssyni verði með vísan til l. tl. 67. gr. l. nr. 74/1974 gert að sæta gæzluvarðhaldi í þágu rannsóknar málsins allt að 30 dögum".

Krafan um gæzluvarðhald hefur verið úrskurðuð sérstaklega nú í dag.

Samkvæmt l. 74/1974, sbr. l. 107/1976 fer lögregla (rannsóknarlögregla) með frumrannsókn brotamála. Dómstólar fara ekki með rannsókn mála, nema samkvæmt 74. gr. laganna (sbr. þó niðurlagsákvæði 73.gr., sem á aðeins við utan Reykjavíkur.) Dómsrannsókn fer fram eftir sérstakri beiðni ríkissaksóknara, þar sem gæta skal ýmissa formskilyrða (sbr. 2. og 3. mgr. 74.gr.).

143

Skjal nr.	Bls. nr.
17	7

Dómsrannsókn skv. 74. gr. á einungis að fara fram að lokinni frumrannsókn, enda sé þá ekki hægt að taka ákvörðun um hvort mál skuli höfða eða ekki.

Málefni það, sem hér er um að ræða, þ.e. rannsókn á hendur Sigurði Óttari Hreinssyni, sem sakaður er um rangan framburð fyrir dómi er á byrjunarstigi og því ekki efni til dómsrannsóknar að svo stöddu. Þá hefur nefndra formskilyrða ekki verið gætt að fullu.

Er þannig ekki unnt að taka kröfuna til greina.

Úrskurðarorð:

Krafa um dómsrannsókn í framangreindu máli verður ekki tekin til greina.

Saksóknari óskar ekki eftir að tjá sig um hina uppkveðnu úrskurði að svo stöddu.

Sigurður Georgsson kveðst fyrir hönd skjólstæðing síns óska eftir að kæra framangreindan úrskurð, svo og gæzluvarðhaldúrskurð þann, sem kveðinn var upp fyrr í dag.

Upplesið, staðfest.

Sig. Georgsson.

Bragi Steinarsson.

Viku frá kl. 14.35.

Dómþingi slitið.

Ingibjörg Benediktsdóttir.

Vottur:

Guðm. T. Guðmundsson.

Rétt -

144

Skjal nr.	Bls. nr.
17	8

endurrit staðfestir:

Skrifstofu sakadóms Reykjavíkur 15. október 1977.

Ingibjörg Benediktsd.

SAKADÓMUR REYKJAVÍKUR

SAKADÓMUR REYKJAVÍKUR

Skjal nr.	Bls. nr.
18	1

145

Tilk. nr. ..... – ...../19

Nafn: .....

Fæddur: ..... Nafnnúmer .....

Heimili: .....

Á að vera í Hegningarhúsinu/Fangelsinu Síðumúla 28 allt að ..... dögum. degi klst.

Tilefni: Afplánun. Geymsla. Gæzluvarðhald.

Ákvörðun:

Dómur:

.....

.....

.....

Sátt: .....

.....

Úrskurður: .....

Brot: .....

.....

Laus í síðasta lagi.: ..... kl. .....

Dags. tilk.: ..... kl. .....

.....

Settur í klefa nr.: ..... dags.: ..... kl. .....

Færður í klefa nr.: ..... dags.: ..... kl. .....

Látinn laus. Fór: ..... kl. ..... af að .....

.....

7510 4000X2 Gutenberg

SAKADÓMUR REYKJAVÍKUR

Skjal nr.	Bls. nr.
18	2

146

Tilk. nr. ____ – ____/19

Nafn: [illegible]

Fæddur: [illegible] Nafnnúmer [illegible]

Heimili: [illegible]

Á að vera í Hegningarhúsinu/Fangelsinu Síðumúla 28 allt að ____ dögum.. degi klst.

Tilefni: Afplánun. Geymsla. Gæzluvarðhald.

Ákvörðun:

Dómur:

Sátt:

Úrskurður:

Brot:

Laus í síðasta lagi.: [illegible] kl. [illegible]

Dags. tilk.: [illegible] kl. [illegible]

Settur í klefa nr.: ____ dags.: ____ kl. ____

Færður í klefa nr.: ____ dags.: ____ kl. ____

Látinn laus. Fór: ____ kl. ____ af að ____

7510 4000X2 Gutenberg

Skjal nr.	Bls. nr.
19	1

147

Ár 1977, mánudaginn 24. október, var í Hæstarétti í málinu nr. 181/1977:

Ákæruvaldið

gegn

Sigurði Óttari Hreinssyni

uppkveðinn svohljóðandi

d ó m u r :

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 14. október 1977, sem barst Hæstarétti 17. s.m. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Hann krefst og kærumálskostnaðar.

Af hálfu ríkissaksóknara er þess krafist, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Varnaraðili hefur gefið ósamhljóða vitnaskýrslur í opinberu máli, þar sem þeir, sem fyrir sökum eru hafðir, eru ákærðir fyrir brot, sem mjög þung viðurlög liggja við. Vitnisburður varnaraðila kann að hafa þýðingu í því máli. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna

Skjal nr.	Bls. nr.
19	2

148

hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Rétt endurrit staðfestir.

Dómi birt 25. 10. 1977
kl. 17[05]

D. u. s.

Skjal nr.	Bls. nr.
20	1

149

Ár 1977, mánudaginn 24. október, var í Hæstarétti í málinu nr. 182/1977:

Ákæruvaldið

gegn

Sigurði Óttari Hreinssyni

uppkveðinn svohljóðandi

d ó m u r :

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 171. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 14. október 1977, sem barst Hæstarétti 18. s.m. Hefur ríkissaksóknari heimilað honum kæru úrskurðarins. Stendur ákvæði 5. mgr. 12. gr. laga nr. 107/1976 því ekki í vegi.

Varnaraðili krefst þess, að úrskurðurinn "verði úr gildi felldur og dæmt áfram á ætluðu broti" sínu. Hann krefst og kærumálskostnaðar.

Ríkissaksóknari hefur ekki af sinni hálfu lýst kæru úrskurðarins til dómara málsins með þeim hætti, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 174. gr. laga nr. 74/1974, en í greinargerð til Hæstaréttar 18. þ.m. er þess krafist af hans hálfu að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og lagt fyrir sakadóm Reykjavíkur að heyja dómsrannsókn vegna rangs framburðar varnaraðila.

Skjal nr. 20 | Bls. nr. 2

Hinn 12. október 1977 kom Bragi Steinarsson settur vararíkissaksóknari fyrir rannsóknarlögreglustjóra ríkisins og gaf honum munnlega skýrslu um það, að sér hefði borist vitneskja um, að varnaraðili hefði staðhæft í viðtölum við nafngreinda menn, að hann hefði gefið rangar skýrslur við rannsókn sakadómsmálsins: Ákæruvaldið gegn Kristjáni Viðari Viðarssyni o.fl., sem dómtekið hafði verið í sakadómi Reykjavíkur 7. s.m. Var framangreind skýrsla vararíkissaksóknara skráð sem kæra á hendur varnaraðila um rangan framburð.

Rannsókn málsins hófst tafarlaust á því, að rannsóknar lögreglufulltrúi tók skýrslu af varnaraðila. Skýrði varnaraðili þá svo frá, að eiðfestur framburður sinn í framangreindu sakadómsmáli 25. maí 1977 hefði verið í meginatriðum rangur, svo og skýrslur sínar fyrir rannsóknarlögreglu 14. desember 1976 og 24. janúar 1977, en þær skýrslur hefði hann staðfest fyrir sakadómi í þinghaldinu 25. maí 1977. Hins vegar væri rétt sú skýrsla, sem hann gaf, er hann kom fyrst fyrir rannsóknarlögreglu hinn 13. desember 1976. Væri það því allt rangt, sem hann hefði síðar borið, að hann hefði eitt sinn, e. t. v. hinn 19. nóvember 1974, ekið sendiferðabifreið frá Reykjavík til Keflavíkur að beiðni Kristjáns Viðars Viðarssonar, en hann er ákærður í fyrrnefndu sakadómsmáli fyrir að hafa ásamt fleiri mönnum orðið manni að bana í Dráttarbrautinni í Keflavík að kvöldi þess dags.

Varnaraðili gaf þá skýringu á breyttum framburði sínum, að hann hefði gefið hinar röngu skýrslur vegna hótana rannsóknarmanna um beitingu gæsluvarðhalds.

Auk varnaraðila voru tveir menn kvaddir fyrir rannsóknarlögreglu til skýrslugjafar sama dag vegna máls þessa.

Daginn eftir, hinn 13. s.m., var hið dómtekna sakadómsmál endurupptekið að kröfu vararíkissaksóknara með heimild í 136. gr. laga nr. 74/1974. Gaf þá varnaraðili

framburð. Var dómþingi síðan slitið, og verður ekki séð, hvort frekari dómsrannsókn hafi verið háð í því sakadómsmáli.

Þegar að loknu framangreindu dómþingi háði fulltrúi yfirsakadómara dómþing. Lágu þá frammi þær skýrslur rannsóknarlögreglu, sem teknar höfðu verið daginn áður, þingbók sakadóms úr hinu fyrra þinghaldi og fleiri gögn. Á dómþinginu voru mættir vararíkissaksóknari og rannsóknarlögreglustjóri ríkisins. Bar vararíkissaksóknari þar fram kröfu þá, sem greinir í hinum kærða úrskurði. Var nú dómþinginu frestað, en daginn eftir yfirheyrði sakadómarafulltrúinn varnaraðila um málið. Kvað hann síðan upp sérstakan úrskurð um gæsluvarðhaldsvist varnaraðila, en því næst hinn kærða úrskurð.

Fallast má á þá úrlausn héraðsdómara, að ekki séu efni til að taka mál þetta til dómsrannsóknar að svo stöddu. Verður hinn kærði úrskurður því staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Rétt endurrit staðfestir. Björn Helgason

Hér birt 25. 10. 1977
Kl. 17[10] Sigurður Ólafsson.

Þ.u.s.
Ásgeir Ólafsson.